

**SKOÐUN** Maribo-búi getur valið úr 300 fleiri víntegundum en Selfyssingur, skrifar Pawel Bartoszek. 17



**MENNING** Hönnunarhúsið Atmo við Laugaveg skellir í lás síðar í þessum mánuði. 42



**SPORT** Florentina Stanciu er líklega á leið til Rúmeníu að spila með liði í fæðingarbæ sínum. 38





# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
17. maí 2013
115. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



### Mömmuhlutverkið best

Chloé Ophelia Gorbulew er nýorðin mamma. Hún er búsett í Portúgal og selur þar jógúrtís. Hún kann vel við móðurhlutverkið og hefur aldrei verið hamingjusamari.

**Efnameiri í forgang** Hægt er að kaupa sig fram fyrir á biðlista eftir augnaðgerð. 2

**Nýr meirihluti** Meirihlutinn klofnaði í bæjarstjórn Kópavogs og nýr myndaðist þegar aðalskipulagi var frestað vegna eignarhalds á Vatnsenda. 4

**Viltu verða ráðherra?** Fréttablaðið ræddi við alla oddvita stjórnarflokkanna varðandi um ráðherradrauma. 8




16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | SA | 4 |
| Akureyri | 6° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | S | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | S | 3 |
| Reykjavík | 11° | SA | 3 |

**Bjart með köflum** víða á landinu fram eftir degi en skúrir suðaustanlands. Þykknar upp sunnan og vestan til síðdegis. Heldur hlýnar norðanlands. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Kaffi | Lífið | Fólk




# Pyntinganefnd gagnrýnir aðgerðaleysi í fangelsismálum

Pyntinganefnd Evrópuráðs segir í útgefinni skýrslu að ekki hafi verið unnið vel úr athugasemdum varðandi endurbætur á fangelsum. Fangelsismálastjóri skilur gagnrýnina og segir sum fangelsanna ekki mannsæmandi.

**FANGELSISMÁL** Evrópunefnd um varnir gegn pyntingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu gerir alvarlegar athugasemdir við stöðu fangelsismála hér á landi. Nefndin kom hingað til lands í september í fyrra og heimsótti meðal annars Litla-Hraun, fangelsið á Akureyri, Hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fleiri fangelsi, auk réttargeðdeilda.

Nefndin gerir, í óbirtri skýrslu, alvarlegar athugasemdir um að endurbótum á aðstöðu fanga hafi ekki verið fylgt nógu vel eftir. Skýrslan er unnin eftir heimsókn hennar til landsins og þar segir að íslensk stjórnvöld hafi ekki staðið við fyrirheit um úrbætur vegna athugasemda nefndarinnar eftir síðustu heimsókn nefndarinnar árið 2004.

Gagnrýni nefndarinnar snýr meðal annars að húsakosti fangelsa, aðbúnaði gæsluvarðhaldsfanga og aðgengi fanga að heilbrigðisþjónustu. Einnig setur nefndin út á að ekki séu heildarlög um geðheilbrigðisþjónustu sem taki til geðsjúkra fanga. - hó

## Bíðum eftir nýju fangelsi



**Páll Winkel** fangelsismálastjóri segir að nauðsynlegt hafi verið að reka áfram Hegningarhúsið á Skólavörðustíg og Kópavogsfangelsið þrátt fyrir að byggingarnar henti ekki fyrir fangelsi. „Við erum með biðlista og við erum með fangelsi sem fullnægja ekki nútímakröfum. Fjármagn til að byggja nýtt fangelsi hefur ekki fengist fyrr en nú. Þannig að þessar athugasemdir skil ég vel.“

Páll segir Fangelsismálastofnun hafa gert yfirvöldum grein fyrir stöðunni. Fullur skilningur hafi verið á byggingu nýs fangelsis, en það hafi verið stoppað. „Nefndin gerir skiljanlega athugasemdir við það að því var lofað að loka Hegningarhúsinu og Kópavogsfangelsinu sem og að byggja nýtt fangelsi á Reykjavíkursvæðinu.“



**UNGLÖMB Í ANDA** Glatt var á hjalla á öldrunarheimilinu Lögmannshlíð á Akureyri þegar heimalningur, sem heillað hafði íbúana, fékk fasta búsetu í skúr við heimilið. MYND/HEIÐA

Tónleikar í Höllinni:

## Frank Ocean til Íslands í júlí

**MENNING** Bandaríski tónlistarmaðurinn Frank Ocean, sem er einn vinsælasti tónlistarmaður samtímans, heldur tónleika í Laugardalshöllinni þann 16. júlí.



FRANK OCEAN

„Við erum ótrúlega spenntir fyrir því að hafa náð að landa tónlistarmanni sem er sjóðandi heitur núna,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu, sem flytur tónlistarmanninn inn. „Það síðasta sem hann gerir áður en hann kemur til Íslands er að koma fram á tónlistarhátíð í London með Justin Timberlake. Það sýnir svolítið hversu frægur hann er.“

Ocean varð á síðasta ári einn fyrsti frægi, þeldökki bandaríski tónlistarmaðurinn til að greina opinberlega frá samkynhneigð sinni. - fb / sjá síðu 42




Framlag Íslands komst áfram úr undankeppni Eurovision:

# Beint í rúmið eftir flutninginn



**EUROVISION** Íslendingar komust áfram í undankeppni Eurovision í gærkvöldi. „Þetta var alveg ofboðslega gaman, og gleðilegt að fá annað tækifæri til að syngja þetta lag. Salurinn í kvöld var æðislega orkumikill og sviðið stórt og flott. Þetta var náttúrlega bara upplifun“ sagði Eyþór Ingi í samtali við Fréttablaðið eftir að úrslitin urðu ljós í gærkvöldi.

„Allir elska Eyþór Inga,“ sagði Felix Bergsson, kynnir keppninnar á RÚV, við Fréttablaðið í gærkvöldi. „Allir sem ég hef hitt hafa verið rosalega ánægðir með hann.“

Eyþór Ingi sagðist myndu taka það rólega. „Ætli ég fari ekki bara og leggi mig eftir fréttamannafundinn?“ sagði Eyþór, léttur í bragði. - ósk






## SPURNING DAGSINS



Úlfur, úlfur, úlfur?

**„Já, og úlfurinn er kominn.“**

Úlfur H. Hróbjartsson, formaður Siglingasambands Íslands. Siglingamenn vara sterklega við mörgum stórum göllum og hættum sem fylgi fyrirhugaðri göngu- og hjólabrú yfir Fossvog.

Lögreglan bíður niðurstöðu blóðprufu úr manninum sem grunaður er um níðingsverk gegn stúlku:

# Rannsakar hvort fótur sé fyrir minnisleysi

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem grunaður er um að hafa numið stúlku á ellefta ári á brott með valdi og brotið gegn henni kynferðislega ber við minnisleysi í yfirheyrslum hjá lögreglu. Hann situr nú í einangrun á Litla-Hrauni en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 29. maí næstkomandi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er maðurinn rúmlega þrítugur faðir. Hann er tæknimenntaður og mun hafa mætt til vinnu morguninn sem brotið var framið. Atburðarás dagsins er enn nokkuð óljós en lögreglan rannsakar meðal annars hvort meint minnisleysi mannsins geti stafað af eiturlyfjaneyslu, sé af geðrænum toga eða einfaldlega blekking.

Tekin var blóðprufa úr manninum og rannsakað verður hvort hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna.

Maðurinn á sér sögu um fíkniefnabrot en hefur ekki komið áður við sögu lögreglu vegna ofbeldis.

Maðurinn er sakaður um að hafa numið stúlkuna á brott með valdi er hún labbaði heim úr skóla á þriðjudag.

Hann á að hafa ekið með hana á stað í útjaðri borgarinnar og brotið gegn stúlkunni á grófan hátt.

Stúlkan mun hafa getað gefið greinargóða lýsingu á ferðum bifreiðarinnar sem og útliti og klæðaburði mannsins.

Dómari mun taka skýrslu af stúlkunni í dag. - hó



**LÖGREGLAN** Tekin var blóðprufa úr manninum og rannsakað verður hvort hann hafi verið undir áhrifum fíkniefna.



**HÍBÝLI** Mótmælendur kölluðu „það er skítalykt af bleiku.“ FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brenndu dúkku á krossi í mótmælum í Berlín:

## Barbie fékk kaldar móttökur

**ÞÝSKALAND Kvenréttindasamtök mættu á Alexandertorg í Berlín með brennandi dúkku á krossi við opnun á nýju draumahúsi Barbie þar í borg. Mótmælendur hrópuðu „það er skítalykt af bleiku“ og voru mun fleiri en aðdáendur þessarar frægu leikfangadúkku en innandyra er líkt eftir vistarverum Barbie. Mótmælin snúa að því, að í húsinu sé haldið á lofti gömlum klisjum um hlutverk karla og kvenna.**

**Þetta er annað Barbie-húsið sem er opnað, en annað slíkt var opnað nýlega í Flórída í Bandaríkjunum. Húsið í Berlín verður opið fram í ágúst þangað til það leggur í sýningarferð um Evrópu.** - shá

Elti ræningja dóttur sinnar:

## Móðir tók til örþrifaráða

**BANDARÍKIN** Móðir stúlku í Albuquerque í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum horfði á þegar maður reyndi að taka dóttur hennar upp í bíl sinn. Hún stökk til, upp í eigin bíl og elti manninn um ellefu kílómetra leið. Eltingaleikurinn endaði þannig að móðirin keyrði inn í hliðina á bíl mannsins. Þá kom í ljós að hann hafði skilað dótturinni úr bílnum nokkru áður. Hún var ómeidd. Maðurinn flúði af vettvangi.

Lögreglan leitar nú mannsins, en hefur ekki orðið ágengt. Lögreglan segir lýsingu á manninum jafnframt passa við lýsingu kynferðisafbrotamanns í hverfinu sem enn er leitað. - ósk

Leikarar og stjórnmálamenn:

## Allra augu voru á Eyþóri Inga

**EUROVISION** Leikarar í uppsetningu Þjóðleikhússins á Englum alheimsins brugðu heldur betur út af vananum á sýningunni í gærkvöldi, en þeir gerðu stutt hlé á sýningu sinni til þess að sjá Eyþór Inga syngja í forkeppni Eurovision. Þetta er eflaust í fyrsta og eina skiptið sem hlé er gert á leiksýningu til þess að horfa á Eurovision.

Að sama skapi tóku Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sér hlé á stjórnarmyndunarviðræðum í gærkvöldi til þess að berja Eyþór Inga augum. - ósk

# Efnameira fólk hefur forgang í augnaðgerðir

Þeim sem bíða skurðaðgerðar á augasteini hefur fjölgað um sjötíu prósent á einu ári. Hvorki skortir tækni né starfsfólk til að sinna þessum fjölda, aðeins aukin framlög frá ríkinu. Fólk getur þurft að bíða í allt að tvö ár eftir aðgerð á augum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega tólfhundruð einstaklingar voru á biðlistum fyrir skurðaðgerð á augasteini í febrúar samkvæmt úttekt Landlæknisembættisins. Samkvæmt heimildum blaðsins fjölgar jafnt og þétt í hópi þeirra sem bíða. Um sjötíu prósenta fjölgun hefur orðið á biðlistum frá því á sama tíma í fyrra. Aðeins eru gefin leyfi fyrir ákveðnum fjölda niðurgreiddra aðgerða ár hvert. Tvö fyrirtæki eru í samningi við ríkið auk Landspítalans, Sjónlag og Lasersjón.

„Við sjáum fram á að klára okkar kvóta í júní. En vildum gjarnan þjónusta fleiri. Þetta er mjög þakklátar aðgerðir og þörfin brýnni nú en áður,“ segir Eva María Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri hjá Lasersjón.



**KRISTINN ÓLAFSSON**

Kostnaður við aðgerð af þessu tagi er um hundrað og fimmtíu þúsund krónur, fyrir hvort auga. Fólki stendur til boða að kaupa þjónustuna án aðkomu ríkisins. Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri hjá Sjónlagi, segir að slíkt sé ekki þróun í rétta átt.

„Það býður upp á misskiptingu sem við viljum ekki sjá innan heilbrigðiskerfisins. Meðalaldur þjóðarinnar hækkar og við verðum því að horfast í augu við nýjar leiðir til þess að viðhalda lífsgæðum fólks,“ segir Kristinn.

Hann bendir jafnframt á að með nýjum reglum Sjúkratrygginga, sem innleiddar voru síðasta sumar, leyfist fólki aðeins að skrá aðgerð á einu auga á biðlista. Breytingarnar hafi í för með sér verulega skert lífsgæði þeirra sem bíði aðgerðar á hinu auganu og dæmi eru um að allt að ár líði á milli aðgerða hjá sömu manneskjunni.

„Fólk þarf meðal annars að fá ný gleraugu á meðan það bíður og slíkt hefur ákveðinn kostnað í för með sér. Fyrir utan álagið sem fylgir því að hafa bara um hálfa sjón,“ segir Kristinn.

Athygli vekur að fjöldi aðgerða á ári hefur dregist saman um þrjátíu og sex prósent frá árinu 2010. Samkvæmt skýrslu Landlæknisembættisins má rekja það til sameiningar St. Jósefsspítala og Landspítala. Á St. Jósefsspítala voru gerðar 673 skurðaðgerðir á augasteini árið 2010. Aðgerðum á Landspítala hefur hins vegar ekki fjölgað eftir sameiningu.

„Við erum með sérhæft starfsfólki og fullkomna skurðstofu sem við notum einu sinni í viku. Það er ömurleg nýting,“ segir Kristinn.

maria@frettabladid.is



**MARGIR BÍÐA NÝRRA AUGASTEINA** Í febrúar í 2012 voru 710 einstaklingar á biðlista eftir aðgerð á augasteini, borið saman við þá rúmlega 1200 sem nú bíða. Er um sjötíu prósent fjölgun að ræða.



**AUGNAÐGERÐ** Fjöldi aðgerða hefur dregist saman um 36% frá árinu 2010.




LÓÐIR Í GRÍMSNESI

Frábær greiðslukjör

hitaveita og rafmagnshlið

Upplýsingar gefur Kristín sími 822 2158

leigulidinn@internet.is • www.kerhraun.is


Ritstjórn Fréttablaðsins, fréttastofa Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis:

# Fréttastofur 365 sameinaðar

**FJÖLMIÐAR** Fréttastofur 365, ritstjórn Fréttablaðsins og fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar verða sameinaðar í eina öfluga fréttastofu 365.



**MIKAEL TORFASON,** aðalritstjóri 365 frétta.



**ÓLAFUR STEPHENSEN,** ritstjóri 365 frétta.



**FREYR EINARSSON,** nýr sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

Jafnframt hefur verið ákveðið að fella allan sjónvarpsrekstur annan en þjónustu fréttastofu undir eina stjórn, bæði dagskrársetningu og eigin framleiðslu fyrir opna og lokaða dagskrá Stöðvar 2 og sportstöðva og fylgistöðva Stöðvar 2, sem eru Krakkar, Gull, Bíórásin og PoppTV. Freyr Einarsson mun stýra sjónvarpsrekstri fyrirtækisins.

Loks eru rekstrarmál sem snúa að húsnæði, bifreiðum o.fl. færð frá fjármálasviði og undir stjórn Svans Valgeirssonar sem stýrir þróunar- og rekstrarmálum.

Sameinaðri ritstjórn stýra núverandi ritstjórar Fréttablaðsins. Mikael Torfason verður aðalritstjóri og leiðir sameiningarferlið og Ólafur Þ. Stephensen verður ritstjóri. Áfram verða svo starfandi fréttaog vaktstjórar einstakra miðla.

> **Sameinuð fréttastofa 365 verður sú öflugasta á landinu.**
>
> *Mikael Torfason, aðalritstjóri 365*

„Sameinuð fréttastofa 365 verður sú öflugasta á landinu,“ segir Mikael en sameiningin er rökrétt framhald á aukinni samvinnu ritstjórna undanfarin ár. Yfir hundrað manns vinna á nýrri sameinaðri fréttastofu.

Breytingin mun hafa í för með sér að talsverður hópur fréttamanna vinnur fréttir fyrir alla miðla fyrirtækisins jöfnum höndum. Þá verður til svigrúm fyrir aðra til að fara dýpra í málin í einstökum miðlum. Sameiningin þjónar þannig því meginmarkmiði að viðskiptavinir miðla 365 fái betri fréttaþjónustu.







**NAPOLI BORÐ OG STÓLAR**
Nett og gott garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: B62 x L62 sm.
Borð + 2 stólar fullt verð: **19.990**

**PORTO BORÐ OG 2 BRAVA ARMSTÓLAR**
Garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm.
Sessa og bak úr sterku polyrattan efni. Borð **3.895** Stóll **2.985**

# Úrvalið er í **Rúmfatalagernum!**




**TRAMPÓLÍN**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Trampólín stærð: Ø305 x H70 sm. **29.990**
Öryggisnet hæð: 190 sm. **14.990**
Trampólín Ø305 sm. + öryggisnet **34.990** Stigi **3.995**
Einnig fáanlegt trampólín í stærð: Ø427 **49.990**
Öryggisnet **19.990**
Trampólín Ø427 sm. + öryggisnet **54.990**




**BRESCIA SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, rauðu og bláu.







**EVAN 3 + 2 SÓFASETT**
Fallegt sófasett með gráu tauáklæði.
2ja sæta stærð: L160 H80 x D93 sm. Fullt verð: ~~99.950~~ nú: **59.950**
3ja sæta stærð: L200 H80 x D93 sm. Fullt verð: ~~109.950~~ nú: **69.950**

**THERMO LUX SÆNG OG KODDI**
Góð sæng, fyllt með 2 x 550 gr. af sílikonmeðhöndluðum holtrefjum.
Má þvo á 90°C. Sæng: 140 x 200 sm. Koddi: 50 x 70 sm.

**PARMA FERÐATÖSKUR**
Flottar ferðatöskur með blómamunstri. 3 stærðir fáanlegar
á frábæru verði! Fást í tveimur litum: Svörtu og rauðu.
Stærð: 18" ~~4.995~~ nú: **3.996**
Stærð: 22" ~~8.995~~ nú: **7.196**
Stærð: 26" ~~10.950~~ nú: **8.760**




**BIG VALUE DK BABY GARN**
Einstaklega fallegt garn í mjúkum
litum. Fáanlegt í 5 litum.
Efni: 100% premium akrýll.




1 DOKKA
FULLT VERÐ: 595
446

**GEITUNGAGILDRA**
Fæst í fjórum
flottum litum.



**GENGIÐ**
16.05.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,85 | 123,43 |
| Sterlingspund | 186,9 | 187,8 |
| Evra | 157,97 | 158,85 |
| Dönsk króna | 21,192 | 21,316 |
| Norsk króna | 20,922 | 21,046 |
| Sænsk króna | 18,37 | 18,478 |
| Japanskt jen | 1,196 | 1,203 |
| SDR | 183,04 | 184,14 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
216,0983

Formaður Samtaka atvinnulífsins segir brýnt að ný ríkisstjórn endurskoði landbúnaðarmálin:

# Tollar og gjöld á búvörur verði lækkuð

**EFNAHAGSMÁL** Brýnt er að ný ríkisstjórn kalli Bændasamtökin, aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld til samstarfs um úrbætur á landbúnaðarkerfinu til að komast að niðurstöðu hvernig lækka beri verð til neytenda með því að hagræða og efla samkeppni, lækka tolla og vörugjöld ásamt því að tryggja afkomu bænda.

Þetta sagði Björgólfur Jóhannsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA), á umræðufundi Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja á miðvikudaginn síðastliðinn.

Björgólfur telur mikilvægt að víðtæk samstaða náist um trúverðuga áætlun um að auka framleiðni og verðmætasköpun í hagkerfinu, eins og fram kemur á vef SA. Þá verði það að leiða til þess að hagvöxtur á Íslandi verði meiri en í samkeppnisríkjunum og nái til allra atvinnugreina.

„Að undanförnu hefur skapast mikil umræða um tolla og vörugjöld á landbúnaðarvörur og fram hefur komið að unnt sé að lækka matarreikning heimila um verulegar fjárhæðir verði þessi gjöld lækkuð eða afnumin með öllu,“ sagði hann.

Á heimasíðu SA kemur fram að samtökin hafi kallað eftir stöðugleika í efnahagsmálum, auknum fjárfestingum, endurskoðun skattkerfisins, afnámi gjaldeyrishafta og áherslu á að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins í heild sinni. - sv



**HAGVÖXTUR VERÐI MESTUR HÉR** Björgólfur segir brýnt að hagvöxtur hér á landi verði meiri en í samkeppnisríkjunum á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EIN KENNSLUVÉLA FLUGSKÓLANS** Tveir Ítalir útskrifuðust sem flugmenn í vikunni en námið í skólanum hefur notið vinsælda meðal útlendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Varð vinsælt eftir hrunið:

## 40 útlendingar læra flug hér

**MENNTUN** Hátt í fjörutíu erlendir flugnemar munu leggja stund á verklegt nám í Flugskóla Íslands í ár. Fjöldinn var svipaður á síðasta ári, en eftir fall íslensku krónunnar hefur aðsókn í námið erlendis frá aukist jafnt og þétt.

Flestir nemarnir hafa stundað nám til umbreytingar á bandarískum flugmannsréttindum yfir í evrópsk en aðrir taka lengra nám til útgáfu skírteina frá Flugmálastjórn Íslands, eins og fram kemur í tilkynningu frá Flugskólanum.

Flestir nemendurnir eru frá Ítalíu en koma einnig frá Norðurlöndunum og nokkrum öðrum Evrópulöndum. Tveir ítalskir nemendur luku atvinnuflugmannsprófi við skólann í vikunni. - sv

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Brim fær nýtt skip

Nýr togari bættist í flotann í gær þegar nýtt skip Brims hf., Skálaberg RE 7, kom að bryggju í Reykjavík. Skálabergið var keypt frá Argentínu en var áður gert út frá Færeyjum. Skipið er 74,5 metrar á lengd og 16 metra breitt og mælist 3.435 brúttólestir. Skipið er frystitogari með um 100 tonna frystigetu á sólarhring.

Vöruskortur í Venesúela:

## Salernispappír búinn í landinu

**VENESÚELA** Hratt gengur á nauðsynjar í Venesúela og horfa íbúar landsins nú fram á að allur salernispappír í landinu klárist. AP greindi frá í gær. Fyrir var skortur á mjólk, kaffi, smjöri og mjöli.



**NICOLAS MADURO**

Andstæðar stjórnmálafylkingar kenna hver annarri um skortinn en þolinmæði íbúa landsins er þrotin. Nicolas Maduro forseti, eftirmaður Hugos Chavez, segir að stjórnarandstæðingar séu valdir að skortinum til að reyna að skapa pólitíska ólgu. Stjórn hans tilkynnti í vikunni að von væri á 760 þúsund tonnum af mat og 50 milljón salernispappírsrúllum bráðlega. - shá

Fjöldauppsagnir í Gvæjana:

## Reknir eftir fall á lygaprófi

**ERLENT 21 starfsmanni var sagt upp störfum hjá ríkisreknu orkufyrirtæki, The Guyana Energy Agency, í höfuðborg Gvæjana, Georgetown, í síðustu viku. Brottrekstrinum átti sér stað eftir að starfsmenn, sem grunaðir voru um að þiggja mútur í starfi, féllu allir á lygaprófi sem þeir voru látnir þreyta á vegum fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur áður rekið starfsmenn af sömu ástæðu.**

**Skiptar skoðanir eru uppi um lögmæti lygaprófa, en hefð er fyrir því í Suður-Ameríku að slík próf séu notuð til að koma upp um spillingu. Meðal annars notar lögreglan á svæðinu lygapróf í störfum sínum.** - ósk

# Flækjan á Vatnsenda klýfur meirihlutann

Nýr meirihluti myndaðist í bæjarstjórn Kópavogs þegar breyttu aðalskipulagi var frestað vegna óljóss eignarhalds á Vatnsenda. Oddvitar allra meirihlutaflokkanna urðu undir þegar tveir sjálfstæðismenn og minnihlutinn ákváðu frestun málsins.

**SVEITARSTJÓRNIR** Meirihlutinn í bæjarstjórn Kópavogs klofnaði á þriðjudag þegar afgreiða átti nýtt aðalskipulag.

Gunnar I. Birgisson og Aðalsteinn Jónsson, tveir fjögurra bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, sögðu „óverjandi“ að fella út deiliskipulag í Stapaþingi og Trönuþingi eins og gera ætti. Það myndi rýra verulega verðmæti lands sem bærinn hefði tekið eignarnámi til að nýta sem byggingarland.

„Að auki er mögulegt að slíkur gjörningur geti skapað Kópavogsbæ skaðabótaskyldu gagnvart eigendum Vatnsenda þar sem deilur um hagsmuni fyrri eigenda fría ekki Kópavogsbæ frá gerðum samningum og skuldbindingum vegna eignarnáms jarðarinnar,“ sögðu Gunnar og Aðalsteinn.

Guðríður Arnardóttir úr Samfylkingu lagði þá til hönd minnihlutans um að auglýsingu aðalskipulagsins yrði frestað þar til lögfræðiálit lægi fyrir um hvort umræddar breytingar hefðu áhrif á stöðu bæjarins gagnvart fyrri samningum og framtíðarefndum.

„Í kjölfar nýlega fallins dóms Hæstaréttar um eignarhald á Vatnsenda er það mat undirritaðra að öll skref er tengjast samskiptum við landeigendur á Vatnsenda skuli stíga með mikilli gát,“ sagði í tillögu Guðríðar og fjögurra annarra bæjarfulltrúa.



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**

Frestunartillaga minnihlutans var samþykkt með þeirri breytingu – sem Gunnar lagði til – að fengin yrðu tvö lögfræðiálit en ekki aðeins eitt.

„Það eru fáheyrð vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð á þessum fundi,“ bókaði Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks og samherji þeirra Gunnars og Aðalsteins í meirihlutasamstarfinu. „Sjálfstæðisflokkurinn þarf að líta vel í eigin barm varðandi þau vinnubrögð sem hér hafa verið ástunduð,“ sagði Ómar sem kvað ófaglegt að fresta aðalskipulagi.

„Unnið var af heilindum að aðalskipulagi frá upphafi til þessa dags. Það er því með ólíkindum að við stöndum í þessum sporum hér á lokametrunum og tek ég undir orð Ómars,“ bókaði Rannveig Ásgeirsdóttir, bæjarfulltrúi Y-listans sem er í meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðisflokk og Framsóknarflokk.

Oddviti sjálfstæðismanna, Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri, var á móti frestuninni. Betra hefði verið að auglýsa tillöguna eins og hún var afgreidd af öllum flokkum úr skipulagsnefnd og óska eftir lögfræðiáliti á meðan skipulagið væri í auglýsingu.

Guðríður Arnardóttir sagði mikla hagsmuni í húfi. Frestun á málinu um tvær vikur væri léttvæg í því samhengi. gar@frettabladid.is



2 | FRÉTTIR | FRÉTTABLAÐIÐ 25. apríl 2013 FIMMTUDAGUR

SPURNING DAGSINS

Norska stórlaxaáin Alta í hættu vegna eldislaxa sem sluppu úr sjókvíum:

10 til 15 þúsund laxar sluppu

Hæstiréttur ómerkir dóm:

Nuddaradómur aftur í hérað

Sakar félagana um pólitískar ofsóknir

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, bókaði í bæjarstjórn að ályktanir samflokksmanna hans um talningu gesta í íþróttahúsum einkennist af pólitískum ofsóknum. Misskilningur og stormur í vatnsglasi, segir Gunnar I. Birgisson.

Merkar fornminjar á uppboði hjá Christie's:

Metverð fékkst fyrir risaegg

Áfrýjun Valitors mistókst:

Opni greiðslugátt Wikileaks

Máli Tyrklandsfanga að ljúka:

Ætlar ekki aftur til Tyrklands

Eigendur átta hæða fataverksmiðju sem hrundi í Bangladess í gær:

Virtu öryggistilmæli að vettugi

HVAÐ VILTU VITA? HRINGDU NÚNA! 863 7038

FYRIR FÓLKIÐ Í LANDINU

**FRÉTTABLAÐIÐ 25. APRÍL 2013**
Aðeins nokkrar vikur eru frá því síðast birtust brestir í samstöðu sjálfstæðismanna í meirihlutanum í bæjarstjórn Kópavogs.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÞAÐ HLÝNAR NORÐANLANDS** um helgina og má búast við allt að 16 stiga hita og björtu veðri á Norðausturlandi á laugardag. Vestan til verður lítilsháttar væta á laugardag en rigning á hvítasunnudag.




**Á morgun**
Strekkingur vestan til annars hægari.




**Hvítasunnudagur**
Strekkingur vestan til annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Berlín | 26° | Friedrichshafen | 20° | Las Palmas | 22° | New York | 22° | París | 18° |
| Aþena | 27° | Billund | 20° | Gautaborg | 21° | London | 15° | Orlando | 30° | San Francisco | 18° |
| Basel | 16° | Frankfurt | 18° | Kaupmannahöfn | 21° | Mallorca | 21° | Ósló | 22° | Stokkhólmur | 17° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is*, Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



MARINERAÐ OG MEÐ FERSKUM KRYDDJURTUM

HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

GRILL-LAMBALÆRI
1819 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2598

NÝTT! KRYDDLEGIÐ




TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KJÚKLINGA-BRINGUSKIP
1819 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2799

MARINERAÐUR



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

FERSKUR SILUNGUR
1799 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2399




TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KRYDDLEGNAR GRÍSAKÓTILETTUR
1874 KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2498



**Berry White**
Lífrænir, léttir, ljúffengir og svalandi drykkir. Án viðbætts sykurs. Engin aukefni.

LÍFRÆNT
339 KR/STK




TILBOÐ
299 KR/PK
VERÐ ÁÐUR 469

**Freyju hrís 200g**




**Burn**
með eplum, kiwi og bláum agave



TILBOÐ
999 KR/STK
VERÐ ÁÐUR 1139

**Gulrótarterta**

Gildir til 20. maí á meðan birgðir endast.




KYNNING

**Maarud snakk**
Kynning í Skeifunni og Garðabæ í dag föstudag og á morgun laugardag.

## BAKAÐAR AMERÍSKAR OSTAKÖKUR




The Cheesecake Factory

**Trio ostakökusneiðar**
12 sneiðar - 4 sneiðar af hverri tegund.

NÝTT!

**Daily Chef**
New York ostakaka




**OPNUNARTÍMI** um hvítasunnuna

| | | SKEIFAN GARÐABÆR EIÐISTORG | SMÁRALIND KRINGLAN | HOLTA-GARÐAR SPÖNG | NJARÐVÍK BORGARNES SELFOSS | AKUREYRI |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 18. maí | Laugardagur | 24 TÍMA | 10-20 | 10-20 | 10-18 | 10-24 |
| **19. maí** | **Hvítasunnudagur** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** | **LOKAÐ** |
| **20. maí** | **Annar í hvítasunnu** | 24 TÍMA | 12-20 | 12-20 | 12-18 | 12-24 |

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heitir hetjan sem bjargaði mannslífi þegar báturinn Krummi brann við Arnarstapa?
**2.** Hvaða sjónvarpskona þykir einstaklega ötul og með þeim skemmtilegri á Twitter?
**3.** Hvaða myndlistarmaður gerir hrotur Jóns Gnarr að viðfangsefni sínu í nýju verki?

SVÖR
1. Þorleifur Reynisson 2. Margrét Erla Maack 3. Finnbogi Pétursson

Borgarstjóri í Japan harðlega gagnrýndur fyrir réttlætingu kynlífsþrælkunar í síðari heimsstyrjöld:

# Sagði nauðgunarbúðir hafa verið nauðsyn

**JAPAN** Borgarstjóri japönsku borgarinnar Osaka, hinn þjóðernissinnaði formaður Japanska umbótaflokksins Toru Hashimoto, segist standa við þá skoðun sína að nauðsynlegt hafi verið fyrir hermenn landsins að halda þúsundum kvenna í kynlífsánauð í síðari heimsstyrjöld. Slíkt hafi verið nauðsynlegt til að viðhalda aga og veita þeim slökun. Hann segir að hins vegar hefði hann átt að taka tillit til þess hvernig skoðunum hans yrði tekið á alþjóðlegum vettvangi.

Fórnarlömb kynferðisglæpa japanskra hermanna voru aðallega frá Kóreu og Kína og er talið að ekki færri en 200.000 konum hafi verið haldið nauðugum sem kynlífsþrælum. Þarlend stjórnvöld hafa fordæmt yfirlýsingar Hashimotos en hann segir á móti að kynlífsþrælkun hafi verið viðtekin venja herja í síðari heimsstyrjöld og ósanngjarnt að heimfæra kerfisbundna kynferðisglæpi eingöngu upp á japanska herinn.

Upphaf deilunnar á rætur að rekja til þess að Hashimoto gaf það í skyn við foringja bandaríska hersins í Japan, sem í eru um 50.000 hermenn, að þeir ættu að nýta sér þjónustu vændiskvenna í meiri mæli. Það taldi hann að myndi fækka afbrotum bandarískra hermanna í landinu, sem hafa verið tilefni andúðar eyjarskeggja. - shá



**MÓTMÆLI** Kóresk kona, sem hneppt var í kynlífsánauð í stríðinu, mótmælir orðum borgarstjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


HAFBERG
fiskbúð sælkerans

EUROVISION TILBOÐ

HUMARSÚPA HAFBERGS
1.290 Per/L

XL STÓR KÓNGARÆKJA
3.500 Kr/Kg

M/STÓR HUMAR
5.900 Kr/Kg

XL HUMAR
9.900 Kr/Kg

LAXASTEIKUR Á GRILLIÐ
2.300 Kr/Kg

OPIÐ LAUGARDAG 11-15

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686


# Helmingi minni aukning hjá ÍSAL

Álverið í Straumsvík þarf ekki nema hluta orkunnar sem samið var um við Landsvirkjun. Framleiðslugeta fyrirtækisins verður aðeins aukin um innan við helming þess sem áætlað var. Fyrirtækið mun reyna að leysa málið með Landsvirkjun.

**IÐNAÐUR** Framleiðslugeta álversins í Straumsvík verður aðeins aukin í 205 þúsund tonn á ári, en ekki 230 eins og fyrirhugað hafði verið. Þetta þýðir að fyrirtækið hefur ekki not fyrir nema rúm 28 af þeim 75 megavöttum sem það hafði samið við Landsvirkjun um.



**ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON**

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa tæknilegir örðugleikar sett strik í reikninginn. Ætlunin var að auka strauminn sem notaður er og framleiðsluna þannig með. Í tilkynningu frá fyrirtækinu, sem barst í gær, segir að ekki hafi verið talið fýsilegt að verja meiri fjármunum en þegar hefur verið gert til að ná fram framleiðsluaukningunni.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Rio Tinto Alcan á Íslandi, segir að fyrirtækið sé með samning við Landsvirkjun um 75 viðbótarmegavött.

„Sá samningur er til 2036 og hann er enn þá í gildi. Núna þurfum við bara að setjast niður með Landsvirkjun og fara aðeins yfir hvað þetta þýðir og hvernig við leysum úr þessari stöðu sem er komin upp. En samningurinn gildir enn."

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði í Fréttablaðinu í gær að ljóst væri að seinkun yrði á verkefninu, en vísaði að öðru leyti á forsvarsmenn álversins. Ekki náðist í hann í gær.



**STRAUMSVÍK** Framleiðsla álversins verður aukin um átta prósent í stað þeirra tuttugu sem stefnt hafði verið að. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Fer orkan til Helguvíkur?

Tæp 47 megavött standa út af miðað við samning við Landsvirkjun, þegar orkuþörf álversins í Straumsvík hefur verið uppfyllt. Náist samningar á milli Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan um að síðarnefnda fyrirtækið losni undan kaupum á orku sem það þarf ekki er hægt að nýta hana í annað. Búðarhálsvirkjun verður tekin í gagnið fyrir áramót, en framleiðslugeta hennar er 95 MW. Hún var meðal annars reist til að mæta þörfinni í Straumsvík, en eftir breyttar áætlanir eru þar eftir 67 MW sem gætu fyllt betur út í orkumyndina í Helguvík.

Kostnaður við framleiðsluaukninguna var áætlaður um 57 milljarðar og í tilkynningu fyrirtækisins segir að hann verði vart undir því. Nú þegar hafi yfir 50 milljörðum verið varið í verkefnið, sem og breytingar á framleiðsluaðferðum og það að auka rekstraröryggi. Þá hafi verkefnið skapað yfir 600 ársverk, eins og áætlað var.

„Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á aðra meginþætti fjárfestingarverkefnisins í Straumsvík, það er að skipta að fullu yfir í framleiðslu á stöngum í stað barra og að auka afkastagetu lofthreinsivirkja. Rétt er að leggja áherslu á að í dag vinna um 150 manns að þeim verkefnum sem haldið verður áfram með." kolbeinn@frettabladid.is

Tólf hafa látið lífið í fellibylnum Mahasen í Bangladess:

# Milljón manna flutt á brott

**BANGLADESS** Fellibylur gekk yfir strandsvæði Bangladess í gær. Tólf eru látnir og þúsundir húsa hafa eyðilagst svo um milljón íbúar strandsvæðanna hafa neyðst til að flýja.

Í frétt BBC kemur fram að veðrið náði ekki þeim styrk sem óttast var, en fellibylurinn gengur undir nafninu Mahasen. Þegar veðrið skall á náði vindstyrkurinn um 100 kílómetrum á klukkustund með mikilli rigningu og flóðum.

Sameinuðu þjóðirnar höfðu varað við því að yfir átta milljónir manna væru í hættu vegna veðursins á stórum svæðum í Bangladess, Búrma og norðausturhluta Indlands.

Samkvæmt upplýsingum frá yfirvöldum í Bangladess hafði tæplega ein milljón manna verið flutt frá ströndinni í 3.200 neyðarskýli. Flugvöllum í Chittagong, einni stærstu borg landsins, og í ferðamannahéraðinu Cox Bazar var lokað. Skólar og hótel hafa verið gerð að neyðarskýlum og voru troðin af fólki á meðan stormurinn lét sem verst. Hann var talinn ganga niður að mestu í nótt. - shá



**EYÐILEGGING** Fellibylurinn eyðilagði heimili þúsunda þegar hann gekk á land. NORDICPHOTOS/AFP



# 2 AF HVERJUM 10
HAFA SAFNAÐ FYRIR HÚSNÆÐI

HVITA HÚSIÐ/SÍA 13-0651

## FYRIR HVERJU
LANGAR ÞIG AÐ SAFNA?

Einfaldasta leiðin til að safna fyrir því sem þig langar í er að setja þér markmið og leggja fyrir.

Þú getur nýtt þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir Arion banka í ýmsum tilgangi, til lengri eða skemmri tíma, með stór eða smá markmið.

**STEFNIR – SAMVAL** er blandaður fjárfestingarsjóður sem nýtir þau fjárfestingartækifæri sem rekstraraðili telur best á markaði hverju sinni. Með því fæst virk eignastýring í skuldabréfum, hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum í einum sjóði.

Farðu inn á **arionbanki.is/sparnaður** og skoðaðu hvernig þú nærð þínum markmiðum eða hafðu samband við næsta útibú Arion banka.

STEFNIR – SAMVAL
NAFNÁVÖXTUN




Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur innlenda og alþjóðlega verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá Stefni hf. **Árangur í fortíð er ekki örugg vísbending eða trygging fyrir árangri í framtíð.**

Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans og fjárfestingarstefnu, má finna í útboðslýsingu, og í útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir.

Arion banki

Samkvæmt sparnaðarkönnun Capacent og Arion banka

Já heiðrar Landsbjörgu:

# Sjálfboðaliðar í Símaskránni

**ÚTGÁFA** Símaskráin 2013 verður tileinkuð sjálfboðaliðum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þá styrkir fyrirtækið Já félagið um eina milljón króna sem skipt er samkvæmt óskum þakklátra sögumanna í Símaskránni.

Meðal frásagna sem fram koma í skránni er ein frá Hjálmari Friðbergssyni, sem segir frá því hvernig björgunarsveitirnar björguðu honum og fermingarveislunni hans úr hremmingum á Steingrímsfjarðarheiði. - sv

Annar formaður Bjartrar framtíðar verður líka tvöfaldur framkvæmdastjóri:

# Heiða ráðin til þingflokksins

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Bjartrar framtíðar ákvað á mánudag að ráða Heiðu Kristínu Helgadóttur, annan tveggja formanna flokksins, sem framkvæmdastjóra þingflokksins. Þessi ákvörðun var svo staðfest á stjórnarfundi Bjartrar framtíðar daginn eftir.

Heiða Kristín skipaði annað sætið á lista Bjartrar framtíðar í Reykjavíkurkjördæmi norður í nýafstöðnum þingkosningum en náði ekki kjöri.

Hún segist áfram munu starfa sem annar tveggja formanna flokksins og taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu. Hins vegar hafi hún ákveðið að taka þetta starf að sér til að geta unnið náið með þingflokknum þrátt fyrir að eiga ekki sæti á þingi.



„Gott utanumhald skiptir máli og er vanmetið í pólitík,“ segir Heiða, sem segist hafa miklar skoðanir á því hvernig innra starf flokksins eigi að vera. „Við erum búin að byggja upp net allt í kringum landið og viljum ekki glutra því niður.“

Heiða verður áfram framkvæmdastjóri Besta flokksins í borginni, að minnsta kosti fyrst um sinn, og gegnir því í raun þremur störfum í einu. - sh

Mannabreytingar í stjórn:

# Stjórnarmenn hjá DV hætta

**VIÐSKIPTI Ólafur Magnús Magnússon er hættur í stjórn DV en hann hefur verið stjórnarformaður félagsins. Þá hafa Lilja Skaftadóttir Hjartar og Eiríkur Grímsson einnig hætt í stjórninni. Viðskiptablaðið greindi frá.**

**Þorsteinn Guðnason er nýr stjórnarformaður DV en auk hans skipa stjórnina nú Elín Guðrún Ragnarsdóttir, Guðmundur Jón Sigurðsson, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir og Reynir Traustason.** - mþl



**VIÐ KÓPAVOGSLÆK** Hornsílin halda lendum sínum óskiptum.

Kópavogslækur óbreyttur:

# Engin laxaseiði í bæjarlækinn

**SVEITARSTJÓRNIR** Ekkert verður af því að laxa-, urriða- og silungaseiðum verði sleppt í Kópavogslæk og Kópavogstjörn eins og Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, lagði til.

Þegar málið kom til endanlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar lagði einn stuðningsmannanna, Ólafur Þór Gunnarsson úr VG, til að bætt yrði við ákvæði um að sérstaklega yrði horft til þess að Kópavogur sé friðaður og til nýrra náttúruverndarlaga. Það dugði ekki til og tillagan féll með þremur atkvæðum gegn fimm. - gar

**ÖRYGGISMÁL**

## Bátur dreginn í land

Björgunarskip Landsbjargar, Gunnar Friðriksson á Ísafirði, var kallað út í gær vegna báts sem varð vélarvana við mynni Ísafjarðardjúps. Um var að ræða lítinn plastbát með einn mann um borð. Tók það björgunarskipið rúma klukkustund að komast á staðinn en þá hafði nærstaddur bátur dregið þann bilaða frá landi. Björgunarskipið dró bátinn til hafnar í Bolungarvík.



**Maður er náttúrulega í pólitík til að hafa áhrif, þannig að það er eðlilegt að þeir sem eru í pólitík sækist eftir því ef krafta þeirra er óskað í slík störf.**

*Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti í Suðurkjördæmi og varaformaður*



**Já, ég er tilbúin að axla þá ábyrgð.**

*Eygló Harðardóttir, oddviti í Suðvesturkjördæmi*



**Ég get ekki kommentað á þetta núna.**

*Frosti Sigurjónsson, oddviti í Reykjavík norður*



**Já, já, ég held að það hljóti nú allir að sækjast eftir því, en það er ýmislegt annað sem þarf að vinna og maður tekur því sem að höndum ber.**

*Gunnar Bragi Sveinsson, oddviti í Norðvesturkjördæmi*



**Ég er í pólitík til að hafa áhrif, það er mitt svar, til að bæta okkar góða samfélag.**

*Vigdís Hauksdóttir, oddviti í Reykjavík suður*

## Sækist þú eftir því að verða ráðherra?



**Já, að sjálfsögðu.**

*Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti í Reykjavík suður og varaformaður*



**Ég kommenta ekkert á þetta fyrr en við erum komin með þetta í saumana. Klárum þetta og sjáum hvernig þetta lítur út.**

*Kristján Þór Júlíusson, oddviti í Norðausturkjördæmi og annar varaformaður*



**Gera það ekki allir sem taka þátt í stjórnmálum?**

*Ragnheiður Elín Árnadóttir, oddviti í Suðurkjördæmi*



**Jú, ég geri það auðvitað. En ég veit auðvitað ekkert á þessari stundu hvernig ráðherraskipting verður.**

*Einar K. Guðfinnsson, oddviti í Norðvesturkjördæmi*



**Ég er tilbúinn til að taka að mér öll þau störf sem formaðurinn og flokkurinn treysta mér til.**

*Illugi Gunnarsson, oddviti flokksins í Reykjavík norður*

# Góð aðsókn að ríkisstjórn

Oddvitar verðandi stjórnarflokka eru að máta sig í ráðherrastóla. Enginn þeirra vill útiloka setu á ráðherrastóli, ekki einu sinni annar varaformaður Sjálfstæðisflokks sem má þó ekki gegna embætti ráðherra.

**STJÓRNMÁL** Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eru átta og verði þeim ekki fjölgað þeim mun meira er ljóst að ekki verða allir oddvitar framboðslista stjórnarflokkanna ráðherrar. Fréttablaðið hringdi í þá alla en sleppti þó formönnunum þar sem ólíklegt verður að teljast að þeir myndi ríkisstjórn án eigin þátttöku.

Heimildir Fréttablaðsins herma að ráðherrum verði fjölgað um að minnsta kosti einn, ef ekki tvo. Hvort sem verður munu ekki allir oddvitarnir komast í ráðherrastóla.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur lýst því yfir að hann muni hafa jafnt kynjahlutfall ráðherra. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, hefur ekki gefið út álíka yfirlýsingu. Lög flokksins eru þó býsna skýr:

„Við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins sem og við val á framboðslista hans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40% nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu. Jafnréttisnefnd og LFK skulu eftir þörfum vera til ráðgjafar um að ná markmiði þessu fram.“

Lög Sjálfstæðisflokksins herma að annar varaformaður geti ekki gegnt ráðherraembætti. Kristján Þór Júlíusson, oddviti flokksins í Norðausturkjördæmi, gegnir því embætti og ætti því ekki að koma til greina sem ráðherra. Nokkrir heimildarmenn hafa þó nefnt það við Fréttablaðið að mögulegt sé að hann hætti sem annar varaformaður, en hann var kosinn til þess embættis í febrúar.

Kristján Þór gefur lítið fyrir slíkar sögusagnir. „Menn eru alltaf að velta öllu fyrir sér,“ segir hann og vill ekki útiloka ráðherraembætti.

kolbeinn@frettabladid.is

AÐALFUNDUR
KATTAVINAFÉLAGS ÍSLANDS 2013
haldinn í Kattholti þriðjudaginn 28. maí kl.20.00

Fundarefni:

1. Kosning fundarstjóra
2. Kosning ritara
3. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2012
4. Ársreikningar félagsins 2012
5. Ársreikningar Nórusjóðs 2012
6. Val á löggiltum endurskoðanda
7. Kosning stjórnar
9. Kosning formanns
10. Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn og gefa kost á sér til starfa fyrir félagið.

Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar veitt við hátíðlega athöfn í Höfða:

# Kvennaathvarfið verðlaunað

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það sem stendur upp úr er gleði og þakklæti,“ segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.

Samtökin fengu afhent Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar í gær við hátíðlega athöfn í Höfða á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar.

„Það er frábær tilfinning að upplifa að borgaryfirvöld horfi á þennan málaflokk og standi við bakið á þeim grundvallarmannréttindum sem eru að búa við öruggt heimili,“ segir Sigþrúður.

Samtök um kvennaathvarf voru stofnuð árið 1982, og hafa því verið starfrækt í rúm 30 ár. Í upphafi voru úrtöluraddir sem sögðu ekki vera þörf á slíkri þjónustu hérlendis, annað kom þó á daginn og hafa þrjú þúsund og fjögur hundruð konur dvalið í Kvennaathvarfinu, margar þeirra með börn.

„Þetta er löng saga og það eru margir sem hafa komið að þessu með okkur og það eru ekki síst konurnar sjálfar sem hafa kennt okkur hvernig reka á kvennaathvarf. Þær eru það mikilvægasta í þessu öllu saman,“ segir Sigþrúður.

Mannréttindaverðlaunin eru veitt árlega einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. - mlþ



**VEITING VERÐLAUNANNA** Elsa Yeoman, forseti borgarstjórnar, ásamt Sigþrúði Guðmundsdóttur, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins, sem tók við verðlaununum.

Tilboðin gilda 16. - 22. maí

netto
Kræsingar & kostakjör

# BEBIKO BLEIUR 998 KR.

## & BEBIKO BLAUTKLÚTAR FYLGJA FRÍTT MEÐ !




| | |
|---|---|
| Bebiko Bleiur Midi 4-9kg | 50 stk |
| Bebiko Bleiur Maxi 8-19kg | 44 stk |
| Bebiko Bleiur Maxi+ 9-20kg | 38 stk |
| Bebiko Bleiur Junior 11-25kg | 32 stk |

...& BEBIKO Blautklútar 72 stk

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Fataframleiðsla til betri vegar?

**Fjöldi alþjóðlegra fatafyrirtækja hefur skrifað undir bindandi samning sem skuldbindur þau til að bæta aðstæður verkafólks í Bangladess. Bandarísk fyrirtæki taka þó fæst þátt og segjast ætla að grípa til aðgerða sjálf. Stjórnvöld lofa líka umbótum. Hrun byggingar fyrir þremur vikum hefur beint sjónum heimsins að bágu ástandi í fataiðnaði, sem hefði þó mátt hafa verið mörgum ljóst um langt skeið.**

Segja má að tvö skref hafi verið tekin í átt að bættum kjörum og aðstæðum verkafólks í fataverksmiðjum í Bangladess í vikunni. Byggingarhrunið mannskæða við Rana-torg í Dhaka þann 24. apríl beindi sjónum heimsins að oft ömurlegum aðstæðum verkafólks sem starfar í stærsta útflutningsiðnaði landsins; fataframleiðslu sem að mestu leyti fer til Vesturlanda.

**H&M hóf skriðu undirskrifta**

Fjölmörg stór fatafyrirtæki skrifuðu í vikunni undir bindandi samkomulag um bættar aðstæður í fataverksmiðjum í landinu. Verkalýðsfélög höfðu um nokkurt skeið reynt að fá vestrænu fatarisana til þess að skrifa undir samkomulag af þessu tagi en fram að slysinu höfðu aðeins tvö fyrirtæki skrifað undir. Þeirra á meðal var móðurfyrirtæki Calvin Klein og Tommy Hilfiger. Þrýstingur á fyrirtækin að grípa til aðgerða jókst mikið í kjölfar slyssins og á mánudag tilkynnti H&M að fyrirtækið hygðist skrifa undir samkomulagið. Sænski fatarisinn er stærsti kaupandi fata frá Bangladess og hafði ákvörðunar hans verið beðið. Í kjölfarið fylgdu C&A, Primark, Tesco og móðurfyrirtæki Zöru og þegar fresturinn til þátttöku rann út á miðvikudag hafði fjöldi fyrirtækja skrifað undir.

**Bandarísku fyrirtækin taka ekki þátt**

Fyrirtækin skuldbinda sig til að taka þátt í kostnaði við að bæta brunavarnir og öryggismál í verksmiðjunum. Samkomulagið er víðfeðmt og bindandi samkvæmt lögum næstu fimm árin. Markmiðið er að byggja upp fataiðnað „þar sem enginn starfsmaður þarf að óttast eldsvoða, hrun bygginga eða önnur slys sem hægt væri að koma í veg fyrir með skynsamlegum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum,“ segir í samkomulaginu. Ef fataverksmiðjurnar taka ekki þátt eða uppfylla ekki kröfur þurfa fyrirtækin að veita þeim áminningu og ef ekkert batnar þurfa þau að hætta að versla við verksmiðjurnar.

Mörg bandarísk stórfyrirtæki taka ekki þátt í samningnum, heldur segjast ætla að gera umbætur sjálf með öðrum hætti. Walmart, sem er stærsti smásali heims, er þar fremst í flokki.

**Stjórnvöld lofa líka bótum – en hafa gert það áður**

Bent hefur verið á að jafnvel þótt alþjóðlegu fyrirtækin grípi til þessara aðgerða dugi það ekki til að gera aðstæður verkafólks mannsæmandi. Vinnulöggjöfin í landinu er brotakennd og lágmarkslaun þau lægstu í heiminum. Hitt skrefið sem stigið var í vikunni var loforð ríkisstjórna landsins um breytingar á vinnulöggjöfinni til þess að bæta réttindi verkafólks. Meðal þess sem kveður á um í lögunum er réttur fólks til að mynda frjáls verkalýðsfélög án samþykkis eigenda verksmiðjanna og hækkun lágmarkslauna.

Gagnrýnendur hafa þó bent á að stjórnvöld í landinu hafa áður lofað umbótum í þessum iðnaði án þess að við það hafi verið staðið. Þá hefur verið gagnrýnt að í tillögunum er ekki tekið fyrir það að eigendur verksmiðja reki hreinlega þá starfsmenn sem taka þátt í verkalýðsstörfum.

**Samkomulaginu fagnað víða**

Alþjóðavinnumálastofnunin fagnar samkomulaginu og frumkvæði stéttarfélaga og fatafyrirtækja. „Nauðsyn bráðra umbóta í öryggismálum krefst samstöðu,“ segir meðal annars í tilkynningu stofnunarinnar, sem kom að gerð samkomulagsins. Hún segist tilbúin til að styðja við áætlunina og ætlar að halda áfram að ýta á að stjórnvöld og eigendur verksmiðjanna standi við þær umbætur sem lofað hefur verið, meðal annars að bæta vinnulöggjöfina í landinu svo hún standist alþjóðleg viðmið.

Fleiri hafa fagnað samkomulaginu. „Núna er þetta besti möguleikinn til þess að breyta aðstæðum til hins betra í Bangladess,“ segir Dara O´Rourke, prófessor við Berkeley-háskóla. Hún segir fjarveru fyrirtækja eins og Walmart æpandi. „Þeir ættu að nota markaðsaðstöðu sína ásamt öðrum smásölum til þess að hafa jákvæð áhrif á iðnaðinn í Bangladess.“







**Vertu í sterku sambandi við Listahátíð** á stærsta farsímaneti landsins.

Síminn fagnar Listahátíð í Reykjavík og gerir öllum Íslendingum kleift að fylgjast með Vessel Orchestra, opnunaratriði Listahátíðar í ár, í beinni útsendingu.

Fylgstu með á slóðinni www.siminn.is/listahatid í dag. Bein útsending hefst frá Miðbakka kl. 17.45.

**38$** eða tæplega 4.700 íslenskar krónur eru lágmarkslaun verkafólks í Bangladess. Lágmarkslaunin eru þau lægstu í heiminum.

**80%** starfsmanna í fataverksmiðjum eru konur, margar hverjar eru ómenntaðar og úr strjálbýlum þorpum.

**2** Bangladess er annar stærsti útflytjandi fata í heiminum, á eftir Kína.

**80%** útflutnings frá landinu eru föt.

**60%** fatanna fara til Evrópu.

**5000** fataverksmiðjur eru í landinu og 4,5 milljónir manna vinna beint eða óbeint í fataiðnaðinum.

C&A DOROTHY PERKINS next PRIMARK



**RANA-TORG** 1.127 manns létust þegar byggingin við Rana-torg hrundi í lok apríl. Byggingin var ólögleg og ekki ætluð til verksmiðjunotkunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÚSTALEIT** Björgunarlið og hermenn leita í rústum verksmiðju í Kampong Speu-héraði í Víetnam, rétt vestan við höfuðborgina Pnom Pen, eftir að þak skóverksmiðju hrundi 16. maí. Að minnsta kosti tveir verkamenn létust.
NORDICPHOTOS/AFP

## Ekki bara slæmt ástand í Bangladess

Hluti af skóverksmiðju í Kambódíu hrundi á miðvikudag með þeim afleiðingum að minnst tveir létust og sjö slösuðust. Verksmiðjan framleiðir skó fyrir íþróttamerkið Asics, sem hefur meðal annars notið vinsælda hér á landi. Slysið er áminning um að ekki er nóg að bæta aðstæður verkafólks í Bangladess heldur eru föt og skór framleidd við slæmar aðstæður víða annars staðar. „Fyrirtæki í öðrum löndum reyna líka að halda verðinu niðri með því að spara í öryggi starfsmanna,“ segir Phil Robertson hjá Mannréttindasamtökunum Human Rights Watch.

Alþjóðavinnumálastofnunin gaf út skýrslu um ástandið í Kambódíu í síðasta mánuði og kallaði eftir því að athygli yrði beint að brotum í öryggismálum í fataiðnaðinum í landinu. Í skýrslunni kom meðal annars fram að hiti í verksmiðjum væri allt of mikill, brotið væri á frítökurétti og starfsfólk hefði ekki nægan aðgang að drykkjarvatni.




ENNEMM / SÍA / NM57926

Síminn




**GOOGLE** Skattamál stórfyrirtækja eru víða til athugunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bresk stjórnvöld æf:

## Argast í Google vegna skatta

**BRETLAND Forsvarsmenn tæknirisans Google sátu undir harðri gagnrýni breska þingsins í gær vegna skattamála fyrirtækisins. Fullyrt var að fyrirtækið spilaði með regluverk skattamála til að forðast greiðslur í sameiginlega sjóði Breta.**

**Fyrir breskri þingnefnd fullyrti aðstoðarforstjóri Google, Matt Brittin, að fyrirtækið færi að lögum í stóru sem smáu.**

**Google er aðeins eitt þeirra stórfyrirtækja sem hafa legið undir ámæli vegna skattamála. Í þeim hópi eru Amazon, Facebook og Starbucks. Google hefur undanfarin ár greitt 0,1% af tugmilljarða veltu í skatta í landinu, segir í frétt AP.** - shá

**MENNTAMÁL**

### Nýr skólameistari í VA

Menntamálaráðherra hefur skipað Elvar Jónsson í embætti skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands (VA) til fimm ára. Elvar hefur BA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og hefur auk þess lokið kennsluréttindanámi á meistarastigi frá Háskólanum á Akureyri. Hann hefur kennt við VA síðan 2010.

# Háskólaumhverfið er byggt á 300 ára gömlu módeli

Mark C. Taylor, forseti trúarbragðafræðideildar Columbia-háskólans, vill láta taka fyrir fastráðningar prófessora, nota tækni í auknum mæli við kennslu, koma nemendunum úr hefðbundnum kennslustofum og stuðla að meiri fjölbreytni í námi. Dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands, Arnfríður Guðmundsdóttir, tekur undir.

**MENNTUN** „Það er ljóst að við þurfum að laga okkur að nýjum tímum. Hversu lengi þurfum við á kennslustofum að halda í Háskólanum? Þar sem allt að 300 manns sitja í einum hnapp og hlusta á kennara lesa af glærum?“ sagði Arnfríður Guðmundsdóttir, dósent við guðfræðideild HÍ, í samtali við Fréttablaðið.

Mark C. Taylor, forseti trúarbragðafræðideildar í Columbia-háskóla í New York, spurði áleitinna spurninga á fyrirlestri í Háskóla Íslands á miðvikudaginn um umhverfi háskóla almennt. „Hann vakti athygli á siðferði þess að mennta fólk sem við vitum að fær ekki vinnu, þá sérstaklega innan akademíunnar.“

Mark Taylor varar jafnframt við því að háskólar, eins og þeir eru uppbyggðir í dag, framleiði fræðimenn sem enginn markaður sé fyrir. Hann segir háskólasamfélagið í dag, sérstaklega hvað varðar framhaldsmenntun, einkennast af því að prófessorar sem hafi þröngt áhugasvið hvetji nemendur sína til að rannsaka þröng svið fræðigreina í námi sínu, svið sem þeir sjálfir hafi áhuga á. Þannig verði nemendur klón af kennurum sínum; meira og meira efni er gefið út, en sértæk viðfangsefni hafa orðið til þess að þessar útgáfur leiða sjaldan eitthvað nýtt í ljós.

„Módelið fyrir háskólaumhverfi eins og við þekkjum það er yfir 300 ára gamalt. Það er ljóst að breytinga er þörf en

> **Ég held að það sé nauðsynlegt skref í átt að þessum breytingum að taka beinlínis fyrir allar fastráðningar prófessora...**
>
> *Mark C. Taylor, deildarforseti í Columbia-háskóla*

það er eins og háskólarnir, og starfsfólk þeirra, vilji ríghalda í óbreytt ástand,“ sagði Taylor í samtali við Fréttablaðið. „Ég held að það sé nauðsynlegt skref í átt að þessum breytingum að taka beinlínis fyrir allar fastráðningar prófessora, breyta þeim í sjö ára starfssamninga sem svo er hægt að framlengja ef samstarfið skilar árangri og báðir aðilar eru ánægðir að þessum sjö árum loknum,“ bætir hann við.

Taylor bendir enn fremur á að í Bandaríkjunum sé námið orðið alltof dýrt, sérstaklega í því umhverfi sem nú er, þegar erfitt er fyrir menntað fólk að fá vinnu við sitt hæfi. „Námslán í Bandaríkjunum eru orðin hærri í heildina en öll kreditkortaskuld Bandaríkjamanna.“

Taylor talar um sex skref sem séu mikilvæg fyrir háskólasamfélagið að taka til að bæta úr þessari stöðu. Meðal annars vill hann nota internetið og tækni á framsæknari hátt, og koma þannig á samstarfi á milli skóla um allan heim.

olof@frettabladid.is



**HÁSKÓLANEMAR** Dósent við guðfræðideild HÍ segir nauðsynlegt að skólinn lagi kennslu að nýjum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


hagar

**Aðalfundur Haga hf. 7. júní 2013**

Aðalfundur Haga hf., kt. 670203-2120, verður haldinn föstudaginn 7. júní 2013 og hefst hann kl. 09:00 á 20. hæð í Turninum, Smáratorgi í Kópavogi.

**Dagskrá fundarins:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2012/13.
4. Tillaga að nýjum samþykktum félagsins.
   - Lögð verður fram tillaga að nýjum samþykktum þar sem þær hafa verið endurskoðaðar í heild sinni. Greinargerð um helstu breytingar er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins og vefsíðu þess, www.hagar.is
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
7. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda.
8. Tillögur stjórnar um arðgreiðslustefnu.
9. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ársreikning og önnur gögn, ásamt upplýsingum um póstatkvæðagreiðslu, rétt hluthafa til að bera fram tillögur og framboð til stjórnar er að finna á vefsíðu félagsins, http://www.hagar.is/hluthafaupplysingar/adalfundur-/

Stjórn félagsins vill einnig árétta að forsvarsmenn hluthafa sem sækja fundinn, þ.e. forsvarsmenn fyrirtækja, lífeyrissjóða, fjárfestingasjóða, einstaklinga og annarra hluthafa ber að skila umboði við skráningu inn á fundinn. Einnig verða einstaklingar beðnir um að framvísa persónuskilríkjum.

**Stjórn Haga hf.**


## NORÐURLÖND




### Evrur í dönskum hraðbönkum

**1** **DANMÖRK** Þeir Danir sem vilja hafa með sér reiðufé í utanlandsferðir þurfa nú ekki lengur að standa í röð inni í banka. Í hraðbönkum nokkurra banka er nú hægt að taka út evrur. Til að byrja með verður hægt að taka út evrur án sérstaks gjalds, að því er haft er eftir fulltrúa Danske Bank á vef Politiken. Hjá Jyske Bank verður gjaldið það sama og hjá gjaldkera í banka.

### Foreldrar í 17 ára fangelsi

**2** **NOREGUR** Foreldrarnir í Noregi sem í gær voru dæmdir í 17 ára fangelsi fyrir ofbeldi og kynferðisbrot gegn þremur sonum sínum áfrýjuðu strax dóminum. Fram kemur í dómsúrskurði að foreldrarnir hafi beitt yngstu synina tvo kynferðisofbeldi í mörg ár. Sannað þykir að foreldrarnir hafi beitt elsta soninn, sem er 17 ára og stjúpsonur föðurins, ofbeldi frá því að hann var sex ára. Hinir drengirnir eru nú sex og sjö ára.

### Samvinna um Natóaðild

**3** **SVÍÞJÓÐ** **Fredrik Reinfeldt**, forsætisráðherra Noregs, og Jyrki Katainen, forsætisráðherra Finnlands, greindu frá því í gær að samvinna yrði milli landanna um mögulega aðild að Atlantshafsbandalaginu, NATO. Þeir lögðu hins vegar áherslu á að aðild væri ekki á dagskrá nú. Fylgi Svía við aðild að NATO mælist nú 32 prósent en var 23 prósent 2011.






Sæktu um lykil núna á ob.is



# Jibbý! Ísland komst áfram.

# -16 kr.

ÍB olís Í DAG MEÐ ÓB-LYKLINUM
Á ÓB- OG OLÍS-STÖÐVUM

Við lofuðum 10 krónum og einni aukalega fyrir hvert umslag sem opnað yrði áður en nafn Íslands kæmi upp. Við komum upp úr umslagi nr. 6. Þess vegna fá ÓB-lykilhafar 16 kr. afslátt í dag.

## Gleðiveðbankinn – hver heldur þú að sigri í Eurovision?

**Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og taktu þátt í skemmtilegum leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti með gull-, silfur- eða bronslykli!**



**ÓB-GULLLYKILL**
**-20 kr.**
af lítranum
í 10 skipti



**ÓB-SILFURLYKILL**
**-15 kr.**
af lítranum
í 10 skipti



**ÓB-BRONSLYKILL**
**-10 kr.**
af lítranum
í 10 skipti

Afsláttur gull-, silfur- og bronslykils bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur vegna markatölu bætist ekki við annan afslátt.

**Á sunnudaginn verður svo afsláttur í takt við sætið sem Ísland lendir í á úrslitakvöldinu. Hafðu lykilinn kláran!**

ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA • 131210

# nettó
Kræsingar & kostakjör



## SURF & TURF
NAUTALUNDIR ERLENDAR

**3.499**

ÁÐUR 4.729 KR/KG

# HUMARVEISLA Í NETTÓ !

**26% AFSLÁTTUR**



### HUMAR 2KG.
ASKJA

**2.999** KR/KG

5.998 KR/ASKJAN

### HUMAR 1KG.
SKELBROT

**1.877**

ÁÐUR 2.980 KR/KG

**37% AFSLÁTTUR**



### GRÍMS HUMARSÚPA
420ML- FROSIN

**499**

ÁÐUR 665 KR/STK

**25% AFSLÁTTUR**

### ORA FISKISÚPA
400ML - FROSIN

**399**

ÁÐUR 499 KR/STK

**20% AFSLÁTTUR**



### KANADAHUMAR
450GR STK

**1.990**

ÁÐUR 2.398 KR/STK

### KANADAHUMAR
325GR STK

**1.594**

ÁÐUR 1.898 KR/STK



### BAGUETTE
280G

**115**

ÁÐUR 229KR/STK

### BAGUETTE
440G

**199**

ÁÐUR 398KR/STK

**50% AFSLÁTTUR**



### FAGFISK LAXAFLÖK
SNYRT

**1.297**

ÁÐUR 1.879 KR/KG

**31% AFSLÁTTUR**

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

GRÍSAKÓTILETTUR
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR

**1.494**

ÁÐUR 2.298 KR/KG



**35% AFSLÁTTUR**




COCA COLA 1.25L

**199**

ÁÐUR 229 KR/STK



REGNBOGASILUNGUR
MEÐ ROÐI - FROSINN

**1.598**

ÁÐUR 1.998 KR/KG



**31% AFSLÁTTUR**

LAMBAPRIME
FERSKT

**2.870**

ÁÐUR 4.159 KR/KG



NAUTAFILLE
FERSKT

**3.499**

ÁÐUR 4.429 KR/KG



SVEPPIR

**199**

ÁÐUR 398 KR/ASKJAN

**50% AFSLÁTTUR**

NATROL ACAI
BRENNSLUTÖFLUR
60 HYLKI

**2.990** KR/PK




HYDROXYCUT
WILDBERRY
21 BRÉF

**5.990** KR/PK

**NÝTT KORTATÍMABIL**

**LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG SUNNUDAGINN 19.MAÍ**

**Tilboðin gilda 16.maí - 20.maí**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# SKOÐUN

Fréttastofur 365 miðla sameinast í eina:

## Öflugri hópur, betri fréttir

Fréttastofur 365 miðla, ritstjórn Fréttablaðsins og fréttastofa Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, voru í gær sameinaðar undir einni stjórn. Þannig verður til öflugasta ritstjórn landsins, sem hefur yfir fjórum af stærstu fjölmiðlum landsins að ráða og hefur á að skipa yfir 100 starfsmanna hópi með fjölbreytilegan bakgrunn, menntun og reynslu. Núverandi ritstjórar Fréttablaðsins munu stýra sameinaðri ritstjórn.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Þróunin á alþjóðlegum vettvangi hefur verið sú að í stórum fjölmiðlafyrirtækjum sem reka marga fjölmiðla vinna fréttamenn í vaxandi mæli fyrir marga miðla. Fyrir því eru bæði hagkvæmnisrök og faglegar röksemdir.

Tækninni fleygir fram og það er til að mynda lítið mál fyrir sama fréttateymið að taka ljósmyndir, hreyfimyndir og hljóðupptökur og skrifa texta fyrir bæði dagblað og vef. Þá er fráleitt að senda marga fréttamenn, ljósmyndara og tökumenn til að fjalla um sama atburðinn fyrir sama fyrirtæki. Tölvukerfi eins og þau sem fréttamenn 365 nota til að vinna fréttir eru beinlínis hönnuð með það fyrir augum að sama fólkið vinni fyrir marga fjölmiðla. Með sameiningunni er dregið úr tví- og jafnvel þríverknaði sem enn á sér stað í fréttaöflun fyrirtækisins.

Það er ekki algengt í nágrannalöndunum að allar tegundir fjölmiðla séu reknar af sama fyrirtæki sem þjónustar heila þjóð eins og háttar til hjá 365, en algengt að sjónvarps- og útvarpsstöðvar sameinist um fréttastofu og dagblöð reki öfluga vefmiðla, svo dæmi séu tekin. Miðlar sem einu sinni ráku hver sína fréttastofu, Stöð 2, Bylgjan og Vísir, hafa um árabil haft sömu fréttastofu. Hún sameinast nú ritstjórn Fréttablaðsins. Það er rökrétt framhald af síauknu samstarfi ritstjórnanna á seinni árum.

Sameining fréttastofanna hefur þrennt í för með sér sem notendur fjölmiðla 365 ættu að fagna.

Í fyrsta lagi mun sérþekking fréttamanna á viðfangsefni fréttanna nýtast betur; þeir munu afla ýtarlegra upplýsinga um mál líðandi stundar og miðla þeim í öllum miðlum í stað þess að vera sérfræðingar í miðlinum eins og einu sinni var.

Í öðru lagi verður til öflugri sýn á hvernig ólíkum hliðum stórra fréttamála er bezt sinnt í mismunandi fjölmiðlum 365; sjónvarp, útvarpi, vef og dagblaði. Þannig er hægt að draga upp sterka heildarmynd, þar sem miðlarnir spila saman.

Í þriðja lagi er hægt að sinna fréttarútínu dagsins með færra fólki og meira svigrúm skapast þá fyrir aðra að ástunda rannsóknarblaðamennsku og fara dýpra í mál fyrir einstaka miðla.

Sameining fréttastofanna tekur einhvern tíma. Lesendur Fréttablaðsins munu þó fljótlega sjá að hópurinn sem skrifar fréttir í blaðið er enn stærri, fjölbreyttari og öflugri en verið hefur. Núverandi blaðamenn Fréttablaðsins munu birtast á sjónvarpsskjánum og rödd þeirra heyrast á Bylgjunni. Og fyrst og fremst eiga fréttirnar að verða betri og þjónustan við neytendur öflugri.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Baráttan byrjuð**

Margir eru enn eftir sig eftir Alþingiskosningarnar, enda aðeins um tvær og hálf vika síðan þær fóru fram. Margir njóta þess í rólegheitunum að þurfa ekki að lesa sig í gegnum stjórnmálaskrif. Hins vegar eru þeir til sem átta sig á því að tíminn stendur ekki í stað og að í raun er stutt í næstu kosningar. Næsta vor verður kosið til sveitarstjórna og því ekki seinna vænna að hefja slaginn. Ef lesið er í aðsendar greinar í blöðum og pistla á vefnum má leiða að því líkur að barátta sé hafin fyrir val á lista Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs í Reykjavík. Þannig hafa þau Þorleifur Gunnlaugsson varaborgarfulltrúi og Líf Magneudóttir, sem skipaði þriðja sætið síðast, verið dugleg að stinga niður penna. Kannski oddvitinn Sóley Tómasdóttir þurfi að skella sér í baráttuna?

**Prófkjöri flýtt**

Þá er ljóst að nýr oddviti mun leiða lista Sjálfstæðisflokksins í næstu borgarstjórnarkosningum, þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir er á leið úr borgarstjórn á þing. Þegar svo hefur gerst áður hefur flokkurinn flýtt prófkjöri og haldið að hausti. Líklega verður svo aftur nú.



**Fá ekki að hætta strax**

Óttarr Proppé hættir líka í borgarstjórn, enda á leið á þing eins og Hanna Birna. Þau eru raunar þegar listuð sem þingmenn á heimasíðu Alþingis og munu taka sæti á sumarþinginu. Hins vegar er dagatal borgarstjórnar annað en flestra okkar hinna og því fá Óttarr og Hanna Birna ekki að hætta fyrr en 1. september. Þau munu því verða borgarfulltrúar og þingmenn þangað til.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Aðkoma hótels við Fógetagarð?

SKIPULAG



Helgi Þorláksson

sagnfræðingur

**➜ Ótrúlegt er að höfuðborgarbúar og aðrir landsmenn vilji samþykkja svo óljós atriði, þegjandi og hljóðalaust; fyrst þarf að liggja fyrir, skýrt og skorinort, hvar aðalaðkoma hótelsins skuli vera.**

Um þessar mundir er í kynningu tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Landsímareit í Kvosinni í Reykjavík. Samkvæmt henni má reisa hús í Kirkjustræti, á bílastæðinu andspænis hinum gömlu húsum Alþingis og alveg að gangstétt (götuhæð skal eitthvað inndregin). Þarna verður svæðið milli húsa því miklu þrengra en núna er. Gert er ráð fyrir að í þessu nýja húsi, og hinum gömlu húsum Pósts og síma, verði hótel, stórt og mikið (segir ekki í tillögunni að verði hótel en liggur samt fyrir). Ekki er sýnt hvar aðalaðkoma að hótelinu verði, eða anddyri þess, en þrír staðir virðast helst koma til greina, Thorvaldsensstræti við Austurvöll, Kirkjustræti, þar sem nýja húsið skal rísa, og svo Fógetagarður (Víkurgarður).

Í andmælum frá forseta Alþingis og forsætisnefnd kemur fram að ekki gangi að hafa anddyrið við Austurvöll og þröngi kaflinn við Kirkjustrætið komi ekki heldur til greina vegna vanda sem fylgi umferð og vegna öryggis sem tryggja verði þinginu. Þá er aðeins Fógetagarður eftir, austurhluti hans á einhvern hátt. Samt er í umsögn sem fylgir tillögunni lögð áhersla á útivist og útiveitingar í Fógetagarði og „gott flæði“ milli hans og Austurvallar. Allt skal vera heilnæmt í Fógetagarði og er m.a. gert ráð fyrir börnum að leik.

Eitthvað er örðugt að sjá þetta fyrir sér og um leið rútur, fjallabíla, leigubíla og bílaleigubíla sem flytja gesti hótelsins til og frá. Það segir reyndar í umsögninni með tillögunni að umferð um Kirkjustræti eigi að vera tímabundin og takmörkuð. En svo er bætt við að vinna þurfi frekar með þetta atriði. Það er orðað svona: „Unnið verði sérstaklega með umhverfi og umferð um Kirkjustræti, aðkomu að Austurvelli og Víkurgarði enda um mikilvægt almenningsrými í miðborginni að ræða.“ Þetta skil ég svo að ekki liggi fyrir nein skýr tillaga um aðkomu að hótelinu og að vandinn sé óleystur.

Ótrúlegt er að höfuðborgarbúar og aðrir landsmenn vilji samþykkja svo óljós atriði, þegjandi og hljóðalaust; fyrst þarf að liggja fyrir, skýrt og skorinort, hvar aðalaðkoma hótelsins skuli vera. Mótmæla má með því að senda póst á skipulag@reykjavik.is. Það þarf að gera ekki síðar en 23. maí nk.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Selfoss og Maribo

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Sumir vilja láta ríkið selja áfengi til að takmarka aðgengi fólks að því. Ég er ósammála en ég skil rökin. En í umræðunni má stundum heyra önnur rök: Að ríkiseinokun sé nauðsynleg til að tryggja gott vöruúrval. Sérstaklega úti á landi. Væri verslunin gefin frjáls myndu búðir í hinum dreifðu byggðum í besta falli bjóða upp á nokkrar vinsælar bjórtegundir og svo væri ein rykfallin Sunrise-flaska uppi í hillu. Þetta er tilgáta. Tilgátur eru til að prófa þær. Ég ákvað að skoða úrvalið af léttvíni á Selfossi og í dönskum bæ af svipaðri stærð, Maribo.

**Selfoss**

Á Selfossi búa um 6.500 manns. Þar er ein Vínbúð. Hún er sögð vera 700 tegunda búð. Vingjarnlega fólkið hjá ÁTVR sagði mér að hún væri líklega með rétt yfir 800 tegundir, þar af væri um 51% léttvín. Það myndi gera rúmlega 400 léttvínsvörutegundir. Ég fór í sambærilega vínbúð, í Hafnarfirði og kíkti í hillurnar. Ég taldi 430 vörutegundir.

Til að halda því til haga þá er það auðvitað ekkert glatað. Ég bað vin minn sem býr í Danmörku að telja fjölda léttvínsvörutegunda í Nettobúð í Kaupmannahöfn (Netto er lágvörukeðja). Þær voru um 120. Ríkið á Selfossi er því með betra vöruúrval en dönsk lágvöruverslun. En reyndar ber að geta þess að Selfoss og Akureyri eru með langbesta úrvalið af öllum vínbúðum úti á landi. Á Akranesi, þar sem búa litlu færri en á Selfossi, eru léttvínin um það bil 150-180.

**Maribo**

Danski bærinn Maribo er á Suður-Sjálandi í um eins og hálfs tíma akstursfjarlægð frá höfuðborginni. Þar búa tæplega sex þúsund manns. Í bænum eru lágvöruverslanir frá Aldi, Lidl og Netto og einnig tvær dýrari verslanir, SuperBrugsen og SuperBest. Þar eru einnig minnst þrír sérhæfðir vínsalar. Loks eru nokkrar aðrar minni verslanir, sjoppur og bensínstöðvar sem einnig selja vín.

Ég hringdi í SuperBrugsen í Maribo. Maðurinn á skrifstofunni tjáði mér að þeir væru að jafnaði með milli 300 og 400 ólík vín í búðinni hverju sinni, en ef fernur væru taldar sér, líkt og ÁTVR gerir, væru vörutegundirnar vel yfir 500. Hin dýra búðin, SuperBest, er meðal annars í samstarfi við dreifingaraðila sem er með lista yfir 120 sérvalin vín á heimasíðu sinni. Í samtali við dreifingaraðilann fékk ég staðfest að þeirra vín væri ekki til sölu í neinum öðrum verslunum og langflestar víntegundanna væri sannarlega að finna í venjulegri SuperBest-verslun. Miðað við þessar upplýsingar má því minnst velja milli 600 tegunda af léttvíni í tveimur stærstu búðunum í Maribo.

Ég talaði líka við vínsalana í Maribo. Einn þeirra sérhæfir sig í víni frá þremur vínekrum í Suður-Evrópu og var með um hundrað tegundir, þær voru ekki til sölu í nokkurri annarri búð á svæðinu. Ég fékk einnig sendan vörulista frá öðrum vínsala í bænum. Sá var með 215 tegundir. Lítil skörun virtist við vörulista annarra en ég þori þó ekki að fullyrða að einhver þeirra víntegunda væru ekki til sölu í stóru búðunum tveimur. Ég náði ekki í þriðja vínsalann og skoðaði ekki lágvöruverslanirnar og bensínstöðvarnar. En allra, allra varlegasta áætlunin hljóðar sem sagt upp á yfir 700 vörutegundir.

> Maribo-búi getur því valið úr að lágmarki 300 fleiri víntegundum en Selfyssingur. Samt er fólkið á Selfossi tiltölulega vel sett.

**Úrvalið verra á Íslandi**

Maribo-búi getur því valið úr að lágmarki 300 fleiri víntegundum en Selfyssingur. Samt er fólkið á Selfossi tiltölulega vel sett. Úrvalið á Akranesi er allavega fjórfalt verra en í Maribo. Sama gildir annars staðar á landinu, sé Akureyri undanskilin. Á flestum stöðum er úrvalið svipað og í danskri lágvöruverslun. Ég ætla ekki að halda því fram að það sé hörmulegt en þeir sem halda því fram að það sé „frábært“ hafa greinilega ekki mikinn samanburð.

Ég get skilið inntak þeirra raka að einkaleyfi ríkisins þurfi til að halda dreifingu víns í skefjum. En rökin um að einkaleyfið sé nauðsynlegt til að tryggja vöruúrval, því kaupmenn kunni ekki að stunda kaupmennsku og hafi til þess engan metnað, þau rök standast ekki skoðun. Vínúrvalið á Selfossi væri betra ef Selfoss væri danskur bær.



# Ákall frá krabbameinssjúklingum

Á hverju ári hverfa læknar til útlanda að loknu læknanámi. Þar leggja þeir stund á framhaldsnám og flestir ílengjast áfram erlendis.

Samt eru einstaka læknar sem vilja vinna hér á landi undir því mikla álagi sem fylgir vinnu á t.d. Landspítalanum. Einn af þessum læknum er kominn á aldur og reglugerðir segja að hann verði að hætta 31. maí 2013. Þessi læknir sinnir um 100 sjúklingum. Hann er ern og fullfrískur og vill vinna áfram ef hann væri beðinn um það. Vinnan á hug hans allan hvort sem það snýr að sjúklingunum sjálfum eða því fræðilega. Allir sjúklingarnir treysta honum fyrir heilsu sinni og lífi. Jákvæðni hans fyllir okkur af orku sem er nauðsynleg í erfiðum veikindum eins og krabbameini.

Nú á hann að hætta. Enginn kemur í staðinn svo vitað sé. Enginn hefur rætt við okkur sjúklingana hans um hver taki við okkur. Við erum full af óöryggi og kvíða, því enginn talar við okkur um þær breytingar sem eru í vændum, og aðeins tvær vikur eftir af maí.

Að sjálfsögðu viljum við hafa okkar lækni áfram. Eru ekki þarfir sjúklinganna meiri en reglugerðir á blaði?

Burt séð frá öllum reglugerðum ættuð þið, Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, og Vilhelmína Haraldsdóttir, yfirlæknir lyfjadeildar Landspítalans, að taka höndum saman og bjóða þessum lækni stöðu áfram. Öllum hans sjúklingum til blessunar.

*Virðingarfyllst,*
*Þórey Björnsdóttir*
*Ragnhildur Gísladóttir*
*Agnes Snorradóttir*
*Sigríður Önundardóttir*
*Þórdís Björnsdóttir*

*Afrit sent til velferðarráðherra*



# Grindavíkurbær sinnir náttúruvernd betur

NÁTTÚRUVERND



Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri í Grindavík og formaður stjórnar Reykjanes Geopark

Undanfarið hefur verið nokkur umfjöllun um náttúruvernd á Reykjanesskaga og er það mjög ánægjulegt. Grindavíkurbær er landmesta sveitarfélagið á Reykjanesi og eru margar af perlum svæðisins innan skipulagsmarka bæjarins. Grindavíkurbær hefur tekið það hlutverk sitt mjög alvarlega að huga vel að náttúruperlum svæðisins með því að vinna mjög metnaðarfullt aðalskipulag sem byggir á auðlindastefnu sem samþykkt var 2010. Grindavíkurbær var fyrst sveitarfélaga á Íslandi til að kortleggja auðlindir sínar og samþykkja stefnu um nýtingu þeirra og verndun. Auðlindastefna Grindavíkurbæjar er í öllum meginatriðum í samræmi við Rammaáætlun um vernd og nýtingu orkuauðlinda sem Alþingi hefur unnið að síðastliðin 20 ár og var nýlega samþykkt.

**Hverfisvernd**

Í umræðunni er látið líta svo út að í Reykjanesfólkvangi liggi mikil náttúruvernd sem Grindavíkurbær vilji nú aflétta svo orkufyrirtæki geti komið þangað inn með vinnuvélar. Hvort tveggja er rangt. Undirritaður birti grein í Fréttablaðinu 1. mars sl. til að svara þeirri umræðu og leiðrétta misskilning, en það virðist ekki duga. Rangfærslan er ítrekuð í grein Ellerts Grétarssonar í Fréttablaðinu þann 6. maí síðastliðinn.

Í Reykjanesfólkvangi eru afar takmörkuð ákvæði um verndun náttúrunnar og beinlínis heimilt að virkja jarðvarma. Auk þess er ein stærsta jarðvegsnáma landsins starfrækt innan fólkvangsins. Því má ljóst vera að verndunarsjónarmið hafa ekki verið í hávegum höfð innan Reykjanesfólkvangs þau tæplega fjörutíu ár sem hann hefur verið starfræktur. Til samanburðar má nefna að í aðalskipulagi Grindavíkurbæjar eru mun skýrari ákvæði um verndun gígaraðarinnar í Eldvörpum.

**Uppbygging**

Takmarkaðar framkvæmdir hafa verið innan fólkvangsins til að taka við auknum fjölda ferðamanna og verja þannig náttúruna fyrir átroðningi. Stjórn fólkvangsins hefur af veikum mætti sinnt landvörslu og byggt upp lágmarksaðstöðu í Seltúni og ber að hrósa þeim fyrir það.

Til samanburðar má nefna að Grindavíkurbær, Bláa lónið og HS orka hafa í sameiningu lagt margfalt meira fé í stígagerð í Svartsengi en sem nemur öllu rekstrarfé Reykjanesfólkvangs. Það verkefni er hluti af samstarfi sveitarfélaga og ferðaþjónustuaðila á svæðinu um Reykjanes jarðvang (e. Geopark). Grindavíkurbær hafði frumkvæði að stofnun jarðvangsins, en umræða um stofnun slíks garðs á Reykjanesi hefur staðið í áratugi án þess að raungerast. Grindavíkurbær er þannig að sinna náttúruvernd og uppbyggingu fyrir ferðamenn mun betur en gert er innan Reykjanesfólkvangs.

Engin orkuvinnsla er fyrirhuguð í fólkvanginum innan skipulagsmarka Grindavíkur. Ekki er fyrirhuguð orkuvinnsla innan skipulagsmarka Grindavíkurbæjar í fólkvanginum. Slík vinnsla er hins vegar fyrirhuguð í landi Hafnarfjarðar og sem fyrr segir setur fólkvangsskilgreiningin engar hömlur á þá orkuvinnslu.

**➜ Grindavíkurbær hefur þannig enn sýnt að það eru fá sveitarfélög sem hafa meiri áhuga á náttúru Reykjanesskagans.**

Ákvörðun Grindavíkurbæjar um að hefja viðræður við Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Garðabæ og Seltjarnarneskaupstað um mögulega útgöngu Grindavíkurbæjar úr Reykjanesfólkvangi hefur skilað þeim árangri að málið er komið á dagskrá og áhugi hinna sveitarfélaganna á málinu orðinn meiri.

Grindavíkurbær hefur þannig enn sýnt að það eru fá sveitarfélög sem hafa meiri áhuga á náttúru Reykjanesskagans. Að mati undirritaðs ætti frekar að hampa því sem gert hefur verið í Grindavík í náttúruvernd og uppbyggingu fyrir ferðamenn og hvetja önnur sveitarfélög til að fylgja fordæmi okkar.

# Endurmetum ástandið

SAMFÉLAG



Inga Sigrún Atladóttir
guðfræðingur og bæjarfulltrúi í Vogum

Ég hef oft verið spurð að því hvort Suðurnesjamenn séu ólíkir öðrum íbúum landsins. Oft liggur í spurningunni hvort Suðurnesjamenn séu latari, siðlausari eða lauslátari en almennt gerist. Þótt þessi skoðun á Suðurnesjamönnum sé hvorki á rökum reist né réttlát langar mig að eyða á hana nokkrum orðum.

Atvinnuleysi á Suðurnesjum hefur verið mikið undanfarið. Það er fyrst og fremst vegna þess að svæðið stóð höllum fæti eftir brottför hersins 2006 og nógu mörg ný fyrirtæki með góð störf höfðu ekki náð að festa rætur á svæðinu á þeim tíma sem liðinn er. Atvinnuleysið hefur verið tilefni til að vekja upp gamla fordóma fyrir Suðurnesjamönnum byggða á frásögnum af veru hermanna á svæðinu.

Í október árið 1943 birtist í Faxa grein eftir Valtý Guðjónsson kennara. Þar segir Valtýr: „Hér hefur lítið borið á vandræðum út af nánum kynnum fólks við setuliðsmenn og má þakka það góðri dómgreind og varfærni Keflvíkinga og ákjósanlegum og ánægjulegum skilning setuliðsins gagnvart okkur."

**Íbúar varnarlausir**

Umræðan um Suðurnesjamenn í landsmálablöðunum á tímum hersetunnar endurspeglar ekki viðhorf Valtýs Guðjónssonar. Í þeirri umræðu sem hvolfdist yfir Suðurnesin með komu herstöðvarinnar voru íbúar varnarlausir. Suðurnesjamenn voru taldir standa með herliðinu gegn íslenskri tungu og menningu og væru þar allir undir sömu sök settir. Umræðan var flokkspólitísk og skiptist milli vinstri og hægri milli þeirra sem vildu atvinnu og þeirra sem aðhylltust félagsleg gildi. Áróðursskrif um herinn og kvennamálin gátu mótast af sterkum hvötum þar sem réttar upplýsingar voru aukaatriði. Fræg var samþykkt Kvenfélagsins í Njarðvík um að hermenn væru ekki velkomnir á skemmtanir þess. Þessu var slegið upp á forsíðu Þjóðviljans eftir kvenfélagsfundinn.

Bakgrunnur þessarar fréttar var að á sameiginlegum félagsfundi UMFN og kvenfélagsins bar Bjarni Einarsson, hreppsnefndarmaður Sósíalistaflokks Njarðvíkur, upp tillöguna um bannið og var hún samþykkt með öllum atkvæðum nema einu. Mikil umræða var á fundinum en það tók engin kona til máls. Þrátt fyrir það varð Kvenfélag Njarðvíkur sverð og skjöldur Þjóðviljans í baráttunni gegn varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Samþykktin var tekin upp í leiðara blaðsins og sagt að „enginn Íslendingur með virðingu fyrir sjálfum sér geti eytt frístundum sínum eða valið sér skemmtanir í návist hins bandaríska hers". Taldi blaðið augljóst að þeir sem kysu að una sér í návist hersins myndu verða metnir í samræmi við það. Þetta kallar leiðarahöfundur Þjóðviljans „regluna frá Njarðvíkum".

Andstaðan við herinn var því fyrst og fremst frá UMFN og samkvæmt grein Kristjáns Pálssonar í Faxa á hún sér persónulegar orsakir. Þetta er eina merkið um beina andstöðu við herinn á Suðurnesjum samkvæmt athugun Kristjáns.

**➜ Þessa sögu þarf að endurmeta og hafa blöð á Suðurnesjum víða gert þessari sögu góð skil.**

**Fjarlægð og vinsemd**

Gegn því sem haldið var fram í landsmálablöðunum í blaðagreinum frá 1940-1970 mótaðist viðhorf Suðurnesjamenna til hersins af fjarlægð og vinsemd. Af þessum völdum eru líkur á að Suðurnesjamenn hafi nálgast menningu hersins á annan hátt en aðrir landsmenn og litið áhrifin öðrum augum. Í opinberri umræðu á þessum tíma var aldrei minnst á að Suðurnesjamenn hefðu ekki beðið um að fóstra herliðið heldur var þeim gert að taka við þessum erlendu gestum sem bæði auðguðu mannlífið á svæðinu og tvístruðu því.

Þessa sögu þarf að endurmeta og hafa blöð á Suðurnesjum víða gert þessari sögu góð skil. Umræða hefur ekki farið fram annars staðar á landinu og viðheldur það fordómum hjá mörgum sem erfitt er að eiga við. Því má leiða líkur að því að landsmenn skuldi Suðurnesjamönnum endurskoðun og uppgjör í þessu máli. Í því uppgjöri þarf að skoða fordómalaust mikilvægi þeirrar menningarmótunar sem kom frá Suðurnesjum á þessum tíma og skoða hvernig raunveruleg aðlögun íbúa og herliðsins var. Hugsanlega var um að ræða fyrstu raunverulegu tilraun Íslendinga til að takast á við nútímann eða fyrstu tilraun til alþjóðavæðingar á Íslandi. Í endurmati sögunnar þarf einnig að skoða hvort „ástandið" eða „hernám hugarfarsins" séu sanngjörn lýsing á samskiptum hersins og íbúa á Suðurnesjum.

# Lokapróf nemenda

MENNTUN



Jóhann G. Thorarensen
menntaskólakennari

Það er komið að lokapunktinum hjá nemendum mínum á þessari önn: lokapróf. Ég stend og horfi yfir hópinn á þessa einstaklinga sem ég hef fengið að kynnast eina önn.

Þarna er einn vandræðagemsinn minn sem var einstaklega erfiður og truflandi í upphafi annar en braggaðist er á leið. Það tók sinn tíma að fá hann til að læra, að einbeita sér að náminu og hætta að trufla aðra, en það hafðist. Og nú situr hann og vinnur. Vonandi nær hann að spjara sig.

Þarna er líka nemandinn sem ég hefði viljað geta sinnt svo miklu betur. Hún hefði þurft svo miklu meiri aðstoð en hægt var að veita henni. En alltaf sat hún prúð og þögul og reyndi sitt besta. Hún er ein af litlu músunum mínum. Ég las gögn um daginn sem sögðu að betra skólastarf fengist með stærri bekkjum og færri kennurum. Hvað ætli yrði um litlu mýsnar mínar í þannig bekkjum?

Og þarna situr gaurinn minn sem langar í raun ekkert að vera þarna. Hann langaði í iðnnám. En pabbi og mamma sögðu að hann yrði að taka bóklegt nám fyrst. Af hverju hann verður að sitja í námi, sem hann hefur engan áhuga á, í fjögur ár til þess að mega fara í nám sem hann virkilega langar í og myndi blómstra í, veit ég ekki. Sérstaklega þar sem hann gæti síðan tekið bóklegt ofan á það nám og lokið þannig stúdentsprófi.

Og þarna situr töffarinn minn sem er að vinna allt of mikið. Hún hefur mætt illa í vetur. Hún er að vinna svo mikið sagði hún mér þegar ég benti henni á mætinguna. Þegar ég benti henni á að hún þyrfti að nota meiri tíma í námið spurði hún mig að því hvort ég gerði mér grein fyrir hvað það kostaði að vera unglingur í dag? Maður verður að klæða sig flott og eiga iPod og fleira. Ég lít snöggvast á snjáða skóna mína og hugsa um gamla farsímann minn í vasanum. Ég er ekki einu sinni viss um að ég geti sent myndskilaboð með honum. En ég ætla ekki að kvarta yfir lágum launum. Ég kaus mér þetta starf.

**➜ Ef samfélagið bara vissi hvað í raun býr í skólunum, um alla þá flóru ungmenna sem þar hrærast á hverjum degi ...**

Ég renni augunum yfir allan hópinn og það læðist bros út í annað munnvikið. Ef samfélagið bara vissi hvað í raun býr í skólunum, um alla þá flóru ungmenna sem þar hrærast á hverjum degi, um öll þau fjölbreyttu verkefni sem þau fást við, um þann þroska sem þau taka út á þeim fjórum árum sem þau eyða í menntaskólanum. En stundum virðist sem samfélagið sé uppteknara af því að búa til skólakerfi líkt því sem birtist í myndinni The Wall eftir Pink Floyd, þar sem nemendur eru bara afurð á færibandi.

Próftímanum er lokið og ég tek prófin og kveð nemendur mína. Þau voru nokkuð sátt við prófið. Krefjandi en sanngjarnt. Þannig á það líka að vera. Þannig mætti samfélagið líka vera við þau.





ALLT FYRIR HELGINA
Áfram Iceland!
Gott á grillið
Esja svínakambur 1.099 kr. pk.
Esja lambasirloinsneiðar 1.599 kr. pk.
Esja svínakótelettur 1.099 kr. kg
Esja lamaprime 2.999 kr. pk.
ESJA GÆÐAFÆÐI
Frábærar gæðapizzur á einstöku verði
16 grænmetis vorrúllur 399 kr. pk.
16 Party Vegetable Spring Rolls
75 Party Indian Platter
75 Party Chinese Platter
Partíplattar, 75 bitar indverskir og kínverskir.
999 kr. pk.
75 BITAR
Thin & Crispy Double Pepperoni Pizza
Deep Pan Four Cheese Pizza
Italian stonebaked Speciale Pizza
Frábært úrval af pizzum. Verð frá:
299 kr. stk.
Aðeins 84 kr. dósin! ef þú kaupir kassa
Coca Cola 33cl 12 dósir
999 kr. ks.
Stór dós 500 ml
React
React orkudrykkur 500 ml
99 kr. stk.
Luxury Marc de Champagne & Strawberry Gateau
Lúxus svampterta, fyrir 20 manns verð áður 1.299 kr.
999 kr. pk.
1,3 kg
Vanilla Soft Scoop Ice Cream
Vanilluís 2 l, verð áður 499 kr.
299 kr. pk.
Opnunartími um helgina
Föstudagur 09:00–20:00 Sunnudagur Lokað
Laugardagur 09:00–20:00 Mánudagur 09:00–20:00
Nýtt kortatímabil!
Iceland
Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
198 KR. 4 STK
BIRKIKUBBAR 4 STK
BÓNUS Fáðu þér nýbakað
BÓNUS Fáðu þér nýbakað
198 KR. 120 GR
OSTASLAUFA 1 STK
359 KR. 420 GR
MÖNDLUKAKA 420 GR
198 KR. 4 STK
KORNKUBBAR 4 STK
BÓNUS KORNBRAUÐ
129 KR. 500 GR
BÓNUS SAMLOKUBRAUÐ
BÓNUS 200 GR
BRAUÐSALÖT
198 KR 200gr
398 KR. 340 GR
SOLLU - LÍFRÆNT
HNETUSMJÖR
FÍNT-GRÓFT 340 gr
398 KR. 1 KG
SOLLU - LÍFRÆNT
SPELTHVEITI
FÍNT-GRÓFT 1 kg.
198 KR. 200gr
GÓU BITAR
HRAUN / ÆÐI 200 GR.
179 KR. 165g
BÓNUS ÍDÝFUR
KRYDD/ PAPRIKA 200 M
Doritos
198 KR. 165g
DORRITOS SNAKK
165 GR.
STICKS Salés
149 KR. 200gr
STICK
SALTSTANGIR 200 GR.
259 KR. 200gr
EUROSHOPPER SALTHNETUR
500 GR.
SPÁNSKAR
APPELSÍNUR
198 KR. kg
NÝ UPPSKERA
345 KR. KG
AMERÍSKAR
SÆTAR KARTÖFLUR
279 KR. kg
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍ
KJARNAFÆÐIS GRILL
LAMBALÆRISNEIÐAR
SNEIÐAR ÚR MIÐLÆRI 1.FLOKKUR
KJARNAFÆÐI
EINGÖNGU MIÐLÆRIS-SNEIÐAR
2298 KR. KG
KJARNAFÆÐIS ÚRBEINAÐ
KOFAREYKT HANGIKJÖT
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
HANGILÆRI 2598 KR.KG
HANGI FRAMP. 1798 KR.KG
ÍSLANDSNAUT 2 X 140 GR
100% ÍSLENSKIR
UNGNAUTAHAMBORGARAR
ÍSLANDS NAUT
TVEIR 140 GR
398 KR. 2 STK
KJARNAFÆÐI
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
KJARNAFÆÐI
1398 KR. KG
KJARNAFÆÐIS
ÍSLENSKT HEIÐALAMB
MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM
BLÓÐBERG-BIRKILAUF-AÐALBLÁBERJALYNG-EINIR
KS
1598 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
KS
3198 KR. KG
KS.FROSIÐ LAMBAFILLET
FROSIÐ LAMBAKJÖT GOTT VERÐ Í BÓNUS
Fiskbúðin okkar
ÍSLENSKUR FERSKUR LAX Á GRILLIÐ
BEINHREINSAÐUR FERSKUR LAX
1998 KR. kg
FERSKUR GRILL MARINERAÐUR LAX
2298 KR. kg
AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS
LAUGARDAGUR 10:00-19:00
HVÍTASUNNUDAGUR LOKAÐ
MÁNUDAGUR 11:00-18:00
pepsi
pepsi MAX
179 KR. 2 ltr.
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
198 KR. 2 ltr.
Coca-Cola light
Coca-Cola
Coca-Cola zero
79 KR. 33cl
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og besti vinur okkar,

**ELÍAS EGILL GUÐMUNDSSON**
**fyrrv. flugvélstjóri og forstjóri Steinprýði**

lést á Landspítalanum 13. maí sl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 23. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Guðný Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Ágúst Elíasson — Guðrún Júlíusdóttir**
**Kristján Elíasson — Sesselía Jónsdóttir**
**Erla Elíasdóttir — Gunnar Hjálmarsson**
**Elías Egill Elíasson — Cynthia Nkeiru Elíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Minningarathöfn um ástkæra eiginkonu, móður, tengdamóður, dóttur og systur,

**ÖNNU KRISTÍNU ÓLAFSDÓTTUR**

fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 22. maí kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

**Hjörleifur B. Kvaran**
**Lísa Margrét Sigurðardóttir — Kristján H. Johannessen**
**Eysteinn Sigurðarson — Katrín Eyjólfsdóttir**
**Bjarki Sigurðarson**
**Hjördís Isabella Kvaran**
**Ólafur Grétar Guðmundsson — Steinunn Aagot Kristjánsdóttir**
**Ingvi Steinar Ólafsson — Sigrún Guðný Markúsdóttir**
**Atli Ragnar Ólafsson — Sólveig Jónsdóttir**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**HARALDAR HRAFNKELS EINARSSONAR**
**rennismiðs.**

Guð blessi ykkur.

**Margrét J. Magnúsdóttir**
**Kristín J. Pétursdóttir — Magnús R. Bjarnason**
**Helgi Haraldsson — Greta Benjamínsdóttir**
**Hrafnhildur Haraldsdóttir — Elvar Ö. Elefsen**
**Dröfn Haraldsdóttir**
**Helga B. Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN HALLFRÍÐUR MAACK**
**Hraunbæ 61,**

lést miðvikudaginn 15. maí síðastliðinn á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi.

**Sverrir Sveinsson**
**Ingibjörg Sverrisdóttir — Sölvi Ólafsson**
**Anna Svava Sverrisdóttir — Úlfar Örn Valdimarsson**
**María Vigdís Sverrisdóttir — Ragnar Auðunn Birgisson**
**Skúli Sverrisson**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTJÖNU SIGRÍÐAR ÁRNADÓTTUR**
**Breiðumörk 15, Hveragerði.**

**Arnheiður I. Svavarsdóttir — Einar Sigurðsson**
**Anna María Svavarsdóttir — Wolfgang Roling**
**Hannes Arnar Svavarsson — Guðbjörg Þóra Davíðsdóttir**
**Árni Svavarsson — Svandís Birkisdóttir**
**Guðrún Hrönn Svavarsdóttir**
**Svava Sigríður Svavarsdóttir — Erlendur Arnar Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Vill auka hlut menningar í landkynningu

**Björn G. Björnsson leikmyndahönnuður sendi frá sér á dögunum fjórar bækur í nýrri ritröð um íslenskan menningararf. Hann segir menninguna hafa verið látna sitja á hakanum við landkynningu Íslands og vildi bæta úr því.**

Bókaforlagið Salka hefur gefið út fjórar nýjar bækur eftir Björn G. Björnsson leikmyndahönnuð undir yfirskriftinni Íslenskur menningararfur. Í þeim er farið í máli en aðallega myndum yfir ýmsar menningarminjar á Íslandi. Bækurnar nefnast Torfkirkjur á Íslandi, Átta steinhús 18. aldar, Hús skáldanna og Stóru torfbæirnir.

Auk þess að semja textann tekur Björn myndirnar og hannar útlit bókanna.

„Þetta eru litlar og nettar bækur," segir hann, „ég lagði áherslu á það að hafa þetta snoturt og handhægt. Ég einbeiti mér fyrst og fremst að hinum sjónræna menningararfi, það er að segja húsum, minjum, mannvirkjum og svo framvegis."

Björn hefur unnið við að hanna söfn og sýningar undanfarin tuttugu ár en þar á undan vann hann við sjónvarpsog heimildarmyndagerð.

„Ég hafði því kynnst flestum þessum stöðum í gegnum tíðina og átti orðið dágott safn af myndum, sem mig var farið að langa til að gera eitthvað meira úr. Í fyrrasumar bar ég þessa hugmynd undir þau hjá Sölku. Þeim leist vel á. Það sem eftir lifði af sumri og fram á haust flakkaði ég um landið og tók fleiri myndir og vann svo bækurnar í vetur."

Björn segir efni fyrstu bókanna hafa legið nokkuð beint við.

„Ég átti mesta myndefnið í þessum efnisflokkum og vildi endilega byrja á torfbæjunum og torfkirkjunum."

Bækurnar koma út á íslensku og ensku en Birni finnst menningin hafa orðið útundan í landkynningu.

„Landkynningin gengur fyrst og fremst út á náttúruna. Það er auðvitað gott og blessað að kynna náttúruna en menningin er mikils virði líka; hún er það sem mannfólkið hefur verið að skapa hér undanfarin þúsund ár. Það var í rauninni hugsunin; að bæta úr þessari þörf og gera bækur fyrir ferðamenn svo þeir geti kynnst menningararfinum."

Björn býst fastlega við að gefa út fleiri bækur í ritröðinni.

„Ég er svo til tilbúinn með efni í þrjár til fjórar bækur í viðbót og ætla að nota sumarið til að viða að mér enn meira efni. Ég hef hugsað mér að skipta þessu aðeins milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins. Mig langar að gera bók um kirkjur í Reykjavík; það eru á þriðja tug kirkna í Reykjavík með um 230 ára sögu. Saga þeirra er auðvitað stílsaga í leiðinni því kirkjur eru dæmigerðar fyrir strauma og stefnur í byggingarlist á hverjum tíma. Ég myndi líka vilja gera bók um um stóru byggðasöfnin úti á landi og svo eru ýmsir söguslaðir sem leita á mig líka."

bergsteinn@frettabladid.is



**BJÖRN G. BJÖRNSSON** Er svo til tilbúinn með efni í þrjár til fjórar bækur í viðbót og ætlar að nota sumarið til að viða að sér enn meira efni. MYND/JÓHANNES LONG.



**ÚR TORFKIRKJUM Á ÍSLANDI** Björn kveðst vera nærri tilbúin með efni í þrjár til fjórar bækur í viðbót, þar á meðal bók um kirkjur í Reykjavík. MYND/ BJÖRN G. BJÖRNSSON



✝

Okkar ástkæra,

**SIGRÍÐUR ÞÓRA GÍSLADÓTTIR**
**Grandavegi 11, 107 Reykjavík,**

lést á dvalarheimilinu Grund þriðjudaginn 14. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Joseph G. Adessa**
**og aðrir vandamenn**



✝

Elskulegur eiginmaður minn,

**JÓHANNES G. JÓHANNESSON**
**Nönnugötu 6,**

andaðist á heimili sínu þriðjudaginn 14. maí.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Petrína Kristín Steindórsdóttir**



✝

Ástkær afi okkar, tengdaafi og langafi,

**BRYNJÓLFUR KARLSSON**
**fyrrverandi slökkviliðsmaður,**
**Ásholti 2, Reykjavík,**

sem andaðist á Landspítalanum Fossvogi 6. maí verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 22. maí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Kristjáns Eldjárns gítarleikara 0513-18-430830 kt. 650303-3180 eða aðra styrktarsjóði eða líknarfélög.

**Brynjólfur Hjartarson — Edda Björk Viðarsdóttir**
**Benedikt Hjartarson — Jóhanna María Vilhelmsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



✝

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, fyrrverandi eiginkona, systir og mágkona,

**EIRÍKSÍNA KRISTBJÖRG ÁSGRÍMSDÓTTIR (EIA)**

frá Siglufirði andaðist 13. maí á sjúkrahúsi í Frakklandi. Útför fer fram laugardaginn 18. maí í heimabæ hennar St.-Michel-en-l'Herm. Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

**Eric Ásgrímur Mancini — Carla Silveira Mancini**
**Bastien Héðinn Mancini — Laura-Kate Wilson Mancini**
**Shelma, Kayba og Eleanor Eia**
**Ange Mancini**
**María Ásgrímsdóttir — Kristinn Finnsson**
**Halldóra Ásgrímsdóttir — Karl-Erik Rocksén**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## FJÖLBREYTT LIST

**Nú stendur yfir Listahátíð í Reykjavík þar sem boðið er upp á mikla fjölbreytni og óvenjulegan fjölda listamanna, innlendra og erlendra. Hátíðin stendur til 2. júní og hægt er að kynna sér dagskrána á listahatid.is. Listahátíð í Reykjavík var fyrst haldin sumarið 1970.**









# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að ljúffengri tómatbættri kjúklingasúpu með kjúklingabaunum, tortilla-flögum og osti. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## TÓMATBÆTT KJÚKLINGASÚPA MEÐ KJÚKLINGABAUNUM, TORTILLA-FLÖGUM OG OSTI

**KJÚKLINGUR FYRIR 6-8 MANNS**

Soð fyrir súpu
1 kjúklingur
1 gulrót, skræld
1 sellerístilkur, má sleppa
1 laukur, skorinn til helminga
1 chili, steinlaust
1 tsk. broddkúmen
Salt og nýmalaður pipar
1 tsk. kjúklingakraftur
Vatn

**AÐFERÐ**

Setjið allt í pott með vatni þannig að rétt fljóti yfir fuglinn. Sjóðið við vægan hita í 45-60 mín. eða þar til fuglinn er soðinn í gegn. Takið fuglinn úr pottinum og kælið. Geymið soðið, skerið kjúklingakjötið í bita.

**SÚPAN**

2 msk. olía
1 laukur, smátt saxaður
1 gulrót, smátt söxuð
1 paprika, skorin í bita
1 sellerístilkur skorinn í bita, má sleppa
1-3 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
½ chili, steinlaus og smátt saxaður
½ tsk. broddkúmen
5-6 dl niðursoðnir tómatar, maukaðir
1 msk. tómatpúrra
5-6 dl kjúklingasoð
Sósujafnari
200 gr. soðnar kjúklingabaunir
Tortilla-flögur, kurlaðar
Rifinn ostur
Kóríander, smátt saxað
Sýrður rjómi

**AÐFERÐ**

Hitið olíu í potti og kraumið lauk, gulrót, papriku, sellerí, hvítlauk, chili og broddkúmen í 2 mín. án þess að brenna. Bætið þá niðursoðnum tómötum, tómatpúrru og kjúklingasoði í pottinn og sjóðið í 5 mín. Þykkið súpuna og bætið kjúklingakjöti og kjúklingabaunum í súpuna og hitið í gegn. Smakkið til með salti og pipar. Ausið súpunni í skálar og setjið kurlaðar tortilla-flögur, rifinn ost, sýrðan rjóma og kóríander í súpuna.






**VERNDARBAUGUR** Skartið er unnið út frá smáhlutum sem Elín Bríta notaði sem verndargripi í æsku.

# SKART TIL VERNDAR

*Skartgripurinn Verndarbaugur er lokaverkefni Elínar Brítu frá vöruhönnun við LHÍ. Hann er unninn úr náttúrulegum efnum.*

Verndarbaugur Elínar Brítu er skartgripur sem gerður er til að standast tímans tönn. Hann er unninn úr silfri, þorskroði, áli, steini og tré, náttúrulegum efnum með langan líftíma.

„Ég hef alltaf haft mikla þörf fyrir trú á litlu hlutina, steinvölu, lítinn leirhlut eða bómullarþráð sem eitt sinn var armband. Þessir hlutir minna mig á ákveðinn tíma eða augnablik sem breyttu lífssýn minni á einhvern hátt og ég hef aldrei getað látið frá mér. Þeir hafa þjónað tilgangi verndargrips,“ útskýrir Elín Bríta. Hún segir steinvölurnar sem hún notaði sem verndargripi í æsku hafa þróast í skartgripi á táningsárum. „Þeir hjálpa mér með aðstoð snertiskynsins að halda ró í aðstæðum sem valda mér streitu. Verndarbaugur er persónuleg túlkun á hugtakinu verndargripur og er rökrétt framhald af sögu minni með þessum hlutum. Hann er færður í nútímalegan búning með aðstoð hátækni og tengir þannig fortíð mína við nútímann.“ ■ heida@365.is



**ELÍN BRÍTA** Nýútskrifaður vöruhönnuður. MYND/ELÍN BRÍTA

# FJÖLBREYTT FLÓRA ÓLÍKRA LISTAVERKA

**LISTASÝNING** *Ráðhús Reykjavíkur verður vettvangur listasýningarinnar Handverks og hönnunar um helgina. Tugir listamanna sýna verk sín.*

Sýningin Handverk og hönnun hófst á fimmtudaginn í Ráðhúsi Reykjavíkur og stendur fram á mánudag. Þetta er í níunda skiptið sem sýningin er haldin en þar sýna tugir íslenskra listamanna handverk, listiðnað og hönnun. Að sögn Sunnevu Hafsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Handverks og hönnunar sem skipuleggur sýninguna, kynnir 41 listamaður verk sín og eru þau afar fjölbreytt. „Þetta eru bæði þekktir og minna þekktir listamenn og fjölbreytnin er mjög mikil. Hugmyndin með sýningunni er ekki síst að leyfa gestum að hitta fólkið á bak við hlutina, fá útskýringar og kynnast verkferlum.“



**VINSÆL SÝNING** Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri. MYND/GVA

Meðal fjölbreyttra verka sem sýnd eru má nefna nýjan sundfatnað, útskorna fugla, skartgripi, fatnað, teppi og leir- og glermuni.

Í fyrsta sinn er nokkrum þátttakendum boðið að sýna ókeypis á sýningunni. „Hugmyndin var að bjóða einstaklingum sem aldrei höfðu tekið þátt í þessari sýningu að vera með og við fengum styrk frá Reykjavíkurborg til þess. Einnig verður Myndlistaskólinn í Reykjavík með kynningu á námi sínu í mótun, textíl og teikningu. Margir sýningargesta eru eflaust að íhuga næstu skref og vonandi kveikir kynning skólans áhuga þeirra á náminu.“

Sýningin er opin milli kl. 10 og 18 fram á mánudag og ókeypis er inn á hana. „Aðsóknin á þessa sýningu hefur alltaf verið mjög mikil og margir koma daglega. Ég hvet því áhugasama til að taka daginn snemma ef þeir vilja skoða sýninguna í ró og næði.“

Nánari upplýsingar má finna á www.handverkoghonnun.is.



**MIKIL FJÖLBREYTNI** Skartgripir, fatnaður, teppi, sundföt og glermunir eru meðal listaverka. MYND/ÚR EINKASAFNI








**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM**
**NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN · FERÐAMÁLASKÓLINN · LEIÐSÖGUSKÓLINN

**Nám sem nýtist þér!**

**Skrifstofubraut I**
Staðbundið nám, tvær annir. Höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.
Fjarnám, þrjár annir. Kennt í lotum.

**Skrifstofubraut II**
Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.
Fjarnám, þrjár annir. Kennt í lotum.

**60+**
Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Viðurkenndur bókari**
Námið skiptist í þrjá hluta; A) reikningshald, b) skattskil og upplýsingakerfi og c) raunhæft verkefni. Námið er ein önn og undirbýr nemendur fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til Viðurkennds bókara skv. 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114. Netfang inga.karlsdottir@mk.is



# KAFFI

FÖSTUDAGUR **17. MAÍ 2013**

## Fljótlegt gæðakaffi

**Dolce Gusto-kaffivélarnar rjúka út enda gera þær eigandanum kleift að útbúa alls kyns ljúffenga kaffidrykki á augabragði.** **SÍÐA 2**

## Alltaf ferskt kaffi

**Með A Modo Mio-kaffivélinni frá AEG er tryggt að hver einasti kaffibolli verður góður.** **SÍÐA 3**

## Matreitt með kaffi

**Kaffiafganga má nota í ískaffi, morgunþeytinginn og kryddlöginn.** **SÍÐA 3**




# Gæðakaffi á skotstundu

**Kaffivélarnar frá Dolce Gusto eru með þeim vinsælustu á markaðnum í dag. Í þær eru sett kaffihylki og er hægt að útbúa uppáhaldsbollann á skotstundu.**

„Dolce Gusto-kaffihylkin innihalda ferskt kaffi. Þeim er smellt í vélina sem hellir upp á einn bolla í einu. Hægt er að velja um missterkt kaffi og alls kyns mjólkuráferð kjósi menn það en þá eru notuð sérstök mjólkurhylki með,“ útskýrir Halldór Kári Ævarsson, verslunarstjóri Heimilistækja.

Með Dolce Gusto-vél á heimilinu geta allir leikið kaffibarþjón. Hægt er að búa til espresso, latte og cappuccino með aðeins nokkrum handtökum og þykir kaffið afbragðsgott.

„Helsti kosturinn er hvað þetta er þægilegt. Flestir kannast við að hella upp á of mikið kaffi í venjulegum vélum og þurfa þá að hella heilmiklu niður. Það gerist ekki með Dolce Gusto,“ segir Halldór Kári en tekur þó fram að vélin henti síður ef ætlunin er að hella upp á marga bolla í einu.

Heimilistæki hóf sölu á vélunum síðastliðið haust og hafa þær notið sívaxandi vinsælda síðan. „Við erum með fjórar gerðir. Það er aðallega útlitsmunur á þremur dýrustu en í þeim er hægt að stilla magnið í bollanum auk þess sem þær slökkva sjálfkrafa á sér. Ódýrustu vélinni þarf að slökkva á sjálfur.“

Hylkin í vélarnar, sem eru umhverfisvæn og eyðast, fást í Heimilistækjum, Fjarðarkaupum og flestum Krónuverslunum og eru sífellt fleiri matvöruverslanir að taka þau inn.


„Helsti kosturinn er hvað þetta er þægilegt,“ segir Halldór Kári Ævarsson. MYND/GVA


Dolce Gusto-vélarnar rjúka út hjá Heimilistækjum en þar fást fjórar mismunandi gerðir ásamt tilheyrandi hylkjum.



Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# Hin fullkomna mjólkurfroða

**Það er kúnst að gera hnausþykka mjólkurfroðu en kemur þó oftast með æfingunni. Hér fara lauflléttar leiðbeiningar.**

Það er fátt sem jafnast á við hnausþykka mjólkurfroðu til að toppa kaffibollann. Yfirleitt er hægt að ganga að svoleiðis lúxus vísum á öllum betri kaffihúsum. Það vefst hins vegar fyrir mörgum að búa hana til upp á eigin spýtur en margir eiga heimilisvél með gufustút auk þess sem þær eru algengar á vinnustöðum. Hér á eftir fara leiðbeiningar um hvernig er gott að bera sig að.

- Best er að nota stálkönnu undir mjólkina. Mælt er með að hún sé geymd í kæli og sé nokkuð köld þegar byrjað er að hita hana. Þannig gefst lengri tími til að freyða mjólkina.

- Sumir nota vökvahitamæli sem dregur úr hættu á að mjólkin brenni við en yfirleitt kemur tilfinningin fyrir réttu hitastigi með æfingunni.

- Hellið mjólkinni í könnuna. Látið stútinn nema við botninn og kveikið á gufunni. Færið stútinn hægt og rólega nær yfirborði mjólkurinnar. Látið stútinn síga þegar mjólkuryfirborðið hækkar og miðið við að hann sé um það bil sentímetra frá yfirborðinu. Mjólkin ætti ekki að teygjast um of og sneiða skal hjá stórum loftbólum. Þetta ætti að gefa jafna og flauelskennda froðu. Athugið að ef eitthvað fer úrskeiðis og mjólkin fer að frussast upp úr könnunni er bara að slökkva á gufunni.

- Færið stútinn út að hlið könnunnar þegar mjólkin er orðin um það bil 37 gráðu heit. Færið hann svo niður að botninum. Snúið stútnum rangsælis hring eftir hring í könnunni þar til mjólkin nær um það bil 68 gráðum. Gætið þess að ekki myndist stórar loftbólur. Froðan á að vera létt.

- Slökkvið nú á stútnum og þurrkið af honum með rökum klút. Látið mjólkina standa í nokkrar sekúndur. Sláið jafnvel aðeins í könnuna til að losna við loftbólur.


Hver vill ekki geta útbúið ljúffengt latte í morgunsárið?


Froðan í senn að vera þétt og létt. NORDICPHOTOS/GETTY




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sigrún Kristinsdóttir, sigrunk@365.is, s. 512-5455
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Lífið

FÖSTUDAGUR
17. MAÍ 2013

Þórunn Högnadóttir ritstjóri
**DREYMIR UM JIMMY CHOO SKÓ 2**

Silja Hrund Einarsdóttir hönnuður
**MYNSTUR, DOPPUR, RENDUR OG LITIR 4**

Jói Fel sjónvarpskokkur
**NÝ BÓK OG SJÓNVARPSÞÁTTUR 10**



## Orðin mamma og verslunareigandi í Portúgal

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

Borgin blómstrar þessa dagana enda búið að vera sólríkt og fallegt veður. Fyrir vikið sjást æ fleiri rölta um göturnar og njóta lífsins. Egill Helgason



sást meðal annars í miðbænum í vikunni með eiginkonu sinni og syni. Vigdís Finnbogadóttir lyfti sér upp og fór í hádegisverð



með vinkonum sínum á Hótel Borg. Á sama tíma sást leikarinn Ólafur Egill Ólafsson á sama tíma á göngu með barnavagn í rólegheitum.





**Lífið**
*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Kolbrún Pálína Helgadóttir**
kolbrunp@365.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Valgarður Gíslason
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**



Flott sýning í alla staði.



Meistari að störfum.

# FÓLK TROÐFULLT Á TIGI-HÁRSÝNINGU

### *ÍSLENSKT HÁRGREIÐSLUFÓLK KOM SAMAN TIL AÐ LÆRA AF EINUM FREMSTA HÁRGREIÐSLUMEISTARA HEIMS.*

Hársýning TIGI fór fram 12. maí síðastliðinn í Austurbæjarbíói fyrir fullu húsi þar sem kennt var það heitasta í hárlitun, klippingu og hárgreiðslu og allt það nýjasta frá tískuvikunum í London og New York. Hárteymi Anthonys Mascolo, sem er einn Mascolo-bræðranna sem stofnuðu Toni & Guy á sínum tíma, sá um kennsluna en hann er einn af fremstu hármeisturum heims.



Dagmar, Anna María og Laufey létu sig ekki vanta.



Anthony Mascolo og Magna Huld Sigurbjörnsdóttir.



Fríða Rut Heimisdóttir og Vilhjálmur Hreinsson, eigendur TIGI á Íslandi.

MYNDIR/MAURO CARRARO.

**Eurovisionpartý í Flash**

**30 % AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FÖSTUD. - LAUGAD.**




FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Vertu vinur

*Uppáhalds*

## ALLTAF LANGAÐ Í JIMMY CHOO-SKÓ

**Þórunn Högna** ritstjóri Home Magazine, er orðin þekktur fagurkeri og smekkkona. Hún á fallegt safn fata og skópara og átti því svolítið erfitt með að velja eina uppáhaldsflík.

**UPPÁHALDSFLÍKIN?** Þetta er erfitt, ég á nokkrar uppáhaldsflíkur, en ég held mikið upp á einn pallíettujakka sem ég fékk fyrir síðustu jól.

**AF HVERJU?** Það er sko þannig að ég er sjúk í allan fatnað sem hefur pallíettur og steina og þessi jakki getur verið kúl bæði dags daglega og líka þegar farið er eitthvert fínt.

**HVAÐAN ER HÚN?** Freebird á Laugavegi.

**HVENÆR KLÆDDISTU HENNI SÍÐAST?** Í 40 ára afmæli núna í apríl.

**HVAÐ KEYPTIRÐU ÞÉR SÍÐAST?** Æðislegan blúndujakka frá Freebird.

**DRAUMAFLÍKIN?** Engin í augnablikinu, en það á örugglega eftir að breytast fljótlega. En mig hefur alltaf langað í Jimmy Choo-skó.






SENSAI
Sveipaðu húðina bronslitu slöri... úr vatni og silki
Aðaluppistaðan í BRONZING GEL er vatn (70%) og extrakt unnið úr hinu undurfína *Koishimaru-silki*.
BRONZING GEL leggst yfir húðina eins og fislétt slör, sveipar hana gegnsæjum lit,
veitir henni ríkulegan raka og í dagsbirtunni ljómar hún óviðjafnanlega.
BRONZING POWDER, byggt á hinni einstöku rakaþéttniformúlu (Moist Thight-Fit),
laðar samstundis fram afar jafnan, endingargóðan og umfram allt náttúrulegan ljóma húðarinnar,
hinnar óaðfinnanlegu Silky Bronze-húðar.
SENSAI
BRONZING GEL
SPF 6
www.sensai-cosmetics.com
Kanebo
INTERNATIONAL

# TÍSKA VÆRI GAMAN AÐ HANNA KJÓL Á ADELE

***Silja Hrund Einarsdóttir, verkfræðingur og fatahönnuður, segir sumarið einkennast af mynstri, doppum, röndum og litagleði.***



**Starf?** Hönnuður og eigandi madebySHE ehf.
**Lá það alltaf fyrir að fara í tískubransann?** Nei, alls ekki. Ég hafði mestan áhuga á stærðfræði og raungreinum almennt í skóla og fór þess vegna í verkfræðinám í Háskóla Íslands eftir menntaskóla og útskrifaðist með B.Sc. í byggingaverkfræði árið 2004. Vann síðan á verkfræðistofu í nokkur ár þar til ég tók algjöra U-beygju og stofnaði madebySHE.
**Hvernig gengur að vera fatahönnuður og reka verslun á sama tíma?** Þetta getur verið púsluspil, ég myndi í rauninni vilja hafa meiri tíma til að hanna og skapa. Þetta hefur samt gengið ágætlega þar sem ég er ekki með opið alla daga í versluninni heldur þrjá daga vikunnar og er síðan með netverslun (www.madebySHE.is) sem er opin allan sólarhringinn. Þannig næ ég að nýta hluta vikunnar í hönnunina og eins fyrir allt hitt sem tengist rekstrinum og ekki næst að gera þegar verslunin er opin. En mér hefur fundist mikilvægt að vera sjálf til staðar í versluninni og vera þannig í kringum kúnnana mína.
**Hvernig gengur að samtvinna ferilinn og móðurhlutverkið?** Það gengur oftast ágætlega en ekki alltaf. Það koma auðvitað tarnir þar sem vinnudagurinn er langur en ég hef reynt að skipuleggja mig vel og tek oft pásu seinnipartinn til að vera með stráknum mínum og held þá frekar áfram á kvöldin eftir að hann er sofnaður. En ég hef verið gjörn á að vinna fram eftir á nóttunni en er að reyna að taka mig aðeins á í því og eitt af markmiðum mínum fyrir 2013 var m.a. að fara fyrr að sofa og það er að takast ágætlega.
**Áttu þér draumaverkefni?** Að vera besta mamma og eiginkona í heimi! Það væri líka gaman að hanna kjól á söngkonuna Adele.
**Hvert er aðaltískuíkonið?** Audrey Hepburn!
**Hvaða strauma munum við sjá í sumar í línunni þinni?** Ég elska hvað það er mikið af fallegum litum í gangi og mikið um mynstraðar flíkur ásamt röndóttu og doppóttu – litríkt og skemmtilegt sumar fram undan!
**Hvert sækirðu innblástur áður en þú sest við teikniborðið eða hvernig verða hugmyndirnar til?** Ég fæ innblástur úti um allt, t.d. frá gömlum ljósmyndum, kvikmyndum, leikhúsum og bara umhverfinu allt í kring.
**Hvaða litir og snið eru í uppáhaldi hjá þér núna?** Grænn, blár, bleikur og appelsínugulur eru svona þeir litir sem eru mest uppáhalds hjá mér þessa stundina. Annars klæðist ég sjálf litríkum, klæðilegum og fallegum flíkum sem eru umfram allt þægilegar og það er það sem ég legg mest upp úr við hönnunina mína hjá madebySHE.
**Hvað dreymir þig um að fá í fataskápinn fyrir sumarið?** Mér finnst ég aldrei eiga nógu marga jakka og skó, en svo vantar mig regnkápu, sólgleraugu, lopapeysu, gúmmítúttur og strigaskó.
**Hvað gerirðu þegar þú ert ekki að vinna?** Þegar maður er með eigin rekstur þá getur verið erfitt að stimpla sig úr vinnunni en ég er að reyna að vera duglegri að kúpla mig aðeins út. Það geri ég t.d. með því að fara út að hlaupa eða í jóga sem mér finnst æðislegt. Svo elska ég að baka, prjóna, fara á kaffihús, og gleyma mér yfir góðri bók eða tímariti og á sumrin elskum við fjölskyldan að fara í útilegur og ferðast um fallega Ísland.


Silja Hrund Einarsdóttir segir oft svolítið erfitt að stimpla sig út úr vinnunni.





# Grillað með Jóa Fel

## Ný og glæsileg grillbók
## sem kemur öllum í rétta grillskapið.

Í bókinni er fjöldi uppskrifta af frábærum grillmat fyrir alla grillara.
Bókin er í stóru broti, ríkulega myndskreytt og á fjórðahundrað blaðsíður.




**Jói Fel mælir með Pik-Nik kartöflu-
stráum með grillmatnum í sumar!**





Chloé Ophelia ásamt syninum Högna.

# CHLOÉ KOMIN Í BESTA HLUTVERKIÐ

**Nýorðin mamma, búsett í Portúgal og búin að opna verslunina MOO frozen yogurt segist Chloé varla geta orðið hamingjusamari.**

**FULLT NAFN**
Chloé Ophelia Gorbulew.

**ALDUR** 31 árs

**HJÚSKAPARSTAÐA**
í sambúð með manninum minum, Árna Elliot til 11 ára og nú loksins trúlofuð.

**BÖRN**
Frumburðurinn okkar hann Högni fæddist þann 7. júlí í fyrra.

**STARF**
Eigandi MOO frozen yogurt í Portúgal, ljósmyndari og móðir.

*Hvernig gengur lífið hjá ykkur fjölskyldunni í Portúgal?* Mjög vel takk, við sjáum reyndar ekki eins mikið af hvert öðru eins og við vildum akkúrat núna en hér er dásamlegt að vera, barnvænt og fallegt. *Hvenær fluttust þið þangað?* Við fluttum hingað í október á síðasta ári frá Frakklandi en þar bjuggum við í Marseille, sem er önnur stærsta borg Frakklands.

*Er mikill munur að búa á þessum stöðum?* Það er einfaldlega ekki hægt að líkja því saman.

*Ákváðu að velja barnvænni stað*

Nú eru þið orðin þrjú í fjölskyldunni, til hamingju með soninn! Gengur foreldrahlutverkið ekki vel? Takk, þetta er búið að vera alveg frábært, eiginlega það besta sem hefur komið fyrir okkur og verður bara betra með hverjum deginum sem líður. Við elskum þetta hlutverk alveg!

*Þið eruð að takast á við fleiri ný og spennandi verkefni um þessar mundir, segðu mér aðeins frá því!* Við vorum að opna nýja verslaun, MOO frozen yogurt hér í Portúgal. Á upprunalega plan-

## Uppáhalds

**MATUR** Sushi og allt sem er sterkt.

**VERSLUN** American vintage, HM, Zara og þegar ég kem til Íslands allar æðislegu íslensku hönnunarbúðirnar.

**VEITINGAHÚS** Ég hef nú ekki borðað á íslandi í dálítinn tíma en á Akureyri er alveg æðislegur Kung Fu sticks + sushi staður. Annars eru nokkrir æðislegir veitingastaðir í Suður-Frakklandi og hér í Algarve sem eru í uppáhaldi líka.

**TÍMARIT** Mér finnst alltaf gaman að lesa ELLE og bara flest öll tískutímarit. Maður skoðar bara svo lítið blöð í dag, þetta er allt á netinu.

**DRYKKUR** Sódavatn og gott glas af víni. Ef ég fæ mér kokteil þá er ég að fíla Capirinha en auðvitað klikkar aldrei gott kampavín.

**VEFSÍÐA** Pintrest.

**HÖNNUÐUR** Balmain, Alexander McQueen, Heidi Slimane og svo eigum við mjög marga flotta íslenska hönnuði.

**HREYFING** Ég hleyp og fer í göngur og stunda yoga/pilates.

**DEKUR** Mitt dekur er bara að vera með fjölskyldunni, fara og finna einhvern æðislegan stað til að borða á og bara njóta lífsins.





*Þetta er búið að vera alveg frábært, eiginlega það besta sem hefur komið fyrir okkur og verður bara betra með hverjum deginum sem líður. Við elskum þetta hlutverk.*

## Myndaalbúmið





Chloé segir mesta dekrið að vera með fjölskyldunni.

inu stóð til að opna þessa verslun í Frakklandi en það voru aðallega tveir hlutir sem breyttu því, Marseille var formlega gerð menningarborg Evrópu 2013 sem olli því að miðbærinn fór í algjört rugl vegna viðgerða og framkvæmda og því erfitt að finna gott pláss og svo fæddist hann Högni okkar. Þá breyttist hugsunin og við ákváðum að finna barnvænni stað til að búa á og starfa.

### Hannaði brandið sjálf

*Hvernig fer verslunin af stað?* Algarve er auðvitað stórt ferðamannasvæði og hér er algjörlega nýtt að selja „Frozen yogurt“. Móttökurnar hafa verið mjög góðar. Sjálf hannaði ég brandið og við létum sérsmíða fyrir okkur kerru sem hefur fengið mikla athygli, svo erum við strax komin með á teikniborðið að opna stærri búð á næstunni svo já, þetta fer vel af stað. Einnig erum við að klára að gera verslunina að „franchise“ því að eru nokkrir sem bíða spenntir eftir því.

*Þið eruð sem sagt ekkert á heimleið á næstunni?* Það eru litlar líkur á því, nema þá bara í heimsókn.

### Saknar íslenska sumarsins

*Eruð þið dugleg að halda sambandi við vini og ættingja á Íslandi?* Við reynum, en maður getur alltaf staðið sig aðeins betur í því.

*Hvers saknar þú helst frá Íslandi?* Án efa allra vina minna og íslenska sumarsins, það er fátt sem toppar það.

*Þú hefur setið mikið fyrir í gegnum tíðina og ferðast víða. Hvað stendur upp úr eftir þann tíma?* Það sem sem situr hvað mest eftir hjá mér eftir þessa reynslu er tíminn sem ég var á Indlandi, þar er yndislegur kúltúr og yndislegt fólk sem gerði það að verkum að ég átti frábæra upplifun þar.

### Með mörg járn í eldinum

*Þú sinnir fleiru en móðurhlutverkinu og nýja fyrirtækinu en þú hefur verið iðin með myndavélina þína í gegnum árin. Er það eitthvað sem þú ætlar að gera meira af í framtíðinni?* Já, ekki spurning. Ég ætla að mynda meira þegar það verður rólegra hjá okkur með haustinu. Vonandi samt ekki of rólegt! Annars gríp ég alltaf í vélina af og til, svona þegar ég hef smá tíma. En auðvitað er aldrei nógu mikill tími til að „leika sér“ með myndavélina eins og mig dreymir um.

*Hvað með matarbloggið ykkar og áhugann. Munum við kannski sjá veitingastað þegar fram líða stundir?* Við getum ekki neitað því að við elskum mat, en við höfum því miður ekki sinnt blogginu nógu vel undanfarið. Annars gæti verið að við hendum bara saman einni djúsí bók á næstunni.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?* Hamingjusamari en ég er núna, ef það er hægt. Með MOO út um alla Evrópu ef ekki bara allan heiminn. Aftur á móti get ég ekki hugsað mér hvar við verðum niður komin í heiminum. Við erum svo miklir ferðamenn.

*Eitthvað að lokum?* Ef þið eigið leið til Algarve í sumar, kíkið þá við hjá okkur á MOO og fáið ykkur ferskan og hollan 98,8% fitulausan jógurt ís.



# 4 RÁÐ ER ORKAN Í LÁGMARKI?

***Orkuleysi getur stafað af uppsöfnuðu eitri í líkamanum, áreiti, fæðuóþoli eða öðru sem við tökum jafnvel ekki eftir. Hér koma fjórar mjög algengar ástæður fyrir orkuleysi og hvernig þú getur breytt þeim til batnaðar á augabragði.***





## 1. SKORTUR Á SVEFNI

Á meðan þú sefur gefur þú líkamanum og heilanum tækifæri til að endurhlaða og safna orku. Svefn er því nauðsynlegur fyrir okkar tilveru en einnig mikilvægur eiginleiki í brennslu líkamans.

*Snögg lausn*

Farðu í háttinn á sama tíma á hverju kvöldi og gefðu líkamanum 7-8 klst. til að sofa. Það er líka frábært að fara örlítið fyrr upp í rúm og lesa t.d. aðeins og ná sér niður. Það gefur líkamanum og heilanum hvíld frá amstri dagsins og tækifæri til að slaka á áður en haldið er í draumalandið og þá verður svefninn betri.

## 2.VATNSSKORTUR



Stór hluti líkamans samanstendur af vatni. Vatn hefur það hlutverk að færa næringarefni milli frumna og flytja úrgang úr lungum, meltingarfærum og nýrum svo þau geti skilað frá sér.

*Snögg lausn*

Fylltu tveggja lítra flösku eða könnu af fersku vatni á hverjum morgni og geymdu inni í ísskáp og drekktu af flöskunni jafnt og þétt yfir daginn. Með þessum hætti tryggirðu þér nógu mikið vatn á hverjum degi.



## 3. SKORTUR Á SÚREFNI

Skortur á súrefni getur valdið því að þú finnir til þreytu, einbeitingarskorts, svima eða slappleika. Góð öndun og útivist getur hjálpað.

*Snögg lausn*

Næst þegar þú kemur heim og vilt taka síðdegislúr farðu þá frekar í gönguskóna og út að ganga í smá stund, það getur komið þér á óvart hvað súrefni og náttúran hafa góð áhrif á orkuna.

## 4. ÓHREINN RISTILL



Ristillinn er eitt stórt fráveitukerfi og með því að vanrækja hann getur þú valdið því að hann verði geymslustaður fyrir eiturefni. Þegar ristillinn er hreinn og eðlilegur ert þú orkumikil og hraust. Að hreinsa ristilinn getur verið eins einfalt og að nota heilfæðuhreinsun.

*Snögg lausn*

Byrjaðu á að velja grænmeti í millimál. Hráar íslenskar gulrætur, tómatar, gúrka og brokkólí eru frábærir kostir. Bættu einnig við trefjum sem millimáli. Prófaðu orkumolann hér að neðan. Trefjar bæta meltingu okkar og hraða ferlinu svo hlutir færast hraðar út og þér líður betur.

## SNÖGGAR LAUSNIR

Með snöggum lausnum getur þú upplifað snögg viðbrögð en aftur á móti getur rót orkuleysis enn verið til staðar og því getur hreinsun komið sterk inn. Hreinsun má líkja við að ýta á endurræsingartakka líkamans svo hann starfi betur og brenni fitu.

Það kemur mörgum á óvart að hægt sé að hreinsa án þess að svelta eða kvelja líkamann.

## Orkumoli

**Góður orkumoli sem hentar vel í hreinsun.**

**Hrákúlur**

3 dl kókosmjöl
1¼ dl kakóduft
1 dl döðlur, smátt saxaðar
1 dl fíkjur, smátt saxaðar
1 dl apríkósur, smátt saxaðar
2 msk. sítrónusafi
1/3 dl kakósmjör, brætt í vatnsbaði
Salt eftir smekk

Allt hráefni er sett í blandara eða matvinnsluvél.

Deigið mótað í kúlur og sett í frysti eða kæli.



Mörgum þykja þessar hrákúlur gefa frá sér örlítið rommbragð, það má rekja til fíkjanna. Þeir sem kunna ekki við bragðið geta prófað hrákúlur með höfrum, rúsínum og/eða kakói.

Nánari upplýsingar á www.lifdutilfulls.is/hreinsun




SUMARKORT
AÐEINS 14.990 KR.
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
KORTIÐ GILDIR TIL 2. SEPTEMBER
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
þín þróun...



Jói á pallinum góða þar sem hann grillaði alla réttina í bókinni.

# MATUR
# ÞAÐ GETA ALLIR GRILLAÐ

***Jói Fel vill meina að allir séu góðir grillarar, bara misgóðir. Sjálfur grillar hann allt árið um kring. Í vikunni kom út ný grillbók eftir Jóa en í henni gefur hann grillurum góð ráð og deilir einföldum uppskriftum.***

Bókin er búin að vera í fjögur ár í vinnslu en hún er byggð upp á einföldum uppskriftum og á þar af leiðandi að henta öllum,“ segir Jói Fel um nýju grillbókina sína, Grillað með Jóa Fel. Bókin er skreytt stórglæsilegum myndum og ætti því ekki að fara fram hjá neinum hvernig réttirnir eiga að líta út. Bókin var mynduð á heimili Jóa, bílskúrnum breytt í stúdíó og pallurinn nýttur undir fjögur grill þar sem Jói grillaði á fullu en allur maturinn í bókinni var eldaður frá grunni fyrir myndatökurnar. Teknar voru um þrjátíu myndir á dag og því nóg um að vera á heimilinu. Með einfaldan smekk

Spurður hvað hann grilli sér helst sjálfur segist hann hafa einfaldan smekk. „Ég vil bara stóra nautasteik og helst með bearnaise-sósu, grilluðu grænmeti og kartöflum. Annars grilla ég allt árið um kring og er oft með grillaðan kjúkling með heimalagaðri BBQ-sósu og salati. Svo er ekkert betra en að fá grillaðan risahamborgara.“ En geta allir grillað? „Allir eru góðir grillarar, bara misgóðir. Það er mjög einfalt að grilla. Aðalmálið við að grilla er að hafa grillið sjóðandi heitt svo maturinn grillist en soðni ekki á grillinu. Þegar verið er að grilla kjöt þarf að brúna það vel og setja það á efri grind eða á kaldari hluta á grillinu svo kjötið fái að eldast rólega, ef steik er of lengi á heitu grillinu á hún til að þorna og verða seig. Til að ekkert klikki er alltaf best að nota kjöthitamæli og þá er hægt að fylgjast betur með hvenær steikin er klár.“

### *Ætlar að njóta sumarsins*

Jói tekur sumrinu fagnandi enda mikil törn nýafstaðin. „Já, ég er búinn að vera alveg á haus undanfarnar vikur við að klára bókina og taka upp grillseríu fyrir Stöð 2 sem sýnd verður í sumar. Þannig að ég ætla að vera heima, njóta lífsins og slaka vel á í sumar og auðvitað grilla í góða veðrinu.“




## Brot úr bókinni



### *Borgari með BBQ-sósu og ananas*

**4 x 180 g hamborgarar**
**hamborgarakrydd**
**4 ostsneiðar**
**4 ananassneiðar úr dós**
**2-3 beikonsneiðar á hvern borgara**
**tómatsneiðar**
**agúrka í sneiðum**
**rauðlaukur í sneiðum**
**blandað salat**
**hamborgarabrauð**

Steikið beikonið. Penslið kjötið með olíu og kryddið með hamborgarakryddi. Steikið hamborgarana á heitu grillinu í 3 mín. á hvorri hlið. Setjið ostinn ofan á rétt í lokin.
Á sama tíma er ananasinn grillaður til hliðar. Hitið brauðið lítillega á grillinu.
Setjið hamborgarann saman. Smyrjið ríflega af sósu á neðra brauðið og raðið agúrku og tómatsneiðum, salati, kjöti, grilluðum ananassneiðum og beikoni ofan á. Setjið ríflega af sósu yfir og lokið með brauðinu.

### *BBQ–sósa*

**2 msk. olía**
**1 lítill laukur**
**4 hvítlauksrif**
**½ tsk. chili-flögur**
**½ msk. paprikuduft**
**1 msk. reykt paprikuduft**
**370 g tómatsósa**
**60 ml eplaedik**
**80 g púðursykur**
**2 msk. Dijon-sinnep**
**80 ml Worcestershire–sósa**
**50 ml vatn**

Saxið lauk og hvítlauk mjög smátt og glærið lítillega í olíu á pönnu. Setjið paprikuduft og chili-flögur saman við. Steikið á vægum hita í 5 mín. Setjið afganginn saman við og látið sjóða í 20 mín. eða þar til sósan er orðin vel þykk. Sigtið sósuna og kælið. Sósan geymist í nokkra daga í kæli

### *Svínarif með viskí–BBQ–sósu*

**2 svínarif**
**2 msk paprikuduft**
**½ msk cayenne–pipar**
**1 msk laukduft**
**salt og pipar**

Blandið kryddunum saman og nuddið vel á rifin og látið standa í u.þ.b. 1 klst. Grillið við mjög vægan hita í 90 mín. Athugið að hitinn má ekki fara mikið yfir 100°C. Takið af grillinu og hækkið hitann.



### *Viskí–BBQ–sósa*

**2 dl tómatsósa**
**100 g púðursykur**
**2 msk. Dijon-sinnep**
**4 msk. teriyaki-sósa**
**3 msk. viskí**

Setjið allt saman í pott og sjóðið í 5 mínútur við vægan hita. Setjið rifin á heitt grillið og eldið í u.þ.b. 15 mín. Berið sósuna yfir svínarifin nokkrum sinnum á meðan eldunin fer fram.

AUGLÝSING: VISTOR KYNNIR

# NÁTTÚRULEG VARA SEM RANNSÓKNIR SÝNA AÐ STYÐJI VIÐ KONUR Á BREYTINGASKEIÐI

**Femmenessence er 100% náttúruleg og lífræn heilsuvara sem vakið hefur mikla athygli fyrir að hjálpa konum á náttúrulegan og auðveldan hátt við að takast á við óþægindi tengd breytingaskeiði og tíðahvörfum.**

Femmenessence er einstakt fæðubótarefni frá bandaríska fyrirtækinu Natural Health International. Það er framleitt úr maca-rót af tegundinni Lipidium peruvianum sem eingöngu vex hátt í Andesfjöllum í Perú. Hið sérstaka og einkaleyfisvarða vinnsluferli rótarinnar gerir Femmenessence að einhverjum áhrifa- og gæðamestu maca-rótarvörum á markaðnum í dag. Fjöldi rannsókna sem birtar hafa verið í virtum vísindatímaritum sýnir fram á að Femmenessence styður við eigin framleiðslu líkamans á hormónum og kemur þannig jafnvægi á hormónabúskap líkamans. Femmenessence getur því dregið úr breytingaskeiðseinkennum, aukið orku, stutt við andlega vellíðan og haft jákvæð áhrif á hjarta- og beinheilsu.

Femmenessence er frábrugðið öðrum vörum á markaðnum þar sem það er fyrsta varan sem sýnt hefur verið fram á með klínískum rannsóknum að jafni öll hormónagildi en ekki bara eitt eða tvö. Aðrar vörur á markaðnum hækka ýmist estrógen, prógesterón eða LH en Femmenessence hækkar öll þrjú ásamt því að lækka FSH, en það er einmitt aukið FSH sem veldur mörgum af þeim einkennum sem konur finna fyrir á breytingaskeiði.

### Inniheldur engin hormón

Það sem er einstakt við Femmenessence er að það inniheldur engin hormón, hvorki gervihormón né plöntuhormón, til að jafna þessi gildi. Að sögn Báru Einarsdóttur markaðsstjóra og Guðnýjar Traustadóttur, markaðsfulltrúa hjá Vistor, umboðsaðila Femmenessence á Íslandi, „örvar Femmenessence eigin hormónabúskap kvenna sem komnar eru að breytingaskeiði svo líkaminn nái jafnvægi. Það hjálpar svo til við að viðhalda eðlilegum hormónabúskap í stað þess að þurfa stöðugt að taka inn utanaðkomandi hormón“.

### Marktækar rannsóknir

Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að margs konar ávinningur er af því að nota Femmenessence. Rannsóknir hafa sýnt að Femmenessence dregur marktækt úr hitaköstum, nætursvita og leggangaþurrki, auk þess að létta lund og veita aukna orku. Það getur hjálpað til við að hækka estrógen (án þess að örva estrógenviðtaka) og auka beinþéttni, draga úr FSH-gildum og lækka þríglýseríð og lágþéttnifituprótín, þ.e. LDL eða „vonda“ kólesterólið í blóði.

### Jákvæð áhrif á tíu dögum

Femmenessence getur nýst öllum konum á breytingaskeiði. Leggja þær Guðný og Bára til að konur byrji að nota Femmenessence MacaLife áður en breytingaskeiðseinkenni verða mjög áþreifanleg því það auðveldi umskiptin á þessu skeiði. „Konur sem ekki eru farnar að finna fyrir einkennum breytingaskeiðs finna mun á almennri heilsu sinni og vellíðan sem meðal annars kemur fram í aukinni orku, betri nætursvefni og almennri vellíðan,“ upplýsa þær. Einnig segja þær „að konur sem nota Femmenessence finni að meðaltali fyrir jákvæðum áhrifum á aðeins tíu dögum og meirihlutinn finni fyrir framförum á bilinu frá tveimur dögum til sex vikna“.



Guðný Traustadóttir markaðsfulltrúi og Bára Einarsdóttir, markaðsstjóri hjá Vistor, umboðsaðila Femmenessence á Íslandi.

## 3 TEGUNDIR AF FEMMENESSENCE FYRIR KONUR




**Femmenessence MacaHarmony** er fyrir konur á barneignaraldri sem vilja jafna hormónasveiflur, koma jafnvægi á tíðahringinn og draga úr sársaukafullum blæðingum, fyrirtíðaspennu og hormónatengdum unglingabólum. Auk þess styður Femmenessence MacaHarmony við frjósemi og grundvallarheilbrigði.




**Femmenessence MacaLife** er fyrir konur eftir fertugt og þær konur sem finna fyrir breytingaskeiðseinkennum. Macalife styður við kynlöngun, dregur úr hitakófum og nætursvita, dregur úr leggangaþurrki, eykur orku og úthald, eykur beinþéttni, dregur úr skapsveiflum og pirringi og léttir lund.




**Femmenessence MacaPause** er ætlað konum eftir tíðahvörf. Rannsóknir sýna að MacaPause minnkar tíðahvarfaeinkenni hjá 84% kvenna. MacaPause dregur úr hitakófum og nætursvita, styður við kynhvötina, dregur úr leggangaþurrki, eykur beinþéttni, léttir lund og bjartsýni og eykur orku og úthald.

## REVOLUTION MACALIBRIUM FYRIR KARLMENN

Revolution Macalibrium er sérsniðið fyrir karlmenn á öllum aldri. Það er einnig unnið úr maca-rót og styður við og nærir eigin hormónaframleiðslu karlmanna án þess að vera hormón.




Margir karlmenn eiga erfitt með að átta sig á breytingum sem eiga sér stað í líkamanum þegar þeir komast á fertugsaldur. Þá dregur úr náttúrulegri framleiðslu á hormónum á borð við testósterón og vaxtarhormón, sem getur leitt til orkuleysis, erfiðleika við að léttast og áhrifa á almennt heilsufar og kynlíf, s.s. minni kynlöngun.

Rannsóknir hafa sýnt að Revolution Macalibrium styður kynferðislega virkni, eykur sæðisframleiðslu, eykur orku, styður heilbrigt magn þríglýseríða og kortisóls og styður hjarta- og æðakerfið. Auk þess er Revolution fyrirtaks fæðubótarefni fyrir íþróttamenn sem vilja auka styrk sinn og úthald.

## MACA-RÓT

Maca-rótin Lepidium Peruvianum er ein af 175 Lepidium maca-tegundum.
Innan Maca Lepidium Peruvianum eru 13 mismunandi arfgerðir. Hver arfgerð hefur sinn lit og greiningarsnið og hefur hver arfgerð mismunandi mismunandi líffræðileg áhrif á líkamann.
Natural Health International hefur einangrað virk efni rótarinnar og er það mismunandi samsetning arfgerðanna sem gerir það að verkum að hægt er að miða vörurnar að hverju æviskeiði kvenna fyrir sig annars vegar og að karlmönnum hins vegar.



**Fæst í flestum apótekum og í Heilsuhúsinu**

## VOTTANIR

Femmenessence og Revolution eru með lífræna vottun í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan og eru framleidd undir GMP og ströngum gæðastöðlum. Vörurnar eru með sanngirnisvottun/Fair Trade sem tryggir að framleiðendur og bændur í þriðja heiminum fái sanngjörn laun fyrir vinnu sína og að barnaþrælkun á sér ekki stað við framleiðslu þeirra. Allar umbúðir eru umhverfisvænar og hylkin eru þynnupökkuð, sem tryggir að innihaldið er jafn virkt eftir opnun umbúða svo að súrefni og sólarljós kemst ekki að til að draga úr virkni macarótarinnar.

Femmenessence inniheldur hvorki soja, mulin hörfræ, ísóflavón (plöntuestrógen) né hormóna.

## HEIMILDIR


Basic Clinical Pharmacology Toxicicol. Vol. 97, Supp I (1): 47. Meissner, H.O., Reich-Bilinska, H., Kedzia, B. (2005). Pre-Gelatinised Maca (Lepidium peruvianum Chacon) As Non-Hormonal Herbal Remedy To Treat Menopausal Symptoms In Pre- And Post-Menopausal Women.

Proc. 16th Annual Meeting North American Menopause Assoc. Sept. 28 – Oct. 1, 2005, San Diego, CA. Menopause. 2005; 12 (6): 813Meissner, H.O., Reich-Bilinska, H., Mrozikiewicz, P.M., Mscisz, A.., Lowicka, A.., Bobkiewicz-Kozlowska, T., Kedzia, Hormone-balancing and Pharmacological Effects of Therapeutic Doses of Lepidium peruvianum in Postmenopausal Women.

Intl. Journal of Biomedical Science 2006: Vol. 2, No. 2. 143. Meissner H.O., Reich-Bilinska H., Mscisz A., Kedzia, B.
Therapeutic effect of Lepidium peruvianum Chacon (Pre-Gelatinised Maca) used as a non-hormonal alternative to HRT in Peri-menopausal women
– Clinical Pilot Study.



## ...spjörunum úr

**Helgi Jean Claessen**

31 árs, ritstjóri á Menn.is ásamt því að vera tilfinningaflækjuleysari.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Gott ef það var ekki móðir mín. Hún hefur svo óskaplegt dálæti á mér.

**En kysstir?** Það var stúlka, hverrar fegurð verður ekki lýst í orðum (það var ekki mamma – þótt hún sé auðvitað líka forkunnarfögur)

**Hvaða galla í eigin fari ertu búinn að umbera allt of lengi?** Ég er alltof hjálpsamur og gjafmildur – en stefni á að bæta mig.

**Ertu hörundsár?** Ég er dulítið sólbrunninn sökum veru minnar í Flórída en ég horfi til framtíðar fullrar af tani.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Ég reyni að dansa ekki mikið án áhorfenda, því það er sama sóunin og þegar Michael Jackson söng lögin sín einn í sturtunni.

**Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig?** Þegar ég klæddi mig í diskógallann með stóra krossinum á bakinu sem Pétur Halldórs lánaði mér.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Aldrei nema það séu hlutir sem raunverulega skipta mig máli í lífinu – eins og ef það er ekki laus rástími í golfi.

**Tekurðu strætó?** Ég hef séð þessa gulu jeppa keyra um göturnar í Reykjavík – en velti líka oft fyrir mér af hverju fólkið sem fer í strætó kaupir sér ekki sinn eigin jeppa. Þá ræður maður alveg sjálfur ferðum sínum.

**Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag?** Það líður oft langur, langur tími milli þess sem ég fer inn á Facebook. Til dæmis fer ég ekkert á Facebook frá því ég sofna um kvöldið og vakna um morguninn.

**Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim?** Ég hitti Loga Bergmann um daginn og roðnaði niður í tær. Hann var eitthvað að skjalla mig fyrir fagran limaburð en ég hafði ekki hjarta í mér til að segja að hann væri með opna buxnaklauf.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Eiginlega ekki neinu sem slíku, nema kannski því að ég er mjög góðhjartaður fjöldamorðingi (eins og Dexter).

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Ég ætla alls ekki að dansa uppi á borði í næturklúbbi með Pétri í diskómúnderingu með krossi á bakinu – en ég er að ljúga.

## HELGARMATURINN

*Dásamlegt sumarsalat með nautavöðva. Anna Birna Helgadóttir á heiðurinn af þessu bragðgóða og einfalda salati sem fæddist eitt sumarkvöldið í eldhúsinu hjá henni.*

**Salatblanda**
**Tómatar**
**Rauð paprika**
**Sellerí**
**Rauðlaukur í strimlum steiktur á vægum hita upp úr balsamikediki**
**Avókadó**
**Ristaðar furuhnetur**
**Fetakubbur muldur yfir**

Nautavöðvi (innralæri eða lund) kryddaður með salti og pipar og snöggsteiktur 2-3 mín. á hvorri hlið (medium rare). Skerið í þunnar sneiðar og dreifið yfir salatið.



Salatið góða.

Gott er að bæta einhverjum ávöxtum við eins og mangói, jarðarberjum eða bláberjum.
Verði ykkur að góðu.



Anna Birna Helgadóttir.

vísir keldan.is

Ert þú í hópi fjárfesta framtíðarinnar?

Stofnaðu lið í Ávöxtunarleik Keldunnar NÝTT




Ávöxtunarleikurinn
keldan NASDAQ OMX vísir Libra vib

Nú er hægt að stofna lið í Ávöxtunarleiknum og bjóða vinum á Facebook með í keppnina.

Það lið vinnur sem nær bestu heildarávöxtuninni að teknu tilliti til fjölda liðsmanna.

Vinningsliðið fær gjafabréf fyrir allt að 10 manns á Sjávargrillinu.




Skráðu þig á visir.is

Keppnin er opin öllum, 15 ára og eldri, og fer skráning fram á vefnum visir.is. Hver þátttakandi fær 10 milljónir Keldukróna til þess að fjárfesta í mismunandi flokkum.

Vegleg verðlaun

Þeir þátttakendur sem skila bestu ávöxtuninni þegar keppnin verður gerð upp næsta vor eiga kost á veglegum verðlaunum. **Meðal vinninga er flug fyrir 2 til New York með Icelandair og 200 þúsund kr. inneign í sjóði VÍB.**

# Handhægar og auðveldar í notkun

Ferskleiki kaffisins er tryggður með espresso-kaffivélinni A Modo Mio frá AEG sem framleidd er í samstarfi við Lavazza á Ítalíu. Í vélina er notað fyrsta flokks kaffi sem pakkað er í lofttæmd hylki. Vélarnar eru litlar og auðveldar í notkun sem gerir þær að frábærri viðbót í öll eldhús, hvort sem er á heimili, í bústaðnum eða á vinnustaðnum.

Kaffivélin A Modo Mio er nýjung á markaðnum. Vélin er fallega hönnuð í klassískum og fáguðum stíl en í hana eru notuð hylki með kaffi frá Lavazza sem einnig komu ný á markað í tengslum við vélina.

„A Modo Mio er handhæg og sérstaklega skemmtileg heimilisvél en hentar einnig vel á vinnustöðum og víðar," segir Sigrún Jóna Norðdahl, kaffibarþjónn og sölufulltrúi hjá Karli K. Karlssyni hf. sem fer með umboð Lavazza-kaffis. Kaffivélin sjálf er flutt inn af Ormsson en hana má fá í nokkrum litum og útgáfum.

Stærsti kosturinn við vélina að sögn Sigrúnar er að hver einasti kaffibolli verður góður. „Kaffið úr vélinni er alltaf ferskt og gott enda er hverjum kaffiskammti þjappað í lokað, loftþétt hylki sem tryggir gæði kaffisins. Þannig missir kaffið ekkert af ferskleika sínum enda kemst súrefnið ekki að því," upplýsir hún.

Hægt er að velja á milli átta mismunandi kaffiblandna frá A Modo Mio. „Þetta er hentugt því þannig getur hver og einn á heimilinu átt sína eigin kaffiblöndu enda ekki lagaður nema einn bolli í einu," segir Sigrún og bætir við að með vélinni sé hægt að útbúa mismunandi gerðir af kaffidrykkjum. „Auðvelt er að útbúa t.d. latte, cappuccino, espresso og americano, allt eftir smekk hvers og eins."

Hvert kaffihylki inniheldur 100% Lavazza-kaffi. „Lavazza er rótgróið ítalskt kaffibrennslufyrirtæki sem hefur verið í eigu sömu fjölskyldu í fjóra ættliði. Fyrirtækið sérhæfir sig í espressokaffiblöndum þótt einnig sé hægt að fá aðrar blöndur. Hjá Lavazza er lögð mikil áhersla á að velja gott hráefni svo blöndurnar haldist alltaf eins," segir Sigrún og bendir á að allt kaffið frá Lavazza sé unnið á Ítalíu. Kaffihylkin í nýju kaffivélina má fá í helstu matvöruverslunum en einnig í Ormsson og hjá Karli K. Karlssyni.


Hægt er að velja á milli átta mismunandi kaffiblandna frá A Modo Mio.

A Modo Mio kaffivélarnar fást í þremur tegundum og eru á verðbilinu 29.900 til 45.900 krónur. Þær fást meðal annars í verslunum Ormsson og hjá Karli K. Karlssyni í Skútuvogi 5. Vélarnar eru allar eins í grunninn og er hægt að stilla vatnsmagn í hvern bolla eftir hentugleika og freyða mjólk, auk þess sem ein tegundin hefur áfastan mjólkurfreyðara. Vatnstankur vélarinnar tekur tæpan lítra og vélin hefur 15-bara þrýsting sem tryggir góða „cremu" og gott hitastig í hverjum bolla.

Nánari upplýsingar um vélarnar má finna á **www.ormsson.is**


Stærsti kosturinn við vélina að sögn Sigrúnar er að hver einasti kaffibolli verður góður. „Kaffið úr vélinni er alltaf ferskt og gott enda er hverjum kaffiskammti þjappað í lokað, loftþétt hylki sem tryggir gæði kaffisins." MYND/GVA



# Kjöt kaffært í kaffi

Kaffi má nýta á ýmsan annan hátt en með rjómablandi í rósóttum bolla. Kaldan kaffiafgang má til dæmis nota í ískaffi eða í þeyting. Þá er rótsterkt kaffi kjörið í marineringarlög á rifjasteikina áður en hún fer á grillið.

Einfaldasta nýtingin á afgangskaffi er að kæla það í ísskáp og nota í ískaffi síðar. Þá er bráðsniðugt að frysta kaffi í ísmolaboxi og nota í morgunþeytinginn ásamt frosnum banönum og kókosmjólk. Kaffi er einnig mjög gott í kryddlöginn sem marinera á rifjasteikina í áður en henni er skellt á grillið.



**Kaffimarinering**

4 bollar vatn
3 bollar sterkt kaffi, kælt
1/2 bolli kosher-salt
3 msk. og 2 tsk. að auki af dökkum púðursykri
1/4 bolli hlynsíróp
2 msk. saxað rósmarín
2 msk. og 1 tsk. að auki af Worchestershire-sósu
2 bollar ísmolar
2 kg rifjasteik

*Hrærið vatni, kaffi, salti og sykri í stóra skál og þar til sykurinn og saltið leysist upp. Bætið þá sírópi, rósmaríni, worchestershire-sósu og ísmolum út í og hrærið þar til þeir bráðna. Setjið þá rifin út í löginn og fergið svo lögurinn fljóti vel yfir. Lokið og geymið í kæli í 6 tíma. Grillið.*
*www.bonappetit.com*

jura SWISS MADE
Fyrir heimili og vinnustaði

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á að leika sér



## STARBUCKS VEX UM VÍÐA VERÖLD

Gísli heldur til Þýskalands í júlí í þeim tilgangi að setja upp Ofviðrið í München ásamt Birni Helgasyni ljósahönnuði og Berki Jónssyni leikmyndahönnuði. Í ágúst stígur hann svo á svið í Ósló í uppsetningu á Hamskiptunum. Gísli mun ekki eiga í neinum vandræðum með að fara með textann á norsku því hann ólst þar upp. „Ég er altalandi á norsku og ég hlakka mikið til að setja upp verkið þar. Það er alltaf ákveðin nostalgía sem fylgir því að koma aftur til gömlu heimahaganna í Noregi.“ - sm



**Í LIÐ MEÐ CAIN** Gísli Örn Garðarsson fer með hlutverk í kvikmyndinni Terra Infirma. Christopher Cain leikstýrir henni, en hann á heiðurinn af klassíkinni Young Guns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**YOUNG GUNS** Emilio Estevez í hlutverki sínu í vestranum vinsæla.

# Fyrsta plata Æfingar

Sveitaballasveitin Æfing frá Flateyri gefur út fyrstu plötuna.

Sveitaballahjómsveitin Æfing frá Flateyri hefur gefið út sína fyrstu plötu, Fyrstu 45 árin. Alls kyns tónlistarstefnur eru á plötunni, m.a. vals, kántrí, rokkabillý, ballöður, vögguvísur og hipparokk. Núverandi meðlimir sveitarinnar eru Árni Benediktsson, Siggi Björns, Jón Ingiberg Guðmundsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson og Fjallabróðirinn Halldór Gunnar Pálsson. Æfing var stofnuð árið 1968 og lagði í framhaldinu ballmarkaðinn á Vestfjörðum og nærsveitum undir sig næstu tuttugu árin. Eftir langt hlé var hljómsveitin endurvakin árið 2009.

Á hvítasunnunni verða veglegir útgáfutónleikar á stóra sviði Samkomuhússins á Flateyri. Á næsta ári spilar hljómsveitin svo á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður á Ísafirði.



**ÆFING** Strákarnir í Æfingu hafa gefið út sína fyrstu plötu.

## Lopez útilokar ekki brúðkaup

**Jennifer Lopez** útilokar ekki að hún muni ganga í hjónaband með kærasta sínum, dansaranum **Casper Smart**, í framtíðinni. Þetta segir hún í viðtali við ET Online.

„Hann er mjög skapandi. Hann veit hverju ég vil ná fram, hann hjálpar mér og ég hjálpa honum og það virkar vel,“ sagði leik- og söngkonan. Smart hefur samið dansana fyrir tónlistarmyndbönd Lopez, nú síðast við lagið Live it, og sést gjarnan í myndböndum söngkonunnar.

Lopez segir sambandið heilbrigt og gott og útilokar ekki brúðkaup í framtíðinni. „Mér finnst gaman að vera gift,“ segir Lopez, en hún á þrjú hjónabönd að baki.



## Til minningar um Hanneman

Bandaríska þungarokkhljómsveitin Slayer hefur tilkynnt að athöfn verði haldin í Hollywood í næstu viku til minningar um gítarleikarann **Jeff Hanneman**. Hann lést fyrir tveimur vikum úr lifrarbilun eftir að hafa verið bitinn af könguló. Hinn 49 ára Hanneman, sem samdi lög Slayer á borð við Raining Blood og Angel of Death, var bitinn árið 2011 og hafði glímt við erfið veikindi síðan þá. Athöfnin verður á tónleikastaðnum Hollywood Palladium og á að standa yfir í fjórar klukkustundir.





# Leiðinlegt að missa Randy

Ryan Seacrest, kynnirinn í American Idol, er leiður yfir því að Randy Jackson ætli að hætta sem dómari í sjónvarpsþáttunum. Jackson tilkynnti fyrr í mánuðinum að hann yrði ekki á meðal dómara í næstu þáttaröð.

„Mér fannst leiðinlegt að heyra að vinur minn Randy væri að hætta,“ sagði Seacrest við E! News. „Frá mínum bæjardyrum séð þá standa dyrnar þér alltaf opnar viljir þú koma aftur heim, Randy.“ Annar dómari, kántrísöngvarinn Keith Urban, vill aftur á móti halda áfram í næstu þáttaröð.


**RYAN SEACREST** Kynninum þykir leiðinlegt að sjá á bak Randy Jackson.

# Rowland er bitur út í Beyoncé

Syngur um samband sitt og stórstjörnunnar í nýjasta smáskífulaginu sínu.

Kelly Rowland, sem var í hljómsveitinni Destiny‘s Child ásamt Beyoncé, syngur um samband sitt við stórstjörnuna í laginu Dirty Laundry af næstu plötu Rowland, Talk a Good Game.

Meginþema textans við Dirty Laundry er gremja Rowland vegna þess hvernig ferill söngkonunnar hefur þróast í samanburði við Beyoncé, sem er ein vinsælasta söngkona heims. Rowland segist oft og tíðum bitur og jafnvel reið út í Beyoncé og kunna því illa að vera í skugga söngkonunnar. Ekki minni athygli hefur sá kafli lagsins hlotið sem fjallar um fyrrverandi unnusta Rowland sem beitti hana ofbeldi. Meðal þess sem kærastinn fyrrverandi sagði við söngkonuna, eftir að hafa brotið rúðu, var að enginn elskaði hana nema hann, hvorugt foreldra Rowland og sér í lagi ekki Beyoncé.


**DESTINY‘S CHILD** Beyoncé (lengst til vinstri) og Kelly Rowland (lengst til hægri) hafa átt nokkuð ólíku gengi að fagna síðan hljómsveitin vinsælda lagði upp laupana.


**SCARLETT JOHANSSON** Leikkonan ætlar að leikstýra sinni fyrstu mynd.

# Leikstýrir sinni fyrstu mynd

**Leikkonan Scarlett Johansson ætlar að leikstýra sinni fyrstu mynd. Hún nefnist Summer Crossing og er byggð á fyrstu skáldsögu Trumans Capote.**

**Tilkynnt var um gerð myndarinnar á Cannes-hátíðinni í Frakklandi. Hún gerist sumarið 1945 og fjallar um sautján ára stúlku sem ákveður að fara ekki í frí með foreldrum sínum til Parísar. Í staðinn vill hún eyða sumrinu með kærasta sínum sem er gyðingur og vinnur við að leggja bílum í stæði. „Að geta fært þessa sögu yfir á hvíta tjaldið í minni fyrstu mynd sem leikstjóri er algjör draumur fyrir mig og mikil forréttindi,“ sagði Johansson.**


**MACAULAY CULKIN** Vinir og velunnarar óttast um hann. Hugsanlega er leikarinn Seth Green þeirra á meðal.

# Reykir þrjá pakka á dag

Fyrrverandi barnastjarnan Macaulay Culkin, sem nú er 32 ára, reykir þrjá pakka af sígarettum á dag og vinir og velunnarar óttast um heilsu hans, ef marka má breska dagblaðið National Enquirer.

Getgátur voru uppi um að Culkin, sem flestir muna eftir úr Home Alone-myndunum, væri djúpt sokkinn í neyslu heróíns og ljósmyndir af leikaranum renndu stoðum undir þær. Nú segja heimildarmenn National Enquirer hins vegar að Culkin hafi skipt heróíninu út fyrir tóbak. Þá heyrast einnig raddir þess efnis að Culkin búi þessa dagana með eiturlyfjafíklinum Pete Doherty, söngvara Babyshambles, í París.

HEILDSÖLU
lager hreinsun
Fatnaður á alla fjölskylduna

Fyllið fataskápinn fyrir spottprís

Vönduð og góð merkjavara
á mögnuðum afslætti:

| | |
|---|---|
| Jakkaföt frá 4.000 kr. | Herraskyrtur frá 1.990 kr. |
| Peysur frá 1.500 kr. | Ýmiss konar barnafatnaður |
| Sokkar frá 100 kr. | frá 499 kr. |
| Gallabuxur frá 3.000 kr. | Dömu- og herrabolir frá 990 kr. |




Lagerhreinsunin fer fram að Höfðabakka 9, fyrir aftan þetta þekkta hús á höfðanum.

NÝTT
kortatímabil
VISA MasterCard

RÚN
HEILDVERSLUN
Höfðabakka 9 110 Reykjavík

Opnunartímar:
Föstudagur 11-19
Laugardagur 10-16
Mánudagur 10-16 (annar í Hvítasunnu)
Virkir dagar 11-19 (meðan birgðir endast)




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| STAR TREK 3D | 4, 5.20, 8, 10.40 | 12 |
| MAMA | 8, 10.10 | 16 |
| LATIBÆR | 4 | L |
| OBLIVION | 5.30 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5 - 8 - 10:55 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 FORSÝND | KL. 10:55 | 12 |
| FAST & FURIOUS 6 VIP FORSÝND | KL. 10:55 | VIP |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS VIP | KL. 5:10 - 8 | VIP |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:40 | 12 |
| OLYMPUS HAS FALLEN | KL. 5:30 -8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| FAST & FURIOUS 6 FORSÝND | KL. 10:40 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 8 | 12 |
| IRON MAN 3 2D | KL. 5:20 - 10:55 | 12 |
| THE CROODS ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:50 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| ÓFEIGUR GENGUR AFTUR | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GREAT GATSBY 2D | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| STAR TREK INTO DARKNESS 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| IRON MAN 3 3D | KL. 10:55 | 12 |




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STAR TREK 3D | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| STAR TREK | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |
| MAMA | KL. 10.15 | 16 |
| THE CALL | KL. 8 | 16 |
| EVIL DEAD | KL. 8 - 10.10 | 18 |
| LATIBÆR | KL. 3.30 | L |
| THE CROODS 3D ÍSL. TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE CROODS 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE GREAT GATSBY | KL. 6 - 9 | 12 |
| THE GREAT GATSBY 3D ÓTEXTAÐ | KL. 9 | 12 |
| THE NUMBERS STATION | KL. 5.50 - 8 | 16 |
| PLACE BEYOND THE PINES | KL. 6 - 9 | 12 |
| EVIL DEAD | KL. 10.10 | 18 |
| FALSKUR FUGL | KL. 6 | 14 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MAMA | KL. 8 - 10 | 16 |
| NUMBERS STATION | KL. 6 - 8 | 12 |
| EVIL DEAD | KL. 10 | 14 |
| THE CALL | KL. 6 | 16 |




# VSUAHÁÍ og hagvöxturinn

**BAKÞANKAR**
Magnúsar Þorláks Lúðvíkssonar



**ROBERT** Kennedy sagði eitt sinn að landsframleiðsla mældi allt nema það sem gerði lífið þess virði að lifa því. Ég rifja þessi ummæli upp í tengslum við nýútkomnar tillögur svokallaðrar verkefnisstjórnar Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi (VSUAHÁÍ, nei, hjálpar ekki) en tillögurnar eiga að stuðla að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi og 3,5% árlegum hagvexti til ársins 2030.

**TILLÖGURNAR** hafa verið gagnrýndar á þeim forsendum að þær nálgist lífskjör frá of þröngu sjónarhorni með því að leggja áherslu á landsframleiðslu sem, eins og Kennedy benti á, er mjög ófullkominn mælikvarði á lífskjör. Inn í gagnrýnina fléttast svo hagvaxtarþreyta sem ég verð var við hjá, í það minnsta, minni eigin kynslóð. Það er kannski ekki skrítið enda er ég af þeirri kynslóð sem ólst upp á þeim tíma þegar allt snerist um hagvöxt en varð fullorðin þegar góðærið sprakk framan í okkur. Aldeilis frábært! Raunar er hagvaxtarhugtakið í huga sumra orðið svo tengt stóriðju að þeir telja hagvöxt beinlínis óæskilegan.

**EN** er hagvöxtur ofmetinn eða jafnvel óæskilegur? Svarið við fyrstu spurningunni er kannski en við þeirri seinni hreint nei. Í fyrsta lagi ber að hafa í huga að stærstu aflvakar hagvaxtar til lengri tíma eru tækniframfarir og fólksfjölgun. Í ljósi þess að Íslendingum er að fjölga og þess að það er talsvert af sniðugu fólki í heiminum þá væri það einfaldlega óeðlilegt ef það væri ekki hagvöxtur á Íslandi flest ár. Þar fyrir utan er að flestu leyti þægilegra að búa í landi þar sem efnahagslífið er að vaxa. Fyrir því eru ýmsar ástæður en mér finnst réttast að staldra við eina.

**ÞAÐ** er erfiðara að reka fólk en að ráða fólk ekki. Í stöðnuðu hagkerfi er því erfitt fyrir ungt fólk að fá spennandi atvinnutækifæri. Það þarf ekki annað en að líta til Suður-Evrópu til að fá staðfestingu á því. Því þótt hagvöxtur mæli ekki heilsu barna, gæði menntunar eða gleði leiks (Kennedy var orðheppinn) þá er umtalsvert þægilegra að búa í landi þar sem efnahagslífið er að vaxa en því þar sem það er staðnað. Sérstaklega fyrir ungt fólk.

# Mew og Múm spila á Ja Ja Ja

## Norræna tónlistarhátíðin Ja Ja Ja haldin í fyrsta sinn í London í nóvember.



**MEW** Jonas Bjerre og félagar í Mew spila á tónlistarhátíðinni Ja Ja Ja. NORDICPHOTOS/GETTY

Norræna tónlistarhátíðin Ja Ja Ja verður haldin í fyrsta sinn í London 8. og 9. nóvember.

Danska hljómsveitin Mew og hin íslenska Múm koma báðar fram. Þá hefur verið ákveðið að Copenhagen Documentary Festival verði samstarfsaðili og velji heimildarmyndir sem þar verða sýndar.

Hátíðin er unnin í samstarfi við Roundhouse, sem er menningarhús í hverfinu Camden í London og er ætlað fyrir 3.500 áhorfendur.

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Nomex, stýrir hátíðinni. Hún segir hana gott tækifæri til að ýta undir þann áhuga sem Bretar sýna Norðurlöndum og norrænni menningu. „Ja Ja Ja hefur fengið mjög góðar viðtökur sem klúbbakvöld. Roundhouse er góður samstarfsaðili til að þróa hátíð með. Húsið er sérstakt og fólkið sem vinnur þarna hefur mikinn áhuga og skilning á menningarlegum straumum og stefnum,“ segir Anna Hildur. „Það er líka gaman að fá tækifæri til að tengja saman ólíka menningararfleifð, tónlist, kvikmyndir og matargerð, þannig að gestir fái að smakka, hlusta og horfa á það sem kemur frá Norðurlöndum á einum og sama stað.“

Miðasala á hátíðina hefur verið opnuð hjá Roundhouse. - fb

# Liu þakkar bróður sínum



Lucy Liu fer með hlutverk Dr. Watson í þáttaröðinni Elementary. Þættirnir eru spennuþættir og fjalla um nútímalegan Sherlock Holmes sem leikinn er af Jonny Lee Miller.

Í viðtali við vefritið The Edit þakkar Liu bróður sínum fyrir þann stuðning sem hann veitti henni er hún tók sín fyrstu skref í leiklistinni. „Foreldrar mínir vildu að ég fengi mér hefðbundna vinnu. Bróðir minn, John, leyfði mér að gista hjá sér á meðan ég var að koma mér fyrir. Við bjuggum í einu herbergi með engu eldhúsi. Ég svaf á gólfinu og hann og meðleigjandi hans sváfu í koju. Án hans hefði ég líklega aldrei reynt fyrir mér í leiklistinni,“ sagði leikkonan.

**Á GÓÐAN BRÓÐUR** Lucy Liu þakkar bróður sínum fyrir stuðninginn sem hann veitti henni ungri.

# Tónleikaferð um Evrópu



**SIN FANG** Sin Fang er hugarfóstur tónlistarmannsins Sindra Más Sigfússonar. MYND/INGIBJÖRG BIRGISDÓTTIR

Hljómsveitin Sin Fang er á leiðinni í tónleikaferðalag um Evrópu, sem hefst í Þýskalandi í kvöld. Átján tónleikar eru fyrirhugaðir og verða þeir síðustu í Berlín í byrjun júní.

Sing Fang gaf nýverið út sína þriðju plötu, Flowers, sem hefur fengið góðar undirtektir tónlistarunnenda og gagnrýnenda. Útgáfutónleikar verða haldnir í Iðnó 12. júlí og mun sigurhljómsveit Músíktilrauna, Vök, hita upp. Miðasala hefst í dag á Midi.is.





MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS

| | | |
|---|---|---|
| IN MEMORIAM? | (L) | 18:00, 20:00 |
| HANNAH ARENDT | (12) | 17:50, 20:00 |
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 22:00 |
| ON THE ROAD | (L) | 20:00, 22:20 |
| DÁVALDURINN | (16) | 22:10 |

# VORÚTSALA

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR Á ÚTSÖLUNNI

Philips Bluetooth
HÖGGVARINN HÁTALARI
Frábær í fríið.
Verð aðeins 19.990
Fullt verð 49.990
Sparið 30.000
60% AFSLÁTTUR

Philips 32" 3D
Ambilight SJÓNVARP
Verð áður 219.990
Tilboð 149.990
Sparið 70.000
32% AFSLÁTTUR

Panasonic 55" 3D
SmartViera SJÓNVARP
Verð áður 499.990
Tilboð 399.990
Sparið 100.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 1000w 5.1
3D HEIMABÍÓ
Verð áður 149.990
Tilboð 99.990
Sparið 50.000
33% AFSLÁTTUR

Epson 3D
HEIMABÍÓSKJÁVARPI
Verð áður 199.990
Tilboð 159.990
Sparið 40.000
20% AFSLÁTTUR

Panasonic 32" Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 129.990
Tilboð 94.990
Sparið 35.000
27% AFSLÁTTUR

Thomson 39" Full HD
LED SJÓNVARP
Verð áður 119.990
Tilboð 89.990
Sparið 30.000
25% AFSLÁTTUR

Panasonic 2.1 3D
HEIMABÍÓKERFI
Verð áður 84.990
Tilboð 59.990
Sparið 25.000
29% AFSLÁTTUR

Olympus Pen DSLM
MYNDAVÉL MEÐ LINSU
Verð áður 79.990
Tilboð 59.990
Sparið 20.000
25% AFSLÁTTUR

JBL BÍLHÁTALARAR
með allt að
41% AFSLÆTTI

HEYRNARTÓL
með allt að
40% AFSLÆTTI

MYNDAVÉLAR
með allt að
38% AFSLÆTTI

HLJÓMTÆKI
með allt að
39% AFSLÆTTI

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 - LAUGARDAGA 10-16    SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**3-0** | **KR-völlur** 1099 áhorfendur | **Gunnar Jarl Jónsson (6)**

**Mörkin:** 1-0 Baldur Sigurðsson (7.), 2-0 Gary Martin (53.), 3-0 Þorsteinn Már Ragnarsson (88.)

**KR (4-3-3):** Hannes þór Halldórsson 6 - Aron Bjarki Jósepsson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Bjarni Guðjónsson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 – Baldur Sigurðsson 6 (56., Brynjar Björn Gunnarsson 6), Jónas Guðni Sævarsson 5, Atli Sigurjónsson 6 (56., Þorsteinn Már Ragnarsson 6) – Emil Atlason 5, Óskar Örn Hauksson 4, ***Gary Martin 7**.

**ÞÓR (5-3-2):** Joshua Wicks 5 –Guiseppe P Funicello 4, Atli Jens Albertsson 5, Hlynur Atli Magnússon 5, Baldvin Ólafsson 5,(66., Mark Tubæk 5), Janez Vrenko 4, (72., Jóhann Þórhallsson -) –Sveinn Elías Jónsson 5, Orri Freyr Hjaltalín 5, Edin Beslija 4 –Chukwudi Chijindu 5, Jóhann Helgi Hannesson 5 (72., Ármann Pétur Ævarsson -).

**Skot (á mark):** 15-3 (7-1) **Horn**: 9-1

**Varin skot:** Hannes Þór 1 - Wicks 4

**1-3** | **Ólafsvíkurv.** 523 áhorfendur | **Garðar Örn Hinriksson (6)**

**Mörkin:** 1-0 Björn Pálsson (3.), 1-1 Jóhann Birnir Guðmundsson (64.), 1-2 Jóhann Birnir Guðmundsson, víti (69.), 1-3 Magnús Þórir Matthíasson (90.).

**Víkingur Ó. (4-4-2):** Kaspars Ikstens 5 - Brynjar Kristmundsson 5, Damir Muminovic 6, Tomasz Luba 5, Emir Dokara 6 - Eyþór Helgi Birgisson 7 (55., Arnar Már Björgvinsson 5), Abdel-Farid Zato-Arouna 6, Björn Pálsson 5 (90., Fannar Hilmarsson -), Eldar Masic 7 - Jernej Leskovar 4 (69., Alfreð Már Hjaltalín 6), Guðmundur Steinn Hafsteinsson 7.

**Keflavík (4-4-2):** David Preece 6 - Andri Fannar Freysson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Fuad Gazibegovic 5 (90., Elías Már Ómarsson -) - Hörður Sveinsson 5 (62., ***Magnús Þórir Matthíasson 8**), Frans Elvarsson 6, Sigurbergur Elísson 7, Jóhann Birnir Guðmundsson 7 (80., Benis Krasniqi -) - Arnór Ingvi Traustason 6, Marjan Jugovic 6

**Skot (á mark):** 12-6 (4-4) **Horn**: 4-2

**Varin skot:** Ikstens 1 - Preece 2.

**visir.is**
Allt um leiki gærkvöldsins

# Framtíð mín er á Íslandi

Florentina Stanciu, landsliðsmarkvörður í handbolta, er með tilboð frá liði í heimabæ sínum í Rúmeníu, SCM Craiova. Hún hefur í hyggju að semja við liðið til eins árs en snúa svo aftur til Íslands.

**HANDBOLTI** Einn besti leikmaður N1-deildar kvenna, Florentina Stanciu, er á leið úr landi. Markvörðurinn öflugi hefur leikið með ÍBV síðastliðin ár en náði ekki samkomulagi við félagið um áframhaldandi dvöl. Hún staðfesti við Fréttablaðið í gær að hún hefði átt í viðræðum við rúmenska liðið SCM Craiova.

„Þetta er allt óljóst eins og er. Ég hef verið að tala við gamla liðið mitt sem er í sama bæ og fjölskyldan mín í Rúmeníu en það er ekki 100 prósent öruggt að ég fari þangað. Þeir hafa samþykkt munnlega að ganga að mínum kröfum en ég á enn eftir að fá það skriflega. Ef það stenst þá mun ég gera eins árs samning við félagið. Ef ekki, hætti ég við allt saman og leita annað,“ sagði Florentina í samtali við Fréttablaðið.



**LANDSLIÐSMARKVÖRÐUR** Florentina Stanciu er einn þriggja markvarða sem er við æfingar með íslenska landsliðinu nú. Hér er hún í leik með ÍBV. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vil standa mig með landsliðinu

Hún sagðist einnig hafa átt í viðræðum við tvö lið á Íslandi en vildi ekki nafngreina þau. Sögusagnir eru á kreiki um að umrædd lið séu Fram og Stjarnan en forráðamenn liðanna staðfestu við Fréttablaðið í gær að engar viðræður hefðu farið fram að svo stöddu.

„Ég vil annars lítið hugsa um þetta þessa dagana því ég vil einbeita mér að því að æfa með landsliðinu,“ sagði hún en íslenska landsliðið undirbýr sig nú fyrir mikilvæga leiki gegn Tékklandi þar sem sæti á EM er í húfi. Florentina fékk íslenskan ríkisborgararétt fyrir tveimur mánuðum og varð strax gjaldgeng með íslenska landsliðinu.

„Það er markmið mitt að standa mig eins vel og ég get með íslenska landsliðinu og því vona ég að þessi mál komist á hreint sem allra fyrst.“

Ef það kemur til þess að hún flytji til Rúmeníu með fjölskyldu sinni segir hún alveg klárt að hún muni snúa aftur til Íslands.

## Sonurinn í íslenskan skóla

„Framtíð mín er á Íslandi. Ég ætla að kaupa hús hér og ala upp börnin mín á Íslandi. En ég vil nýta tækifærið og gefa fjölskyldu minni í Rúmeníu kost á að umgangast son minn, sem er þriggja ára. Það er hentugur aldur til þess að flytja því þegar hann kemst á skólaaldur vil ég að hann gangi í skóla á Íslandi,“ sagði hún og bætti við að það hefði haft mikið að segja í viðræðum sínum við SCM Craiova.

„En ef það gengur ekki upp þá verð ég ánægð hvar sem ég enda. Ég er jákvæð persóna og kvíði því ekki að kynnast einhverju nýju,“ bætir hún við að lokum.

Ísland leikur gegn Tékklandi, heima og að heiman, dagana 2. og 8. júní næstkomandi.

eirikur@frettabladid.is

## Dröfn í ÍBV

ÍBV hefur fundið arftaka Florentinu Stanciu því Dröfn Haraldsdóttir, leikmaður FH, samdi við liðið í fyrradag. Jón Gunnlaugur Viggósdóttir, nýráðinn þjálfari ÍBV, staðfesti það við Fréttablaðið.

„Hún er frá Vestmannaeyjum og er því að koma heim,“ sagði Jón sem segir að lið sitt verði fyrst og fremst byggt upp á heimamönnum.

**4-1** | **Kópavogsvöll.** 740 áhorfendur | **Erlendur Eiríksson (7)**

**Mörkin:** 0-1 Eggert Kári Karlsson (43.), 1-1 Elfar Árni Aðalsteinsson (83.), 1-2 Nichlas Rohde (84.), 1-3 Ellert Hreinsson (87.), 1-4 Elfar Árni Aðalsteinsson (89.).

**Breiðablik (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 5 - Tómas Óli Garðarsson 5, Sverrir Ingi Ingason 5, Renee Troost 5, Kristinn Jónsson 6, Finnur Orri Margeirsson 6–Andri Rafn Yeoman 5( 68. Viggó Kristjánsson 6), Guðjón Pétur Lýðsson 6, ***Elfar Árni Aðalsteinsson 7**–Árni Vilhjálmsson 6 (68., Ellert Hreinsson 6), Nichlas Rohde 6.

**ÍA (4-3-3):** Páll Gísli Jónsson 4, Einar Logi Einarsson 4, Kári Ársælsson 4, Ármann Smári Björnsson 4, Jan Mikel Berg 5 (81., Dean Martin -), Maksims Rafalskis 4, Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Jón Vilhelm Ákason 6, Andri Adolphsson 6 , Joakim Wrele 5 (72., Theodore Eugene Furness 5).Eggert Kári Karlsson 6 (78., Þórður Birgisson -).

**Skot (á mark):** 13-3 (7-1) **Horn**: 7-1

**Varin skot:** Gunnleifur 0 - Páll Gísli 3

**1-1** | **Vodafone-v.** | **Valgeir Valgeirsson (6)**

**Mörkin:** 0-1 Hólmbert Aron Friðjónsson (36.), 1-1 Kolbeinn Kárason (46.)

**Valur (4-3-3):** Fjalar Þorgeirsson 5 - Jónas Tór Næs 6, Magnús Már Lúðvíksson 7, Matarr Jobe 3 (40., ***Rúnar Már Sigurjónsson 7**), Bjarni Ólafur Eiríksson 6 - Haukur Páll Sigurðsson 7, Andri Fannar Stefánsson 4 (46., Matthías Guðmundsson 5), Iain James Williamsson 5 - James Hurst 6, Kristinn Freyr Sigurðsson 5, Kolbeinn Kárason 5 (84. Björgúlfur Takefusa -)

**Fram (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Alan Lowing 6, Ólafur Örn Bjarnason 6, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 7, Jordan Halsman 6 - Jón Gunnar Eysteinsson 4 (70., Viktor Bjarki Arnarsson 5), Samuel Hewson 5, Hólmbert Aron Friðjónsson 7 (78., Haukur Baldvinsson -) - Kristinn Ingi Halldórsson 5, Almarr Ormarsson 5 (87., Helgi Sigurðsson -), Steven Lennon 5.

**Skot (á mark):** 11-8 (7-5) **Horn**: 2-3

**Varin skot:** Fjalar 4 - Ögmundur 5

**0-1** | **Fylkisvöllur** 952 áhorfendur | **Örvar Sær Gíslason (7)**

**Mörkin:** 0-1 Kennie Knak Chopart (82.)

**Fylkir (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 7 - Davíð Þór Ásbjörnsson 5, - Sverrir Garðarsson 6, Ásgeir Eyþórsson 5, Tómas Þorsteinsson 6 - Finnur Ólafsson 5 - Pablo Punyed 6 (90. Egill Trausti Ómarsson-), - Elís Rafn Björnsson 4 (76. Kristján Páll Jónsson -) - Heiðar Geir Júlíusson 4 (74. Oddur Ingi Guðmundsson -), Tryggvi Guðmundsson 5, Viðar Örn Kjartansson 6..

**Stjarnan (4-4-2):** Ingvar Jónsson 6 - Jóhann Laxdal 6, Daníel Laxdal 5, Martin Rauschenberg 6, Hörður Árnason 6 - Ólafur Karl Finsen 5 (60. Kennie Knak Chopart 7), Atli Jóhannsson 5 ( 46. Baldvin Sturluson 5), Michael Præst 6, Halldór Orri Björnsson 7 - ***Veigar Páll Gunnarsson 7**, Garðar Jóhannsson 5.

**Skot (á mark):** 9-10 (2-7) **Horn**: 3-8

**Varin skot:** Bjarni Þórður 5 - Ingvar 2

**1-1** | **Kaplakrikav.** 1817 áhorfendur | **Kristinn Jakobsson (6)**

**Mörkin:** 1-0 Atli Guðnason (30.), 1-1 Víðir Þorvarðarson (45.).

**FH (4-3-3):** ***Róbert Örn Óskarsson 7** - Guðjón Árni Antoníusson 5, Guðmann Þórisson 6, Freyr Bjarnason 6, Sam Tillen 7 - Björn Daníel Sverrisson 7, Brynjar Ásgeir Guðmundsson 4 (81., Viktor Örn Guðmundsson -), Emil Pálsson 4 (72., Dominic Furness -) - Ólafur Páll Snorrason 6, Ingimundur Níels Óskarsson 4 (65., Atli Viðar Björnsson 6), Atli Guðnason 6.

**ÍBV (4-4-2):** David James 5 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Eiður Aron Sigurbjörnsson 6, Matt Garner 6 - Tonny Mawejje 6 (90., Ragnar Leósson -), Ian David Jeffs 6, Gunnar Þorsteinsson 7, Bradley Simmonds 4 (65., Ragnar Pétursson 5) - Gunnar Már Guðmundsson 6, Víðir Þorvarðarson 6.

**Skot (á mark):** 6-7 (1-4) **Horn**: 3-4

**Varin skot:** Róbert Örn 3 - James 0

## PEPSI DEILDIN 2013

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 3 | 3 | 0 | 0 | 7-1 | 9 |
| FH | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-2 | 7 |
| ÍBV | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-2 | 7 |
| Valur | 3 | 2 | 1 | 0 | 6-3 | 7 |
| Breiðablik | 3 | 2 | 0 | 1 | 9-6 | 6 |
| Stjarnan | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-4 | 6 |
| Fram | 3 | 1 | 2 | 0 | 4-3 | 5 |
| Keflavík | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-5 | 3 |
| Fylkir | 3 | 0 | 1 | 2 | 2-4 | 1 |
| Víkingur Ó. | 3 | 0 | 0 | 3 | 4-8 | 0 |
| ÍA | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-8 | 0 |
| Þór | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-10 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Mánudagur 20. maí**:
17.00 ÍBV - KR Hásteinsvöllur
17.00 Þór - Víkingur Ó. Þórsvöllur
19.15 Keflavík - Fylkir Nettóvöllurinn

**Þriðjudagur 21. maí**:
19.15 Stjarnan - Valur Samsung-völlurinn
19.15 ÍA - Fram Norðurálsvöllurinn
20.00 Breiðablik - FH Kópavogsvöllur



NÝTT

# Senseo®

## ILMANDI FERSKT GÆÐAKAFFI Á HVERJUM EINASTA DEGI




UPPGÖTVAÐU NÝJAN BRAGÐHEIM SENSEO

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**FM957 kl. 16-18**

### FM95BLÖ



Auðunn Blöndal og Egill Einarsson sjá um þáttinn FM95BLÖ alla föstudaga og koma fram undir heitinu 2 harðir. Á milli þess sem þeir spila vinsælustu tónlist samtímans skemmta þeir landanum með alls kyns sprelli og leik.



### Change of Plans

**RÚV KL.20.55 BANDARÍSK** sjónvarpsmynd um hjónin Sally og Jason. Þau voru mjög ánægð með líf sitt en það tók gríðarlegum breytingum þegar þau fengu fjögur börn í fóstur eftir hörmulegt slys.

Rotten Tomatoes 92% IMDb 5,5



### Killers

**SKJÁR 1 KL. 23.30** Ashton Kutcher leikur hér leigumorðingja sem sest í helgan stein þegar hann kynnist hinni heillandi Jen. Þau gifta sig en þremur árum síðar kemst hann að því að hann er sjálfur orðinn að skotmarki.

Rotten Tomatoes 11% IMDb 5,2



### The Nines

**STÖÐ 2 KL. 23.10** Spennandi og yfirnáttúruleg mynd þar sem fylgst er með lífi þriggja listamanna sem fara í mikla sálarskoðun. Líf þeirra allra fléttast svo óvænt saman og í ljós kemur að þeir eiga ýmislegt sameiginlegt.

Rotten Tomatoes 64% IMDb 6,4

**> Stöð 2 kl. 20.05**

### Spurningabomban

Það er komið að síðasta þættinum fyrir sumarfrí af Spurningabombunni með Loga Bergmann og óhætt að lofa miklu fjöri. Það eru sannkölluð úrvalslið fjórkálfa sem mætast því grínistarnir Anna Svava Knútsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson eru saman í liði en mótherjarnir eru leikararnir Bergur Þór Ingólfsson og Katla Margrét Þorgeirsdóttir.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** *(4:22)*
**08.30 Ellen** *(147:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(83:175)*
**10.15 Celebrity Apprentice** *(7:11)*
**11.50 The Mentalist** *(1:22)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Stóra þjóðin** *(3:4)*
**13.30 Jack and Jill vs. the World** Rómantísk gamanmmynd með Freddie Prinze Jr. og Taryn Manning og fjallar um par sem er með allt sitt á hreinu en á þó erfitt með skuldbindingar.
**15.05 Sorry I've Got No Head**
**15.35 Leðurblökumaðurinn**
**16.00 Scooby-Doo!**
**16.25 Ævintýri Tinna**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(148:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(14:22)*
**19.40 Týnda kynslóðin** *(34:34)* Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem munu fá til sín landskunna gesti í skemmtileg og óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni í formi innslaga af ýmsu tagi.
**20.05 Spurningabomban** *(21:21)*
**20.55 American Idol** *(36:37)(37:37)* Það eru aðeins tveir söngvarar eftir í American Idol og sigurvegarinn verður því krýndur í kvöld.
**23.10 The Nines** Með aðalhlutverk fara Ryan Reynolds og Melissa McCarthy.
**00.50 Drunkboat** Dramatísk mynd með John Malkovich og John Goodman í aðalhlutverkum.
**02.25 Into The Blue 2. The Reef** Spennumynd um kafara sem fá það verkefni að finna fornan fjársjóð Kólumbusar.
**03.55 Babylon A.D.** Hörkuspennandi framtíðartryllir með Vin Diesel í aðalhlutverki.
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## BÍÓ

**11.40 Ramona and Beezus**
**13.25 Tooth Fairy**
**15.05 The Break-Up**
**16.50 Ramona and Beezus**
**18.35 Tooth Fairy**
**20.15 The Break-Up**
**22.00 Unstoppable**
**23.35 Harry Brown**
**01.20 Gentlemen's Broncos**
**02.50 Unstoppable**

## GULL

**20.00 Það var lagið**
**21.00 A Touch of Frost** *(4:4)*
**22.45 Entourage 8** *(8:8)*
**23.15 Það var lagið**
**00.10 A Touch of Frost** *(4:4)*
**01.55 Entourage 8** *(8:8)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SPORT *besta sætið*

**16.55 Pepsi deildin: FH – ÍBV**
**18.45 Pepsi mörkin 2013**
**20.00 Meistaradeild Evrópu**
**20.30 La Liga Report** H
**21.00 2013 Augusta Masters**
**01.00 NBA 2012/2013 – Playoffs Games**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Sunnudagsmessan**
**15.15 Man. Utd. – Swansea**
**17.50 Fulham – Liverpool**
**19.30 Premier League World 2012/13**
**21.00 Premier League Preview Show 2012/13**
**21.30 PL Classic Matches: West Ham – Sheffield Wed, 1999**
**22.00 Sunderland – Southampton**
**23.40 Premier League Preview Show 2012/13**
**00.10 Stoke – Tottenham**

## krakkar

**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.25 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.50 Histeria!**
**16.15 Lukku-Láki**
**16.40 Skógardýrið Húgó**
**17.05 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.15 Kalli kanína og félagar**
**17.25 M.I. High**
**17.50 Ofuröndin**
**18.15 Sorry I've Got No Head**
**18.45 iCarly** *(9:25)*
**19.05 Victorious**
**19.30 Big Time Rush**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randver **21.30** Eldað með Holta

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**17.20 Íslenski listinn**
**17.50 Pretty Little Liars** *(10:22)*
**18.35 Sjáðu**
**19.00 Friends**
**19.25 Simpson-fjölskyldan** *(20:22)*
**19.45 Two and a Half Men** *(13:24)* Charlie tekst loks að fá stelpu sem hann hefur lengi dreymt um á stefnumót. Það kemur babb í bátinn þegar þeir Alan fá flensu. Charlie er samt sem áður ekki á því að fresta stefnumótinu.
**20.10 Crusoe** *(5:13)* Ævintýralegir spennuþættir sem byggðir eru á klassískri sögu Daníels Defoe um mann að nafni Robinson Crusoe og líf hans á afskekktri eyðieyju eftir að hafa siglt þar í strand.
**20.55 The O.C** *(21:25)*
**21.40 Hellcats** *(17:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í keppnisfullan heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.20 Dollhouse** *(13:13)*
**23.05 Crusoe** *(5:13)*
**23.45 The O.C** *(21:25)*
**00.25 Hellcats** *(17:22)*
**01.10 Dollhouse** *(13:13)*
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## RÚV

**10.30 HM í íshokkí** *(e)*
**12.00 HM í íshokkí** *(e)*
**13.40 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Upptaka frá seinni forkeppninni í Malmö í Svíþjóð.
**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**17.20 Babar**
**17.42 Unnar og vinur**
**18.05 Hrúturinn Hreinn**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hljómskálinn** *(4:4) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Saga Eurovision** Regína Ósk, Friðrik Ómar og Selma Björns flytja nokkrar af helstu perlunum úr sögu Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.
**20.55 Óvænt fjölskyldulíf** *(Change of Plans)* Leikstjóri er John Kent Harrison og meðal leikenda eru Brooke White, Joe Flanigan og Phylicia Rashad. Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2011.
**22.30 Eftirlýstur** *(Wanted)* Ungur maður kemst að því að hann er sonur atvinnumorðingja og fylgir í fótspor föður síns. Leikstjóri er Timur Bekmambetov og meðal leikenda eru Angelina Jolie, James McAvoy og Morgan Freeman. Bandarísk bíómynd frá 2008. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.20 Riddararnir** *(Horsemen) (e)*
**01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Charlie's Angels** *(8:8)*
**16.00 Necessary Roughness** *(7:12)*
**16.45 How to be a Gentleman** *(1:9)*
**17.10 The Office** *(6:24)*
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Royal Pains** *(2:16)* Bandarísk þáttaröð sem fjallar um Hank sem er einkalæknir ríka og fræga fólksins í Hamptons.
**19.00 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Pátttakendur kvöldsins eru Heather Santora og Bobby Demars.
**19.45 The Ricky Gervais Show** *(4:13)* Teiknimyndasería frá Ricky Gervais og Stephen Merchant.
**20.10 Family Guy** *(4:22)*
**20.35 America's Funniest Home Videos** *(22:44)*
**21.00 The Voice** *(8:13)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem leitað er að hæfileikaríku tónlistarfólki.
**23.30 Killers** Stórskemmtilegur grínhasar með Ashton Kutcher og Katherine Heigl í aðalhlutverkum.
**01.10 Excused**
**01.35 Psych** *(1:16)*
**02.20 Lost Girl** *(7:22)*
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** HP Byron Nelson Championship **2013** *(1:4)* **10.00** World Golf Championship **2013** *(4:4)* **15.40** HP Byron Nelson Championship **2013** *(1:4)* **18.35** Inside the PGA Tour *(20:47)* **19.00** HP Byron Nelson Championship **2013** *(2:4)* **22.00** Arnold Palmer Invitational **2013** *(5:5)* **01.35** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Eina sérverslun landsins
með grill og garðhúsgögn
Grillbúðin
Nýtt kortatímabil
www.grillbudin.is
LANDMANN
Er frá Þýskalandi
VELDU GRILL SEM ENDIST OG ÞÚ SPARAR
TEST WINNER!
GARVIDA
EXTERIEUR
Frá Þýskalandi
Garðhúsgögn í
hæsta gæðaflokki
Komdu og fáðu ráðleggingar
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

HELGIN



**„Ég ætla að horfa á Eurovision. Það gæti verið að ég kíki í heimsókn, mér finnst bara gaman að horfa á keppnina í góðu boði. Annars fer helgin aðallega í að undirbúa myndina mína, Sumarbörnin.“**

Guðrún Ragnarsdóttir, leikstjóri og kvikmyndagerðamaður.

# Réðu Chris Pine í stað Tobey Maguire

Íslenska fyrirtækið Zik Zak hefur ráðið Chris Pine og Amöndu Seyfried í myndina Z For Zachariah.

Hollywood-stjörnurnar Chris Pine og Amanda Seyfried hafa verið ráðin í aðalhlutverkin í kvikmyndinni Z For Zachariah. Framleiðendur eru íslenska fyrirtækið Zik Zak, Palomar Pictures sem er í eigu Sigurjóns Sighvatssonar, leikarinn Tobey Maguire og Matthew Plouffe. Breski leikarinn Chiwetel Ejiofor hefur einnig bæst í leikarahópinn.

Maguire átti að leika hlutverkið sem Pine var ráðinn í en ekkert varð af því. „Við ákváðum að hætta við það. Okkur fannst það henta betur að það væri önnur týpa í því hlutverki,“ segir Skúli Malmquist hjá Zik Zak, sem er mjög ánægður með að hafa fengið Pine í myndina. Hann er einn af eftirsóttustu ungu leikurunum í Hollywood um þessar mundir. Nýjasta mynd hans er Star Trek Into Darkness en sú næsta, Jack Ryan, verður frumsýnd um jólin vestanhafs. Amanda Seyfried sló í gegn í Mamma Mia! Nú síðast lék hún í annarri söngvamynd, Les Misérables.

Z For Zachariah er byggð á bók Roberts O´Brien og fjallar um unglingsstúlku sem býr ein á sveitabæ í eina dalnum þar sem hægt er að anda sér hreinu lofti eftir kjarnorkustyrjöld. Þegar tveir ókunnugir menn birtast breytist heimur hennar til mikilla muna.

Búið er að fjármagna myndina að fullu og hefst framleiðslan í ágúst. - fb



**CHRIS PINE** Hollywood-stjarnan leikur í Z For Zachariah. NORDICPHOTOS/GETTY




# Frank Ocean syngur í Laugardalshöll í júlí

Bandaríski tónlistarmaðurinn Frank Ocean stígur á svið í Laugardalshöllinni. Hann er einn heitasti listamaður samtímans og átti eina bestu plötu síðasta árs.

„Við erum ótrúlega spenntir fyrir því að hafa náð að landa tónlistarmanni sem er sjóðandi heitur núna,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Senu.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Frank Ocean verður með tónleika í Laugardalshöllinni 16. júlí. „Það síðasta sem hann gerir áður en hann kemur til Íslands er að koma fram á tónlistarhátíð í London með Justin Timberlake. Það sýnir svolítið hversu frægur hann er,“ segir Ísleifur. „Við erum búnir að vinna lengi í því að fá einhvern ungan og ferskan tónlistarmann á uppleið til landsins. Hann er einn heitasti listamaður samtímans og það er brjálæðislegt „buzz“ í kringum hann. Það er ótrúlega strembið fyrir litla Ísland að ná svona mönnum.“

Hinn 26 ára Ocean frá New Orleans hóf feril sinn sem lagahöfundur fyrir stjörnur á borð við Beyoncé Knowles, Brandy, Justin Bieber og John Legend. Í fyrra kom út hans fyrsta sólóplata, Channel Orange, sem hefur slegið í gegn um heim allan. Þar blandaði hann saman R&B, poppi og rappi á silkimjúkan og grípandi hátt. Ocean hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir plötuna, þar á meðal tvenn Grammy-verðlaun, Brit-verðlaun sem besti alþjóðlegi karlkyns listamaðurinn og Q-verðlaunin sem bjartasta vonin.

Um síðustu áramót toppaði Channel Orange svo marga árslista fjölmiðla og gagnrýnenda um allan heim og annað eins hefur varla sést. Meðal þeirra sem völdu hana bestu plötu ársins eru til dæmis Spin, Mojo, The New York Times, Time og Washington Post, auk þess sem hún var efst á blaði hjá tónlistarsérfræðingum Fréttablaðsins. Á vefsíðunni Metacritic, sem tekur saman einkunnir allra helstu gagnrýnenda heims, var Channel Orange með langhæsta meðaltalið fyrir síðasta ár.



**TIL ÍSLANDS** Tónlistarmaðurinn Frank Ocean verður í Laugardalshöll 16. júlí. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fimm þúsund miðar í boði

Miðasala á tónleikana hefst miðvikudaginn 29. maí kl. 10 á Midi.is. Selt er á tvö svæði. Verð í númeruð sæti í stúkunni er 13.900 krónur en verð standandi í sal er 8.900 krónur. Í heildina eru fimm þúsund miðar í boði en aðeins eitt þúsund sæti. Engir aukatónleikar verða haldnir.

Til marks um þá stöðu sem Frank Ocean hefur skapað sér þá er hann að finna á lista tímaritsins Time í ár yfir 100 áhrifamestu einstaklinga heims.

Mikla athygli vakti þegar hann tilkynnti á Tumblr-síðu sinni í fyrra að þegar hann var nítján ára hefði hann orðið ástfanginn af öðrum karlmanni. Hann varð þar með einn fyrsti frægi, þeldökki bandaríski tónlistarmaðurinn til að greina opinberlega frá samkynhneigð sinni. Það er sérlega athyglisvert í ljósi þess að bandaríska hipphopptónlistarsenan er þekkt fyrir fordóma sína gegn samkynhneigðum. freyr@frettabladid.is

# Atmo lokað síðar í mánuðinum

Hönnunarhúsið Atmo lokar þann 26. maí vegna erfiðs rekstrarumhverfis.

„Við vildum enda þetta á góðum nótum,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri hönnunarhússins Atmo, en í gær kom í ljós að verslunin verður lokað þann 26. maí.

Ásta segir ástæður fyrir lokuninni vera meðal annars óstöðugt aðgengi að vörum hjá birgjum verslunarinnar sem í langflestum tilvikum eru lítil en vaxandi íslensk hönnunarfyrirtæki. Húsið var opnað um miðjan nóvember í fyrra og hefur dregið til sín um 35 þúsund gesti og viðskiptavini á þeim tíma. Ásta segir mikla eftirsjá vera að versluninni en ákvörðunin um að loka sé óhjákvæmileg. Meðal annars þurfi að bæta rekstrarumhverfi íslenskra hönnuða eigi verslun á borð við Atmo að ganga upp. Háir tollar, aðflutningsgjöld og hár virðisaukaskattur á hönnunarvöru geri fyrirtækjum og smásölum erfitt fyrir.„Við höfum fengið mikil viðbrögð við þessum fréttum og öllum finnst mjög leiðinlegt að við þurfum að loka,“ segir Ásta og ítrekar að starfsemin hafi verið góð reynsla og vonandi sé hægt að endurtaka leikinn síðar. „Ég skora á nýja ríkisstjórn að skoða að gera eitthvað fyrir íslenska hönnun svo að þessi grein deyi ekki út.“ Dagana 17.-26.maí verður lokasala í húsnæðinu á vegum hönnuðanna sjálfra. - áp



ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

**90** íslensk vörumerki seldu hönnun sína í Atmo.

**MIKIL EFTIRSJÁ** Ásta Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Atmo, hefur fengið mikil viðbrögð við því að verslunin hættir í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

№91

# VORBOÐINN LJÚFFENGI

## HEALTHY

# CHICKEN STYLE




American Style

Bíldshöfða | Dalshrauni | Nýbýlavegi | Skipholti | Tryggvagötu

Brandenburg

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Nýr starfstitill

Fyrrverandi blaðamaðurinn **Atli Fannar Bjarkason** hefur verið ráðinn aðstoðarmaður formanns Bjartrar framtíðar, Guðmundar Steingrímssonar. Atli Fannar gegndi stöðu framkvæmdastjóra flokksins í kosningabaráttunni en þessi nýstofnaði flokkur fékk sex þingmenn kjörna inn á Alþingi. Atli Fannar segist á Facebook-síðu sinni hlakka til að takast á við hið nýja starf og kynnast störfum Alþingis frá fyrstu hendi, sem og að taka þátt í frekari uppbyggingu Bjartrar framtíðar. **- áp**



### Ísþjóðin hittir Ásgeir Trausta

Nú standa yfir tökur á þriðju þáttaröð Ísþjóðarinnar, þætti **Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur**, eins og Fréttablaðið hefur greint frá áður. Fyrir skemmstu voru Ragnhildur og félagar í London að hitta Gylfa Þór Sigurðsson fótboltamann. Nú eru þau komin aftur til stórborgarinnar, í þetta skipti fylgja þau tónlistarmanninum Ásgeiri Trausta. Í millitíðinni var verðandi yngsta þingmanni Íslands, Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, fylgt eftir. **- þeb**



### Mest lesið vísir

1 Foreldrar bregðast við tíðindum af broti gegn litlu stelpunni
2 Efnahagsstefna Íslendinga bjargaði mannslífum
3 Sjö þúsund Íslendingar bera í sér banvænt krabbameinsgen
4 OJ segist ekki hafa brotið lög vísvitandi
5 Vildu ekki lána fyrir sjötta árinu




★★★★
„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga.“
BJØRN BREDAL / POLITIKEN
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

